

Endurskoðun ríkisreiknings 2001



RÍKISENDURSKOÐUN

Nóvember 2002

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR.....	9
2	AFKOMA OG FJÁRHAGSSTAÐA RÍKISSJÓÐS	15
	Höfuðstóll	17
	Endurmat á rekstur.....	18
	YFIRLIT UM TEKJUR RÍKISSJÓÐS	19
	Tekjuskattur og staðgreiðsla opinberra gjalda	20
	Virðisaukaskattur	20
	Tryggingagjald	21
	Vörugjöld og aðrir sértækir veltuskattar	21
	Sala á hlutabréfum, fasteignum, jörðum og jarðarhlutum.....	21
	YFIRLIT UM GJÖLD RÍKISSJÓÐS	23
	Rekstrargjöld	23
	Rekstrar- og neyslutilfærslur	24
	Önnur gjöld	24
	PRÓUN RÍKISFJÁRMÁLA FRÁ 1997	24
	Langtímakröfur	25
	Eignarhlutir í fyrirtækjum og stofnunum.....	26
	Óinnheimtar ríkistekjur.....	26
	Hreint veltufé.....	27
	Varanlegir rekstrarfjármunir ríkissjóðs án fasteigna	27
	Langtímaskuldir	28
	Eigið fé	30
	Sjóðstreymi	30
	Lánsfjárfjöfnuður.....	31
3	INNRA EFTIRLIT OG INNRI ENDURSKOÐUN	37
	ÚTTEKTIR RÍKISENDURSKOÐUNAR Á INNRA EFTIRLITI	38
	INNRA EFTIRLIT	39
	INNRI ENDURSKOÐUN	45
4	SÉRSTAKAR ÁHERSLUR Í ENDURSKOÐUN Á ÁRINU 2001	47
	SAMSKIPTI STOFNANA VIÐ BIRGJA	47
	FJÁRVARSLA.....	49
	VIRÐISAUKASKATTASKYLD STARFSEMI.....	49
	LAUNAÁKVARÐANIR VEGNA YFIRMANNA.....	50
	INNRA EFTIRLIT	51
5	ENDURSKOÐUN Á EFNAHAG RÍKISSJÓÐS	53
	HANDBÆRT FÉ RÍKISSJÓÐS	53
	SKAMMTÍMAKRÖFUR.....	54
	Tryggingafé vegna gjaldprotaskipta	54
	SKAMMTÍMASKULDIR.....	56
	HLUTABRÉF	57
	VEITT LÁN RÍKISSJÓÐS	59
	VEITT ENDURLÁN	60
	VANSKIL LÁNA HJÁ ENDURLÁNUM RÍKISSJÓÐS	60

VEITT LÁN ÖNNUR EN HJÁ ENDURLÁNUM RÍKISSJÓÐS.....	61
AFSKRIFTIR LÁNA HJÁ RÍKISSJÓÐI	62
LANGTÍMASKULDIR	63
LÍFEYRISSKULDBINDINGAR	63
INNBOGANIR RÍKISSJÓÐS TIL LSR OG LH	65
LANGTÍMAFJÁRMÖGNUN RÍKISSJÓÐS.....	65
INNLEND LÁNTAKA	66
Lántökukostnaður vegna tekinnna innlendra lána.....	66
Spariskírteini.....	67
Ríkisbréf og ríkisvixlar.....	68
Tekin innlend lán án endurlána	68
ERLEND LÁNTAKA.....	69
Lántökur árið 2001	70
Gengismunur erlendra lána ríkissjóðs	71
RÍKISÁBYRGÐIR.....	72
Töp vegna veittra úttfningsábyrgða.....	73
6 ENDURSKOÐUN RÍKISSJÓÐSTEKNA.....	75
ÁÆTLANIR OG UPPGJÖR Á VIRÐISAUKASKATTI.....	75
Áætlanir í virðisaukaskatti	75
TRYGGINGAGJALD	78
BEINAR AFSKRIFTIR	79
NIÐURFÆRSLA RÍKISTEKNA.....	80
Staða niðurfærslureiknings	80
Breytingar á forsendum	81
EFTIRSTÖÐVAR RÍKISTEKNA	81
Opinber gjöld	82
Virðisaukaskattur	83
Tryggingagjald utan staðgreiðslu	84
Sóluskattur og launaskattur.....	84
Þungaskattur	85
SKULDBREYTINGAR OG NAUÐSAMNINGAR ÁRIÐ 2001	85
SALA EIGNA	85
7 ENDURSKOÐUN A-HLUTA STOFNANA OG FJÁRLAGALÍÐA.....	87
AÐALSKRIFSTOFUR RÁÐUNEYTANNA	87
Fjárheimildir.....	87
Innra eftirlit.....	89
Tekjur	90
Launaákvörðanir vegna yfirmanna og launaafgreiðsla starfsmanna.....	90
Samanburður launagjalda milli ára	91
Samskipti við birgja.....	92
Samanburður annarra rekstrargjalda milli ára	93
Samanburður eignakaupa milli ára	94
Samanburður tilfærslna milli ára	95
Sjóðir og bankareikningar	96
Viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir	96
Greiðslustaða gagnvart ríkissjóði	97
Gæsla fjármuna	97
Virðisaukaskattur	98
FRAMHALDSSKÓLAR.....	98
Fjárheimildir og fjárhagsstaða	99
Innra eftirlit.....	101
Tekjur	102
Launaákvörðanir vegna yfirmanna og launaafgreiðsla starfsmanna.....	103
Samanburður launagjalda milli árana 2000 og 2001	104
Samskipti við birgja.....	105

Samanburður annarra rekstrargjalda milli ára	105
Samanburður eignakaupa milli ára	107
Sjóðir og bankareikningar	108
Viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir	108
Greiðslustaða gagnvart ríkissjóði	109
Gæsla fjármuna	110
Virðisaukaskattskil.....	110
EMBÆTTI SÝSLUMANNA	111
Fjárheimildir og fjárhagsstaða	111
Innra eftirlit.....	112
Tekjur	113
Launaávarðanir vegna yfirmanna og launaafgreiðslu starfsmanna.....	113
Samanburður launagjalda milli áráanna 2000 og 2001	113
Samskipti við birgja.....	115
Samanburður annarra rekstrargjalda milli ára	115
Eignakaup.....	116
Handbært fé.....	117
Viðskiptareikningar	118
Greiðslustaða við ríkissjóð.....	118
Varðveisla fjármuna.....	119
Virðisaukaskattskil.....	119
SKATTKERFIÐ	120
Fjárheimildir og fjárhagsstaða	120
Innra eftirlit.....	121
Tekjur	121
Launaávarðanir vegna yfirmanna og launaafgreiðslu starfsmanna.....	122
Önnur gjöld, án eignakaupa	122
Eignakaup.....	124
Handbært fé.....	124
Viðskiptareikningar	125
Viðskiptareikningur ríkissjóðs	125
Virðisaukaskattskil.....	126
ALMENNAR ATHUGASEMDIR OG ÁBENDINGAR	126
Fjárheimildir og rekstur	126
Áætlanagerð	126
Stjórnskipulag.....	127
Samþykktar og áritunarkerfi.....	127
Færsla og afstemming bókhalds	127
Bankareikningar	127
Viðskiptareikningar	127
Birgðir.....	128
Tekjur	128
Launagjöld.....	128
Önnur rekstrargjöld	128
Eignaskrá.....	129
Annað.....	129
FJÁRMAGNSKOSTNAÐUR	129
8 ENDURSKOÐUN FYRIRTÆKJA Í B-, C-, D- OG E- HLUTA	133
ENDURSKOÐUN B- HLUTA RÍKISREIKNINGS	133
ENDURSKOÐUN C- HLUTA RÍKISREIKNINGS	135
ENDURSKOÐUN D- HLUTA RÍKISREIKNINGS	136
ENDURSKOÐUN E- HLUTA RÍKISREIKNINGS	137
9 ENDURSKOÐUN AÐILA SEM ERU AÐ HLUTA Í RÍKISREIKNINGI.....	139
LÍFEYRISSJÓÐIR.....	139
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR)	140

	<i>Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga (LH)</i>	142
	ÞJÓÐKIRKJAN	143
10	ÚTTEKTIR Á UPPLÝSINGAKERFUM	147
	TÖLVUKERFI SÝSLUMANNA	147
	NÝTT FJÁRHAGS- OG MANNAUÐSKERFI RÍKISINS	148
11	FRAMKVÆMD FJÁRLAGA Á ÁRINU 2001	151
	REGLUGERÐ UM FRAMKVÆMD FJÁRLAGA OG ÁBYRGÐ Á FJÁRREIÐUM RÍKISSTOFNANA Í A- HLUTA	153
	FLUTNINGUR FJÁRHEIMILDA MILLI ÁRA	155
	SAMANBURÐUR ÚTKOMU ÁRIÐ 2001 VIÐ FJÁRHEIMILDIR	156

Töflur

TAFLA 1	FJÖLDI ENDURSKOÐAÐRA STOFNANA OG FJÁRLAGALIÐA	10
TAFLA 2	BREYTING HÖFUÐSTÓLS RÍKISSJÓÐS 2000 OG 2001	17
TAFLA 3	HEILDARTEKJUR RÍKISSJÓÐS	19
TAFLA 4	TEKJUR AF SÖLU EIGNA	21
TAFLA 5	HEILDARGJÖLD RÍKISSJÓÐS	23
TAFLA 6	REKSTUR OG EFNAHAGUR RÍKISSJÓÐS (A-HLUTA) 1997 - 2001	25
TAFLA 7	LANGTÍMAKRÖFUR RÍKISSJÓÐS (A-HLUTA) 1997 - 2001	26
TAFLA 8	EIGNARHLUTAR RÍKISSJÓÐS (A-HLUTA) 1997 - 2001	26
TAFLA 9	ÓINNHEIMTAR RÍKISTEKJUR 1997 - 2001	27
TAFLA 10	VELTUFJÁRMUNIR OG SKAMMTÍMASKULDIR RÍKISSJÓÐS (A-HLUTA) 1997 - 2001	27
TAFLA 11	VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR RÍKISSJÓÐS (A-HLUTA) ÁRIÐ 2001 ÁN FASTEIGNA	28
TAFLA 12	LANGTÍMASKULDIR RÍKISSJÓÐS (A-HLUTA) 1997 - 2001	29
TAFLA 13	LANGTÍMASKULDIR RÍKISSJÓÐS (A-HLUTA) ÁN LÍFEYRISSKULDBINDINGA 1997 - 2001	29
TAFLA 14	LÍFEYRISSKULDBINDINGAR RÍKISSJÓÐS (A-HLUTA) 1997 - 2001	30
TAFLA 15	EIGIÐ FÉ RÍKISSJÓÐS (A-HLUTA) 1997 - 2001	30
TAFLA 16	HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI 1997 - 2001	31
TAFLA 17	LÁNSFJÁRJÖFNUÐUR RÍKISSJÓÐS (A-HLUTA) 1997 - 2001	32
TAFLA 18	REKSTRARREIKNINGUR RÍKISSJÓÐS (A-HLUTA)	33
TAFLA 19	EFNAHAGSREIKNINGUR RÍKISSJÓÐS (A-HLUTA) 31. DESEMBER	34
TAFLA 20	SJÓÐSTREYMI RÍKISSJÓÐS (A-HLUTA)	35
TAFLA 21	SKAMMTÍMAKRÖFUR RÍKISSJÓÐS	54
TAFLA 22	KRÖFUR RÍKISSJÓÐS Á ÞROTABÚ	55
TAFLA 23	SKAMMTÍMASKULDIR RÍKISSJÓÐS	57
TAFLA 24	RÁÐSTÖFUN SÖLUANDVIRÐIS ORKUBÚS VESTFJARÐA	58
TAFLA 25	VEITT LÁN RÍKISSJÓÐS, HEILDARYFIRLIT	59
TAFLA 26	STAÐA VEITTRA LÁNA RÍKISSJÓÐS HJÁ ENDURLÁNUM	60
TAFLA 27	VEITT LÖNG LÁN RÍKISSJÓÐS, ÁN ENDURLÁNA	61
TAFLA 28	SKIPTING AFSKRIFTAREIKNINGS RÍKISSJÓÐS 2001 OG 2000	62
TAFLA 29	STAÐA LANGTÍMASKULDA OG SKULDBINDINGA RÍKISSJÓÐS 2001 OG 2000	63
TAFLA 30	LÍFEYRISSKULDBINDINGAR RÍKISSJÓÐS 2001 OG 2000	63
TAFLA 31	SKIPTING LÍFEYRISSKULDBINDINGA MILLI LÍFEYRISSJÓÐA 2001 OG 2000	64
TAFLA 32	INNBOGANIR RÍKISSJÓÐS 2001 VEGNA LÍFEYRISSKULDBINDINGA	65
TAFLA 33	LANGTÍMAFJÁRMÖGNUN RÍKISSJÓÐS 2001-2000	66
TAFLA 34	STAÐA SPARISKÍRTEINA Í ÁRSLOK 2001 OG 2000 SKV. BÓKHALDI ENDURLÁNA RÍKISSJÓÐS	67
TAFLA 35	STAÐA SPARISKÍRTEINA RÍKISSJÓÐS: ÞRÓUN 1994-2001	67
TAFLA 36	STAÐA RÍKISBRÉFA OG RÍKISVÍXLA Í BÓKHALDI ENDURLÁNA RÍKISSJÓÐS 2001 OG 2000	68
TAFLA 37	TEKIN INNLEND LÁN, ÁN ENDURLÁNA	69
TAFLA 38	STAÐA ERLENDRA LÁNA MEÐ ÁFÖLLNUM FJÁRMAGNSKOSTNAÐI UM ÁRAMÓT 2001 OG 2000	70
TAFLA 39	YFIRLIT YFIR HELSTU ERLEND LÁN RÍKISSJÓÐS 2001	71
TAFLA 40	GENGISMUNUR ERLENDRA LÁNA RÍKISSJÓÐS 2001 OG 2000 EFTIR MYNTUM	72
TAFLA 41	SKRÁÐAR ÁBYRGÐIR RÍKISSJÓÐS 2001 OG 2000	72
TAFLA 42	GJALDFALLNAR EFTIRSTÖÐVAR VIRÐISAUKASKATTS Í ÁRSLOK 2001	76
TAFLA 43	TRYGGINGAGJALD	78
TAFLA 44	BEINAR AFSKRIFTIR RÍKISSJÓÐSTEKNA	79
TAFLA 45	AFSKRIFAÐAR KRÖFUR	80
TAFLA 46	STAÐA Á NIÐURFÆRSLUREIKNINGI	81
TAFLA 47	EFTIRSTÖÐVAR RÍKISSJÓÐSTEKNA	82
TAFLA 48	KRÖFUR Á LÖGAÐILA	83
TAFLA 49	EFTIRSTÖÐVAR SÖLUSKATTS	84
TAFLA 50	FJÁRHEIMILDIR OG REKSTRARNIÐURSTAÐA AÐALSKRIFSTOFA RÁÐUNEYTANNA	88
TAFLA 51	LAUNAGJÖLD AÐALSKRIFSTOFA RÁÐUNEYTANNA	91

TAFLA 52	ÖNNUR REKSTRARGJÖLD AÐALSKRIFSTOFA RÁÐUNEYTANNA	93
TAFLA 53	EIGNAKAUP AÐALSKRIFSTOFA RÁÐUNEYTANNA	94
TAFLA 54	TILFÆRSLUR HJÁ AÐALSKRIFSTOFUM RÁÐUNEYTANNA	95
TAFLA 55	GREIÐSLUSTAÐA AÐALSKRIFSTOFA RÁÐUNEYTANNA 2001	97
TAFLA 56	FJÁRHEIMILDIR OG REKSTRARNIÐURSTAÐA FRAMHALDSSKÓLANNA	99
TAFLA 57	LAUN OG LAUNATENGÐ GJÖLD FRAMHALDSSKÓLA	104
TAFLA 58	ANNAR REKSTRARKOSTNAÐUR FRAMHALDSSKÓLA	106
TAFLA 59	EIGNAKAUP FRAMHALDSSKÓLA	107
TAFLA 60	GREIÐSLUSTAÐA FRAMHALDSSKÓLA VIÐ RÍKISSJÓÐ	109
TAFLA 61	FJÁRHEIMILDIR OG REKSTRARNIÐURSTAÐA SÝSLUMANNSEMBÆTTA	111
TAFLA 62	LAUNAKOSTNAÐUR SÝSLUMANNSEMBÆTTA	114
TAFLA 63	LAUNAKOSTNAÐUR SÝSLUMANNSEMBÆTTA	114
TAFLA 64	ÝMIS REKSTRARGJÖLD SÝSLUMANNSEMBÆTTA	115
TAFLA 65	ÝMIS REKSTRARGJÖLD SÝSLUMANNSEMBÆTTA	116
TAFLA 66	EIGNAKAUP SÝSLUMANNSEMBÆTTA	117
TAFLA 67	VIÐSKIPTAREIKNINGAR SÝSLUMANNSEMBÆTTA	118
TAFLA 68	GREIÐSLUSTAÐA SÝSLUMANNSEMBÆTTA VIÐ RÍKISSJÓÐ	119
TAFLA 69	FJÁRHEIMILDIR OG FJÁRHAGSSTAÐA SKATTEMBÆTTA	120
TAFLA 70	LAUNAKOSTNAÐUR SKATTEMBÆTTA	122
TAFLA 71	ÖNNUR REKSTRARGJÖLD SKATTEMBÆTTA	123
TAFLA 72	EIGNAKAUP SKATTEMBÆTTA	124
TAFLA 73	VIÐSKIPTAREIKNINGAR SKATTEMBÆTTA	125
TAFLA 74	GREIÐSLUSTAÐA SKATTEMBÆTTA VIÐ RÍKISSJÓÐ	125
TAFLA 75	SUNDURLIÐUN FJÁRMAGNSKOSTNAÐAR RÍKISSJÓÐS	130
TAFLA 76	RÍKISFYRIRTÆKI Í B- HLUTA RÍKISREIKNINGS	134
TAFLA 77	LÁNASTOFNANIR Í C- HLUTA RÍKISREIKNINGS	135
TAFLA 78	FJÁRMÁLASTOFNANIR Í C- HLUTA RÍKISREIKNINGS	136
TAFLA 79	HLUTA- OG SAMEIGNARFÉLÖG Í E- HLUTA RÍKISREIKNINGS	137
TAFLA 80	YFIRLIT YFIR HELSTU AFKOMUTÖLUR LSR 2001 OG 2000	140
TAFLA 81	YFIRLIT YFIR HELSTU AFKOMUTÖLUR LH 2001 OG 2000	142
TAFLA 82	FJÁRHEIMILDIR VEGNA ÞJÓÐKIRKJUNNAR	144
TAFLA 83	ÁRSREIKNINGAR ÞJÓÐKIRKJUNNAR ÁRIÐ 2001	145
TAFLA 84	SAMSETNING FJÁRHEIMILDA VEGNA GJALDA ÁRIÐ 2001	152
TAFLA 85	FJÁRHEIMILDIR OG ÚTKOMA ÁRIÐ 2001	157

1 Inngangur

Í áritun ríkisendurskoðanda á ríkisreikning fyrir árið 2001 er vísað til skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings sem hér liggur fyrir. Í skýrslunni er gerð grein fyrir endurskoðun reikningsins og settar fram athugasemdir og ábendingar Ríkisendurskoðunar.

Lög um Ríkisendurskoðun, nr. 86/1997, kveða á um að fjárhagsendurskoðun skuli samkvæmt góðri endurskoðunarvenju á hverjum tíma einkum miða að eftirfarandi:

1. Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri og efnahag í samræmi við góða reikningsskilavenju.
2. Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
3. Að reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og samninga um rekstrarverkefni þar sem það á við.
4. Að votta og kanna áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfsemi stofnana birtist þær með ársreikningi.

Frá setningu laga um fjárreiður ríkisins árið 1997 hafa ýmsar breytingar verið gerðar á framsetningu fjárhagsupplýsinga fyrir ríkissjóð og ríkisstofnanir í því skyni að reikningsskil ríkisins gefi sem gleggsta mynd af umsvifum ríkisins. Reikningsskil ríkissjóðs og ríkisstofnana eru nú að flestu leyti samin með sambærilegum hætti og tíðkast almennt hjá fyrirtækjum, þó með þeirri undantekningu að varanlegir rekstrarfjármunir eru að fullu gjaldfærðir á kaupári og verðbætur, gengismunur og hluti af hækkun lífeyrisskuldbindinga færast ekki á rekstrarreikning heldur sem endurmat eigin fjár. Færsla verðbóta og gengismunar beint á eigin fé hefur þjónað samskonar tilgangi og verðbreytingafærsla í verðbólgu-reikningsskilum, þ.e. að eyða áhrifum verðbólgu á fjármagnsliði í rekstrarreikningi. Þessi aðferð nær hins vegar ekki að verðleiðrétta óverðtryggð lán með sama hætti og gert er með verðbreytingafærslu. Í ljósi þess að verðbólgu-reikningsskil með verðbreytingafærslu og endurmati vegna verðlagsbreytinga hafa verið aflögð

sýnist tímabært að haga færslu verðbóta og gengismunar í reikningskilum A-hluta ríkisins með sama hætti og almennt tíðkast.

Breytingar voru gerðar á framsetningu ársreikninga A-hluta stofnana í ríkisreikningi fyrir árið 2001. Þannig eru allar tekjur viðkomandi stofnunar sýndar í rekstrarreikningi, sértekjur, aðrar rekstrartekjur og markaðar tekjur, auk þess sem framlag ársins (fjárheimild) er fært í rekstrarreikningnum. Mismunur tekna og gjalda færast á höfuðstólsreikning viðkomandi stofnunar. Staða höfuðstólsreiknings sýnir uppsafnaða stöðu stofnunarinnar gagnvart fjárheimildum.

Það hefur færst mjög í vöxt að stofnanir í A-hluta ríkisreiknings gefi út endurskoðaða ársreikninga sína með ýtarlegri upplýsingum en birtast í ríkisreikningi, svo sem með skýringum og sundurliðunum. Ársreikningar með áritun endurskoðanda voru þannig 408 talsins árið 2001 en 129 fyrir fjórum árum. Endurskoðunarskýrslur og -bréf voru 269. Að því er stefnt að gefnir verði út endurskoðaðir ársreikningar fyrir allar stofnanir í A-hluta ríkisreiknings eins og gert hefur verið fyrir fyrirtæki og stofnanir í B-, C-, D- og E-hluta ríkisreiknings.

Tafla 1 Fjöldi endurskoðaðra stofnana og fjárlagaliða

	<i>Endurskoðað af Ríkisendurskoðun</i>	<i>Endurskoðað af öðrum</i>	<i>Endurskoðað samtals</i>	<i>Ársreikningar</i>
2001	328	81	409	408
2000	248	75	323	317
1999	158	83	241	174
1998	148	85	233	129
1997	146	96	242	109

Stofnanir ríkisins gefa einnig í auknum mæli út ársskýrslur þar sem auk ársreiknings eru birtar margvíslegar aðrar upplýsingar um starfsemina. Um helmingur stofnana ríkisins hefur tekið upp svokallaða árangursstjórnun en í henni felst m.a. að stofnanir setja sér markmið til lengri og skemmri tíma. Ætlast er til þess að markmiðin séu skýr og mælanleg þannig að bera megir þau saman við raunverulegan árangur í lok árs. Ríkisendurskoðun mun á næsta ári leggja aukna áherslu á að votta ekki aðeins fjárhagslegar upplýsingar heldur einnig upplýsingar um umsvif og árangur sem stofnanir birta í ársskýrslum sínum.

Ríkisendurskoðun hefur áður vakið athygli á nauðsyn þess að upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu ríkisins séu birtar oft og fyrr en tíðkast hefur. Sjálfsagt þykir að stærri fyrirtæki birti milliuppgjör að minnsta kosti hálfárslega, ef ekki oft, þannig að nýjustu upplýsingar um rekstur þeirra séu tiltækar. Jafnframt er ætlast til þess að reikningskil þeirra liggi fyrir fljótlega eftir lok reikningstímabils. Enn sem komið er hafa endurskoðuð milliuppgjör ekki verið birt fyrir ríkið innan ársins og ríkisreikningur er að jafnaði gefinn út sex til níu mánuðum eftir lok reikningsársins. Greiðsluuppgjör, sem birt eru innan ársins, gefa vissulega ákveðnar upplýsingar en geta hins vegar ekki komið í stað endurskoðaðra reikningskila. Nefna má að framkvæmd fjárlaga og eftirlit með henni verður ekki sem skyldi nema fyrir hendi séu upplýsingar innan hvers fjárlagaárs um raunverulega fjárhagsstöðu stofnana og fjárheimildir þeirra. Ætla má að nýtt fjárhagskerfi ríkisins skapi nauðsynlegan grundvöll fyrir bættri upplýsingagjöf um ríkisfjármálin.

Í vaxandi mæli er þess krafist að stofnanir ríkisins geti lagt fram nákvæmar upplýsingar um kostnað við einstaka þætti í rekstrinum, t.d. kostnað við rekstur mismunandi deilda og framleiðslukostnað vöru og þjónustu sem þær inna af hendi. Slíkar kostnaðarupplýsingar eru í mörgum tilfellum nauðsynlegar bæði fyrir stjórnendur stofnanna sjálfra og ekki síður fyrir ráðuneyti þegar kemur að því að móta stefnu um uppbyggingu og fyrirkomulag á veitingu opinberrar þjónustu. Ekki síst kallar aukin samkeppni við einkarekna starfsemi á að slíkar upplýsingar liggi fyrir þannig að meta megji kosti og galla þess að bjóða út tiltekna starfsemi. Í tengslum við stjórnsýsluúttektir sem Ríkisendurskoðun hefur gert á starfsemi ríkisstofnana hefur ítrekað komið í ljós að nauðsynlegar kostnaðarupplýsingar hafa ýmist verið mjög ófullkomnar eða hreinlega ekki legið fyrir. Að mati Ríkisendurskoðunar þurfa stofnanir að leggja aukna rækt við kostnaðargreiningu á starfsemi sinni og haga bókhaldi með þeim hætti að þesskonar upplýsingar séu ávallt tiltækar. Nýtt fjárhagskerfi ríkisins ætti að gefa aukna möguleika á þessu sviði.

Almennt má segja að stofnanir ríkisins komi vel út úr endurskoðun vegna ársins 2001 og ekki hafi þótt tilefni til verulegra athugasemda. Veruleg umskipti hafa orðið hjá mörgum aðilum sem fengu athugasemdir vegna bókhalds og fjárreiðna við fyrri endurskoðun. Nefna má að ástand mála er t.d. orðið til fyrirmyndar hjá aðalskrifstofum ráðuneytanna.

Við endurskoðun á árinu 2001 var lögð sérstök áhersla á að kanna samskipti stofnana við birgja, fjárvörslu þeirra, virðisaukaskattskil, ákvarðanir vegna launa yfirmanna og innra eftirlit. Þegar á heildina er litið er ástand þessara mála gott og margar stofnanir hafa tekið sig verulega á. Þannig er t.d. eignaskráning yfirleitt í góðu horfi, notkun rammSAMninga við innkaup orðin almenn og skil á virðisaukaskatti með fullnægjandi hætti.

Ríkisendurskoðun hefur lagt aukna áherslu á að kanna innra eftirlit stofnana. Nokkrar sérstakar úttektir hafa verið gerðar á innra eftirliti stofnana, auk þess sem innra eftirlit er kannað við reglubundna fjárhagsendurskoðun. Ríkisendurskoðun hefur auk þess gefið út nokkur leiðbeiningarit um innra eftirlit og einstaka þætti þess sem fengið hafa jákvæðar viðtökur.

Á árinu 2001 gekk í gildi reglugerð nr. 116/2001 um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta. Kom hún í stað verklagsreglna sem gilt höfðu á árinu 2000. Setning reglugerðarinnar var tvímælalaust til þess fallin að auka festu og aga við framkvæmd fjárlaga. Engu að síður liggur fyrir að um fimmtungur fjárlagaliða fóru á árinu 2001 fram úr þeim mörkum sem reglugerðin mælir fyrir um og verður að telja að í því efni sé bæði við forstöðumenn viðkomandi stofnana að sakast sem og ráðuneyti sem þær heyra undir. Ákvæði reglugerðarinnar fela í sér skýrar reglur um hvernig haga skuli fjármálastjórn stofnana auk þess að í henni er kveðið mjög afdráttarlaust á um viðurlög við brotum á þeim. Í ljós reynslunnar á síðasta ári verður að ætla að það muni taka nokkurn tíma enn að festa í sessi það nýja verklag sem reglugerðin mælir fyrir um.

Endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2001 var að mestu hagað með sama hætti og í fyrra. Hægt er að skipta endurskoðuninni í nokkra þætti. Endurskoðun á A-hluta ríkisreiknings felst í stórum dráttum í staðfestingum og afstemmingum á eigna- og skuldaliðum sem tilgreindir eru í efnahagsreikningi ríkissjóðs. Skatttekjur og aðrar tekjur, sem tilgreindar eru í rekstrarreikningi ríkissjóðs, eru stemmdar af við álagningar- og innheimtukerfi. Afskriftir og niðurfærslur skattkrafna eru athugaðar sérstaklega. Þá felst endurskoðun á A-hluta í athugun á bókhaldi og fjárreiðum þeirra stofnana sem teljast til þessa hluta ríkisreiknings og beinist hún að gjaldaliðum, sértekjum og eignaskráningu. Stefnt er að því að allar stofnanir verði endurskoðaðar

árlega frá og með næstu áramótum en núna er hlutfall stofnana sem fá endurskoðun um 80%. Endurskoðun sem framkvæmd er hjá stofnun er misjafnlega ítarleg eftir því hve mikil áhætta er talin felast í rekstrinum. Í sumum tilvikum er látið nægja að staðfesta að ársreikningur gefi rétta mynd af rekstri og efnahag, en í öðrum fer jafnframt fram yfirgripsmikil skoðun á innra eftirliti, færslu bókhalds og meðferð fjármuna.

Efnistöðuk í þessari skýrslu eru með hliðstæðum hætti og verið hefur. Á eftir þessum inngangi er fjallað um afkomu ríkissjóðs og fjárhagsstöðu á árinu 2001, auk þróunar frá árinu 1997. Þessu næst er kafli um innra eftirlit og innri endurskoðun, en aukin áhersla hefur verið lögð á þessa þætti í endurskoðun. Áherslum við endurskoðun vegna ársins 2001 eru gerð skil í sérstökum kafla. Á eftir eru kaflar um endurskoðun á efnahag ríkissjóðs, tekjum ríkissjóðs og einstökum A-hluta stofnunum og fjárlagaliðum. Því næst er fjallað um endurskoðun stofnana og fyrirtækja í B-, C-, D- og E-hluta ríkisreiknings. Loks eru kaflar um endurskoðun upplýsingakerfa og fjárheimildir.

2 Afkoma og fjárhagsstaða ríkissjóðs

Tekjuafgangur ríkissjóðs á árinu 2001 nam 8,6 ma.kr. sem er verulega betri afkoma en árið á undan en þá nam tekjuhalli ríkissjóðs 4,3 ma.kr. Afkoman 2001 er þó lakari en fjárlög gerðu ráð fyrir en þar var áætlað að ríkissjóður skilaði 33,9 ma.kr. tekjuafgangi. Tekjuafgangurinn á árinu 2001 nam 1,2% af landsframleiðslu en til samanburðar var tekjuhalli árið á undan 0,6% af landsframleiðslu. Tekjur ríkissjóðs jukust um 12,6 ma.kr. milli árana 2000 og 2001 eða 5,6%. Tekjur ríkissjóðs sem hlutfall af landsframleiðslu lækkuðu úr 33,7% árið 2000 í 31,6% árið 2001. Aukning tekna er minni en ef miðað er við þróun síðustu ára. Á tímabilinu 1995 til 1999 hækkuðu tekjur ríkissjóðs að meðaltali um 27,1 ma.kr. milli ára. Mesta hækkun tekna var milli árana 1998 og 1999, alls 41,8 ma.kr. eða 23,1%.

Gjöld ríkissjóðs stóðu nánast í stað milli árana 2000 og 2001. Meginskýringin er sú að þrátt fyrir almennar kostnaðarhækkanir lækkaði gjaldfærsla lífeyrisskuldbindinga úr 24,9 ma.kr. árið 2000 í 2,6 ma.kr. árið 2001. Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindinga er m.a. bæði háð niðurstöðum kjarasamninga og reglum um endurmat sem verður nánar fjallað um síðar í þessari skýrslu. Ef þessi gjaldfærsla lífeyrisskuldbindinga er frátalin þá hækkuðu gjöld ríkissjóðs um 22,0 ma.kr. eða 10,8% samanborið við 6,7% hækkun neyslúvísitölu¹.


Við samanburð á afkomu ríkissjóðs milli ára er rétt að hafa eftirfarandi í huga:

- Tekjur af sölu eigna árið 2001 voru verulega lægri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Fjárlög 2001 gerðu ráð fyrir að sala eigna skilaði 15,5 ma.kr. en tekjurnar urðu 1,1 ma.kr. þar sem fyrirhugaðar sölur ríkisbanka og Landssíma Íslands hf. gengu ekki eftir.

¹ Almennar verðlagsbreytingar eru venjulega miðaðar við breytingar á vísitölu neyslúverðs.

- Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindinga lækkaði verulega árið 2001. Lækkunin nemur 22,3 ma.kr. miðað við árið 2000. Kjara-samningar við grunn- og framhaldsskólakennara vógu þungt í þeirri gjaldfærslu sem átti sér stað árið 2000.
- Mikil lækkun varð á afskriftum skattkrafna ríkissjóðs. Afskriftir skattkrafna námu 5,9 ma.kr. árið 2001 en voru 11,4 ma.kr. árið 2000. Hinar miklu afskriftir árið 2000 skýrast af því að gerð var sérstök úttekt á skattkröfum ríkissjóðs það ár sem leiddi til verulegrar hækkunar á niðurfærslu.
- Langtímaskuldir ríkissjóðs, þ.e. tekin löng lán og lífeyrisskuldbindingar, hækkuðu um 71 ma.kr. árið 2001 eða 19,2%. Langtímaskuldir ríkissjóðs hafa hækkað árlega á síðustu árum. Betri afkoma ríkissjóðs á undanförunum árum hefur verið notuð til að greiða niður lán en á móti hefur komið hækkun lífeyrisskuldbindinga. Á árinu 2001 bættist einnig við hækkunaráhrif gengisbreytinga. Eftirfarandi línurit sýnir heildarskuldir ríkissjóðs frá árinu 1995 til 2001. Þar sést að mest hækkuðu skuldinar 2001.

Mynd 1 Langtímaskuldir ríkissjóðs 1996-2001



Höfuðstóll

Bókfærður höfuðstóll (eigið fé) ríkissjóðs sýnir mismun á annars vegar peningalegum eignum og eignarhlutum ríkissjóðs í ríkisfyrirtækjum og hlutafélögum, og hins vegar skuldum ríkissjóðs. Segja má að neikvæður höfuðstóll jafngildi ráðstöfun á framtíðartekjum ríkissjóðs. Í árslok 2001 var höfuðstóll ríkissjóðs neikvæður um 225,0 ma.kr. og hafði staðan versnað um 26,7 ma.kr. frá árinu 2000.

Endurmat á efnahagsliðum er fært beint á höfuðstól en ekki í rekstrarreikning eins og tíðkast í reikningsskilum fyrirtækja. Endurmatsbreytingar sem ekki koma fram í rekstrarreikningi geta þannig haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu ríkissjóðs á hverjum tíma. Breyting á höfuðstól frá ári til árs gefur allgóða mynd af þróun fjárhagsstöðu ríkissjóðs frá einu uppgjörstímabili til annars.


Tafla 2 Breyting höfuðstóls ríkissjóðs 2000 og 2001

<i>Í m.kr.</i>	2001	2000	Breyt.	%
Staða í ársbyrjun	(198.101)	(171.609)	(26.492)	15
Leiðrétting höfuðstóls í ársbyrjun	(68)	(266)	198	
Endurmat:				
Veltufjármunir og skammtímaskuldir	193	(59)	252	-
Langtímakröfur	9.518	3.822	5.696	149
Langtímaskuldir	(51.647)	(28.801)	(22.846)	79
Endurmat peningalegra liða samtals	(41.936)	(25.038)	(16.898)	67
Endurmat hlutabréfa og stofnfjár	6.671	3.098	3.573	115
Endurmat samtals	(35.265)	(21.940)	(13.325)	61
Tekjujöfnuður ríkissjóðs	8.643	(4.286)	12.929	-
Staða í árslok	(224.791)	(198.101)	(26.690)	13

Eiginfjárstaða ríkissjóðs var neikvæð um 198,1 ma.kr. í ársbyrjun 2001 en í árslok neikvæð um 224,8 ma.kr.. Staðan versnaði því á árinu um 26,7 ma.kr. eða 13%. Meginskýringin er endurmatshækkun langtímaskulda að fjárhæð 51,6 ma.kr. í samanburði við 28,8 ma.kr. hækkun árið 2000. Endurmatshækkun lífeyrisskuldbindinga nam 20,1 ma.kr. og endurmatshækkun tekinna langra lána og vaxta nam 31,5 ma.kr. Sú hækkun er til komin vegna óhagstæðrar gengisþróunar og verðbólgu innanlands þar sem langtímaskuldir eru ýmist verð- eða gengis tryggðar. Um endurmatshækkun lífeyrisskuldbindinga er fjallað síðar í skýrslunni.

Á móti hækkun skulda kemur endurmatshækkun langtímakrafna að fjárhæð 9,5 ma.kr. og hluta- og stofnfjáreignar að fjárhæð 6,7 ma.kr. Ennfremur nam endurmatshækkun veltufjármuna og skammtímaskulda 193 m.kr. Leiðrétting höfuðstóls í ársbyrjun 2001 að fjárhæð 68 m.kr. er vegna niðurfellingar höfuðstóls Erfðafjárjóðs að fjárhæð 19,1 m.kr. og yfirfærslu höfuðstóls Þjóðleikhússins til A-hluta ríkissjóðs að fjárhæð 49,0 m.kr. en Þjóðleikhúsið færðist úr B-hluta í A-hluta árið 2001.

Mynd 2 Höfuðstóll (eigið fé) ríkissjóðs 1995-2001



Endurmat á rekstur

Hjá ríkissjóði hefur til langs tíma verið fylgt þeirri reglu að færa endurmat verðtryggðra lána og gengisbreytingu gengistryggðra lána um endurmatssreikning á höfuðstól í stað þess að færa þessar fjárhæðir til gjalda í rekstrarreikningi eins og gert er í reikningsskilum fyrirtækja hér á landi. Þetta er einnig meginreglan erlendis. Hjá fyrirtækjum var hins vegar færð á móti reiknuð verðbreytingafærsla vegna almennra verðbreytinga. Markmiðið með því var að færa einungis raunvexti til gjalda í rekstrarreikningi. Þess er að geta að verðbreytingafærsla hefur nú verið afnumin í ársreikningalögum með lögum nr. 133/2001 en veittur hefur verið 2ja ára aðlögunartími. Í þessum lögum er ekki heldur gert ráð fyrir reglubundnum uppfærslum eigna samkvæmt vísitölu þar sem mótfærslan er á eigin fé heldur er gert ráð fyrir því að endurmatssreikningur sem myndaður hefur verið með framangreindum hætti sé leystur upp og færður á annað óráðstafað eigið fé.

Spyrja má hvort ríkissjóður verði ekki að breyta færslum á endurmatsreikningi til samræmis við þessi nýju ákvæði. Engin ákvæði um endurmatsreikning er að finna í gildandi fjárreiðulögum heldur er þar vísað til þess að almennar reikningsskilavenjur gildi nema annað sé tekið fram í lögnum. Ef allt endurmat ársins hefði verið fært á rekstrarreikning hefði tekjujöfnuður ríkissjóðs árið 2001 orðið neikvæður um 26,6 ma.kr. í stað 8,6 ma.kr. afgang. Með sama hætti hefði tekjujöfnuður ríkissjóðs árið 2000 orðið neikvæður um 26,2 ma.kr. en hann varð neikvæður um 4,3 ma.kr.

Yfirlit um tekjur ríkissjóðs

Heildartekjur ríkissjóðs á árinu 2001 námu alls 237,4 ma.kr. samanborið við 224,7 ma.kr. á árinu 2000. Nemur aukningin 12,6 ma.kr. eða 5,6%. Talsverðar breytingar urðu á einstökum tekjuliðum á milli ára. Þannig lækkuðu tekjur af vörugjöldum 2,0 ma.kr. á milli ára en skattar á tekjur einstaklinga hækkuðu um 8,4 ma.kr.

Tafla 3 Heildartekjur ríkissjóðs

<i>Í m.kr.</i>	2001	2000	Breyt.	%
Skatttekjur				
Skattar á tekjur einstaklinga	52.506	44.125	8.381	19,0
Skattar á tekjur lögaðila	9.551	9.679	(128)	(1,3)
Fjármagnstekjuskattur	6.227	5.218	1.009	19,3
Tryggingagjald	21.909	19.680	2.229	11,3
Eignarskattar	10.596	9.872	724	7,3
Virðisaukaskattur	72.147	71.903	244	0,3
Vörugjöld. aðrir sért. veltuskattar	28.909	30.941	(2.032)	(6,6)
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	8.557	8.122	435	5,4
Aðrir skattar	1.327	1.111	216	19,4
Skatttekjur alls	211.729	200.651	11.077	5,5
Rekstrartekjur				
Arðgreiðslur	1.917	2.477	(560)	(22,6)
Vextir og aðrar eignatekjur	14.727	10.698	4.029	37,7
Neyslu- og leyfisgjöld	5.782	5.347	435	8,1
Sektir	848	508	339	66,7
Rekstrartekjur alls	23.274	19.030	4.243	22,3
Aðrar tekjur				
Sala eigna	1.065	635	430	67,7
Fjárframlög	1.288	1.231	57	4,65
Endurmat á virði ríkisfyrirtækja	0	3.167	(3.167)	--
Aðrar tekjur alls	2.353	5.033	(2.680))	(53,2)
Ríkissjóðstekjur samtals	237.355	224.714	12.641	5,6

Innheimta ríkissjóðstekna nam 224,0 ma.kr. á árinu 2001 samanborið við 218,0 ma.kr. á árinu áður og nemur aukningin 2,8%. Innheimta tekju- og eignaskattar var 8,6 ma.kr. hærri en árið áður og innheimta tryggingagjalds varð 2,0 ma.kr. hærri. Á móti vegur 1,4 ma.kr. minni innheimta fjármunatekna. Sala eigna skilaði 3,6 ma.kr. lægri tekjum í ríkissjóð miðað við fyrra ár.

Tekjuskattur og staðgreiðsla opinberra gjalda

Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga námu alls 52,5 ma.kr. í árslok 2001 og höfðu aukist um 8,4 ma.kr. frá fyrra ári eða um 19,1%. Innheimt staðgreiðsla jókst um 7,7 ma.kr. á milli ára eða um 19,2%. Tekjuskattshlutfall lækkaði á árinu 2001 um 0,33 prósentustig og var 26,08% samanborið við 26,41% árið 2000. Vegið meðaltal útsvars hækkaði hins vegar um 0,72 prósentustig og var 12,68% ár árinu 2001 samanborið við 11,96% árið 2000. Persónuafsláttur hækkaði 1. janúar 2001 um 3,0% og skattleysismörk voru 2,6% hærri á árinu 2001 miðað við fyrra ár.

Samkvæmt upplýsingakerfi ríkisskattstjóra námu launagreiðslur á árinu 2001 430,8 ma.kr. samanborið við 382,9 ma.kr. á árinu 2000 og nemur hækkunin á milli ára um 12,5%. Á sama tíma hefur launavísitalan hækkað um 8,9%. Skýringin á því að hlutur ríkissjóðs í tekjuskatti hækkaði meira en sem nemur hlutfallslegri hækkun launa er einkum sú að persónuafsláttur fylgir ekki launaþróun.

Virðisaukaskattur

Tekjur af virðisaukaskatti námu alls 72,1 ma.kr. á árinu 2001 samanborið við tæpa 71,9 ma.kr. árið á undan og nemur aukningin 0,3%.

Endurgreiðslur virðisaukaskatts námu alls 5,8 ma.kr. á árinu 2001 og hækkuðu þær lítillega á milli ára. Endurgreiðslur vegna skattskyldrar starfsemi opinberra aðila lækkuðu verulega á milli ára en það skýrist m.a. af því að veruleg hækkun varð á þessum endurgreiðslum á árinu 2000.

Tryggingagjald

Tekjur af tryggingagjaldi námu 21,9 ma.kr. á árinu 2001 samanborið við 19,7 ma.kr. á árinu 2000 og nemur aukningin 11,3%. Eins og fram kemur hér að framan hækkuðu laun á milli ára um 12,5%. Staðgreiðsluskylt tryggingagjald er 5,23%, hið sama fyrir öll greidd laun. Sérregla á þó við um laun sjómanna á fiskiskipum, en þar bætist við sérstök trygging.

Vörugjöld og aðrir sértækir veltuskattar

Tekjur af vörugjöldum og öðrum sértækum veltusköttum námu 28,9 ma.kr. á árinu 2001 og drógust saman um 2,0 ma.kr. miðað við fyrra ár eða um 6,6%. Lækkunina má nánast alfarið rekja til vörugjalds af ökutækjum en tekjur af því lækka um 2,1 ma.kr. á milli ára. Skýringin á þessu er verulegur samdráttur í innflutningi bifreiða. Á árinu 2001 voru nýskráðir 9.024 bílar, þar af 7.688 fólksbílar. Þetta er 52,7% samdráttur frá fyrra ári en þá voru nýskráðir 17.124 bílar, þar af 14.802 fólksbílar.

Sala á hlutabréfum, fasteignum, jörðum og jarðarhlutum

Tekjur þessar greinast sem hér segir á árunum 2000 og 2001.

Tafla 4 Tekjur af sölu eigna

<i>Í m.kr.</i>	2001	2000	<i>Breyt.</i>
Hlutabréf	535,1	117,3	417,8
Fasteignir	140,3	415,6	(275,3)
Jarðir og jarðarhlutar	330,3	64,3	266,0
Önnur sala	59,1	37,5	21,6
Samtals	1.064,8	634,7	430,1

Sala á hlutabréfum er vegna söluhagnaðar við sölu á hlutabréfum í Stofnfiski hf. að fjárhæð 225,0 m.kr. og Landsíma Íslands hf. að fjárhæð 310,1 m.kr.

Stofnfiskur hf. Seld voru bréf að nafnvirði 35,0 m.kr. á genginu 7,64 og nam söluverð 267,6 m.kr. Bókfært verð bréfanna nam 42,6 m.kr. og var söluhagnaður því 225,0 m.kr.

Landssími Íslands hf. Seld voru bréf að nafnverði 189,2 m.kr. í tvennu lagi og var gengi bréfanna að meðaltali 5,75. Þar sem ekki tókst að ljúka sölu til kjölfestufjórfa gafst fjórfafestum tækifæri að selja bréf sín aftur til ríkisins og nýttu það fjórfafestar sem skrifað höfðu sig fyrir bréfum að nafnvirði 121,1 m.kr. Seld bréf að frádregnum keyptum námu 68,1 m.kr. að nafnvirði og nam söluverð þeirra 392,6 m.kr. Söluhagnaður var 310,1 m.kr. Auk þess ráðstöfuðu stjórnvöld bréfum í Landssíma Íslands hf. að nafnvirði 22,8 m.kr. í félag að nafni Hæðarlönd ehf. en það var stofnað utan um ákveðið eignarland Landssímans hf. vegna ágreinings um land sem ríkissjóður tók eignarnámi árið 1945. Ríkissjóður er eini hluthafinn í Hæðarlöndum ehf.

Sala á fasteignum nam 140,3 m.kr. og er vegna sölu á 11 fasteignum. Sala þeirra var samkvæmt heimild í fjárlögum 2000 og 2001. Auk þess er bókfærður á þennan lið söluhagnaður af 6 fasteignum sem ríkissjóður keypti vegna nauðungaruppboða og nam söluhagnaðurinn 5,4 m.kr.

Sala á jörðum og jarðarhlutum nam 330,3 m.kr. og er um að ræða 33 jarðir eða jarðarhlutar. Sala á einni jörð eða jarðarparti vegur lang þyngst og er það vegna sölu á Straumi við Hafnarfjörð en söluverð nam 102,0 m.kr.

Önnur eignasala nam 59,1 m.kr. Þar af eru 46,0 m.kr. vegna sölu á skipum.

Yfirlit um gjöld ríkissjóðs

Gjöld ríkissjóðs námu samtals 228,7 ma. kr. á árinu 2001 en voru 229,0 ma. kr. árið 2000. Gjöldin lækkuðu lítillega eða um 0,1%.

Tafla 5 Heildargjöld ríkissjóðs

<i>Í m.kr.</i>	<i>2001</i>	<i>2000</i>	<i>Breyt.</i>	<i>%</i>
Rekstrargjöld				
Laun	62.279	53.949	8.330	15,4
Lífeyrisskuldbindingar	2.612	24.877	(22.265)	(89,5)
Önnur gjöld	43.201	36.969	6.232	16,9
Sértekjur stofnana	(16.414)	(13.763)	(2.651)	19,3
Fjármagnskostnaður	17.923	15.245	2.678	17,6
Rekstrargjöld alls	109.601	117.277	(7.676)	(6,5)
Rekstrar- og neyslutilfærslur				
Lífeyristryggingar	19.944	20.090	(146)	(0,7)
Bætur skv. lögum um félagsl. aðstoð	5.823	5.435	388	7,1
Sjúkratryggingar	11.663	10.873	790	7,3
Daggjaldastofnanir	3.656	4.047	(391)	(9,7)
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	7.295	6.200	1.095	17,7
Afskriftir skattkrafna	5.944	11.350	(5.406)	(47,6)
Barnabætur	4.559	3.702	857	23,1
Vaxtabætur	4.721	4.309	412	9,6
Framlag í jöfnunarsjóð sveitarfélaga	5.763	4.200	1.563	37,2
Atvinnuleysistryggingasjóður	1.592	1.444	148	10,2
Lánasjóður íslenskra námsmanna	2.420	1.910	510	26,7
Ríkisútvarpið	1.938	1.777	161	9,1
Sóknargjöld	1.450	1.311	139	10,6
Aðrar rekstrar- og neyslutilfærslur	19.339	14.925	4.414	29,6
Rekstrar- og neyslutilfærslur alls	96.107	91.573	4.534	5,0
Önnur gjöld				
Viðhald	5.679	5.263	416	7,9
Stofnkostnaður	12.237	10.587	1.650	15,6
Fjármagnstilfærslur	5.089	4.302	787	18,3
Önnur gjöld alls	23.005	20.152	2.853	14,2
Gjöld samtals	228.713	229.001	(290)	(0,1)

Rekstrargjöld

Rekstrargjöld ríkissjóðs á árinu 2001 lækkuðu um tæpa 7,7 ma. kr. frá árinu á undan eða sem nemur 6,5%. Meginskýringin felst í mun lægri gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga en þær voru 2,6 ma. kr. árið 2001 samanborið við tæpa 24,9 ma. kr. árið 2000. Launakostnaður ríkisins

nam tæpum 62,3 ma. kr. og hækkaði um 15,4% á milli ári. Önnur rekstrargjöld hækkuðu um 16,9%, sértekjur stofnana sem dregnar eru frá rekstrargjöldum, um 19,3% og fjármagnskostnaður um 17,6%. Nánar er fjallað um fjármagnskostnað ríkissjóðs síðar í skýrslunni.

Rekstrar- og neyslutilfærslur

Stærstur hluti rekstrar- og neyslutilfærslna tengist almannatryggingakerfinu, þ.e. lífeyris- og sjúkratryggingum, bótagreiðslum skv. lögum um félagslega aðstöðu og framlögum til rekstur ýmissa hjúkrunar- og sjúkrastofnana (daggjaldastofnana) sem ekki eru reknar af ríkinu. Framlög vegna lífeyristrygginga lækkuðu lítillega á milli ára eða um 0,7%, en útgjöld höfðu hækkað tímabundið á árinu 2000 vegna leiðréttingar á óheimilli skerðingu örorkubóta á fyrri árum. Einnig drógust framlög til daggjaldastofnana saman á milli ára um 9,7%. Aðrir rekstrar- og tilfærsluliðir hækkuðu allir, að undanskildum afskriftum skattkrafna. Kostnaður vegna afskrifaðra skattkrafna námu liðlega 5,9 milljörðum kr. á árinu 2001, en þær höfðu verið óvenju miklar á árinu 2000 eða tæpir 11,4 milljarðar kr. Stafaði það af breytingu á álagningakerfi virðisaukaskatts sem leiddi til of mikillar og óraunhæfrar álagningar hjá þeim sem ekki skiluðu skýrslum.

Önnur gjöld

Undir öðrum gjöldum er viðhaldskostnaður, stofnkostnaður og fjármagnstilfærslur. Mest af viðhalds- og stofnkostnaði tengist vegaframkvæmdum. Undir fjármagnstilfærslum eru færð framlög vegna hafnamála, Þróunarsjóðs sjávarútvegsins, Ofanflóðasjóðs og fleiri aðila.

Þróun ríkisfjármála frá 1997

Í þeim töflum sem hér fara á eftir er sýnd þróun ýmissa stærða úr ríkisreikningi síðustu fimm árin. Í því sambandi ber að hafa hugfast að reikningsskilaaðferðum sem notaðar eru við gerð ríkisreiknings var breytt frá og með árinu 1998 í kjölfar nýrra laga um fjárreiður ríkissjóðs. Hafði það m.a. þau áhrif að ýmsir liðir hækkuðu bæði tekna- og gjaldamegin í rekstrarreikningi, auk þess sem bókfært verðmæti eignarhluta ríkissjóðs í stofnunum og fyrirtækjum utan hans hækkaði. Breytingar þessar höfðu hins vegar ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs.

Tafla 6 Rekstur og efnahagur ríkissjóðs (A-hluta) 1997 - 2001

<i>Í m.kr.</i>	<i>Tekjur</i>	<i>Gjöld</i>	<i>Tekjuafgangur (tekjuhalli)</i>	<i>Eignir</i>	<i>Skuldir</i>	<i>Eigið fé</i>
2001	237.356	228.713	8.643	266.691	491.482	(224.791)
2000	224.715	229.001	(4.286)	214.847	412.948	(198.101)
1999	222.633	199.002	23.631	212.240	383.848	(171.609)
1998	180.846	189.636	(8.789)	184.502	380.921	(196.420)
1997	144.828	134.586	10.242	136.007	367.400	(231.394)

Efnahagsreikningur ríkissjóðs sýnir stöðu veltufjármuna, langtímakrafna og eignarhluta í fyrirtækjum sem ríkið á hlut í. Varanlegir rekstrarfjármunir, t.d. fasteignir, bifreiðar, áhöld og tæki, eru hins vegar ekki eignfærðir í reikningsskil ríkissjóðs, heldur er kaupverð að fullu fært til gjalda á því ári sem þeirra er aflað. Í árslok 2001 nam verðmæti allra bókfærðra eigna ríkissjóðs sem færðar eru í efnahagsreikningi 266,7 ma.kr. Efnahagsreikningurinn sýnir ennfremur stöðu allra skulda sem ríkissjóður hefur stofnað til, en þær námu í árslok 2001 samtals 491,5 ma.kr. Mismunur eigna og skulda svarar til bókfærðs eigin fjár (höfuðstóls) ríkissjóðs og var það þannig neikvætt um 224,8 ma.kr. í árslok 2001.

Staða eigin fjár ríkissjóðs versnaði um 26,7 ma.kr. á árinu 2001 og er það að mestu leyti vegna endurmatshækkana skulda umfram endurmatshækkun eigna. Á móti vegur að tekjuafgangur frá rekstri bætti stöðu eigin fjár. Þá má nefna að staða eigin fjár batnaði umtalsvert á árinu 1998 vegna þess að eignir að verðmæti 51 ma.kr. voru færðar upp í efnahagsreikning ríkissjóðs í byrjun þess árs.

Langtímakröfur

Langtímakröfur ríkissjóðs námu 93,0 ma.kr. í árslok 2001. Einkum er hér um að ræða lán til ýmissa ríkisfyrirtækja og lánastofnana í B-, C- og D-hluta ríkisreiknings, t.d. vegna Flugstöðvar á Keflavíkflugvelli, Lánasjóðs íslenskra námsmanna, Íbúðalánasjóðs, Byggðastofnunar og Seðlabanka Íslands. Frá 1996 hafa nýjar lántök og afborganir sem innheimtast af eldri lánnum nokkurn veginn haldist í hendur. Árið 2001 jukust hins vegar lánveitingar ríkissjóðs.

Tafla 7 Langtímakröfur ríkissjóðs (A-hluta) 1997 - 2001

<i>Í m.kr.</i>	<i>Ný lán</i>	<i>Afborganir</i>	<i>Endurmat</i>	<i>Staða í árslok</i>
2001	20.886	(8.275)	9.518	93.049
2000	5.439	(7.689)	3.822	70.919
1999	10.375	(8.823)	3.056	69.347
1998	7.809	(10.209)	1.860	64.738
1997	9.012	(8.841)	1.446	65.278

Eignarhlutir í fyrirtækjum og stofnunum

Bókfært verðmæti eignarhluta ríkissjóðs í fyrirtækjum og stofnunum nam 92,8 ma.kr. í árslok 2001. Stærstu eignarhlutar voru í Seðlabanka Íslands en hann var bókfærður á 25,1 ma.kr., í Landsvirkjun á tæpa 14,7 ma.kr., og í Landssíma Íslands hf. á 8,4 ma.kr. Viðbætur árið 2001 eiga að mestu rætur að rekja til eiginfjárframlags til Seðlabanka Íslands að fjárhæð 9 ma.kr. og kaupum ríkissjóðs á Orkubúi Vestfjarða hf. fyrir 2,4 ma.kr.

Tafla 8 Eignarhlutar ríkissjóðs (A-hluta) 1997 - 2001

<i>Í m.kr.</i>	<i>Kaup eignarhluta og framlög</i>	<i>Sala eignarhluta</i>	<i>Hagnaður (tap)</i>	<i>Endurmat og niðurfærsla</i>	<i>Staða í árslok</i>
2001	11.702	(786)	535	6.671	92.779
2000	3.246	(57)	(24)	3.099	74.657
1999	165	(6.430)		8.318	68.393
1998	3.641	(7.733)	2.071	37.536	66.340
1997	18.221	(2.250)	56	(479)	30.825

Óinnheimtar ríkistekjur

Óinnheimtar ríkistekjur námu 53,4 ma.kr. í árslok 2001. Fram til ársins 1998 voru afskrifaðar kröfur, barnabætur og vaxtabætur dregnar frá bókfærðum tekjum ársins, en hafa verið færðar til gjalda í ríkisreikningi frá og með 1998. Í töflunni að neðan hafa tekjutölur fyrir 1997 verið leiðréttar með tilliti til þessa.

Tafla 9 Óinnheimtar ríkistekjur 1997 - 2001

<i>Í m.kr.</i>	<i>Tekjur ársins</i>	<i>Innheimtar tekjur</i>	<i>Afskriftir og efnahagsfærslur</i>	<i>Staða í árslok</i>
2001	237.356	(224.042)	(5.944)	53.400
2000	221.547	(210.709)	(11.350)	46.032
1999	206.555	(190.064)	(4.542)	46.543
1998	176.801	(163.582)	(4.758)	34.595
1997	139.812	(132.514)	(4.531)	26.137

Hreint veltufé

Hreint veltufé eru veltufjármunir að frádregnum skammtímaskuldum. Hreint veltufé ríkissjóðs nam 29,7 ma.kr. í árslok 2000. Veltufjárstaða og þar með greiðslustaða ríkissjóðs hefur farið batnandi en þó var veltufjárlutfallið örlítið lægra 2001 en árið á undan.

Tafla 10 Veltufjármunir og skammtímaskuldir ríkissjóðs (A-hluta) 1997 - 2001

<i>Í m.kr.</i>	<i>Veltu- fjármunir</i>	<i>Skammtíma- skuldir</i>	<i>Hreint veltufé</i>	<i>Veltufjár- hlutfall</i>
2001	94.899	65.179	29.720	1,5
2000	77.567	48.970	28.597	1,6
1999	81.815	54.722	27.093	1,5
1998	60.599	58.052	2.547	1,0
1997	46.041	61.388	(15.347)	0,8

Varanlegir rekstrarfjármunir ríkissjóðs án fasteigna

Eins og áður segir hafa varanlegir rekstrarfjármunir ekki verið færðir til eignar í efnahagsreikningi ríkissjóðs. Hins vegar hefur um nokkurra ára skeið verið unnið að því að taka saman heildstæða eignaskrá yfir varanlega rekstrarfjármuni ríkisins og birta upplýsingar úr henni í sér-yfirliti með ríkisreikningi. Í ríkisreikningi fyrir árið 2001 kemur fram að bókfært verð eigna í eignaskrá hafi numið 15,6 ma.kr. eftir að það hefur verið framreiknað með byggingarvísitölu og reiknaðar afskriftir verið dregnar frá. Þess skal getið að upplýsingar um heildarverðmæti fasteigna í eigu ríkissjóðs liggja ekki fyrir en unnið er að skráningu þeirra. Vakin er athygli á að yfirlit yfir verðmæti fasteigna í eigu ríkissjóðs er ekki birt með ríkisreikningi þrátt fyrir að ákvæði 15. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins kveði á um að slíkt skuli gert.

(Sundurliðun eignaflokka má finna í séryfirliti 12 sem fylgir ríkisreikningi.)

Kaup ársins námu 2,3 ma.kr. á árinu 2001 en voru 3,3 ma.kr. árið á undan. Stór liður á árinu 2000 voru kaup á nýju hafrannsóknarskipi að fjárhæð 1,7 ma.kr. Þess má einnig geta að árið 1999 námu kaup ársins 3,7 ma.kr. en þar vógu þyngst kaup á lækninga- og rannsóknar-tækjum.

Tafla 11 Varanlegir rekstrarfjármunir ríkissjóðs (A-hluta) árið 2001 án fasteigna

<i>Í m.kr.</i>	<i>Kaup ársins</i>	<i>Verðmæti í árslok</i>
Hús- og skrifstofubúnaður	910	2.646
Áhöld og tæki	238	1.105
Lækninga- og rannsóknatæki	661	3.786
Skip og flugvélar	2	5.553
Bifreiðar	348	1.200
Vinnuvélar og tæki	140	730
Aðrar eignir	39	584
Samtals	2.339	15.606

Langtímaskuldir²

Langtímaskuldir ríkissjóðs fara stöðugt hækkandi, sérstaklega vegna mikillar aukningar lífeyrisskuldbindinga eins og áður er komið fram. Á síðasta ári hækkuðu erlendar skuldir einnig verulega eða um 59 ma.kr. Langtímaskuldir ríkissjóðs námu þannig 440 ma.kr. í árslok 2001 og hafa hækkað um 70,8 ma.kr. milli ára. Taflan að neðan sýnir þróun langtímaskulda frá árinu 1995 en þær hafa hækkað um 162 ma.kr. frá þeim tíma, eða 58%.

² Hér er fjallað um tekin löng lán ríkissjóðs en afborgunum næsta árs og langtíma vöxtum er sleppt.

Tafla 12 Langtímaskuldir ríkissjóðs (A-hluta) 1997 - 2001

<i>Í m.kr.</i>	<i>Ný lán og skuldbindingar</i>	<i>Afborganir</i>	<i>Endurmat</i>	<i>Staða í árslok</i>
2001	68.794	(48.503)	50.565	439.937
2000	64.715	(55.834)	27.934	369.082
1999	40.117	(48.733)	11.597	332.268
1998	47.138	(40.003)	13.812	329.287
1997	28.679	(24.363)	4.533	308.336

Eftirfarandi tafla sýnir þróun annarra langtímaskulda ríkissjóðs en lífeyrisskuldbindinga á undanförunum árum. Aðrar langtímaskuldir námu samtals 272 ma.kr. í árslok 2001 og hafa hækkað um tæplega 66 ma.kr. milli ára. Hlutfall innlendra skulda af heildarfjárhæð langtímaskulda (þ.e. án lífeyrisskuldbindinga) hefur lækkað úr um 35% árið 1995 í um 27% árið 2001, en hlutfall erlendra skulda hefur að sama skapi hækkað úr um 65% árið 1995 í um 73% árið 2001. Hafa þeir í huga að endurmatshækkun skulda var sérstaklega mikil á árinu 2001 vegna gengislækkunar íslensku krónunnar.

Tafla 13 Langtímaskuldir ríkissjóðs (A-hluta) án lífeyrisskuldbindinga 1997 - 2001

<i>Í m.kr.</i>	<i>Ný lán</i>	<i>Afborganir</i>	<i>Endurmat</i>	<i>Staða í árslok</i>
2001	66.182	(30.496)	30.431	272.191
2000	39.838	(44.070)	15.378	206.075
1999	27.244	(38.454)	1.998	194.930
1998	25.140	(37.538)	3.122	204.142
1997	24.683	(23.443)	3.084	213.418

Gríðarleg hækkun varð á lífeyrisskuldbindingum á árinu 1998, aðallega vegna breytinga á kjarasamningum ríkisstarfsmanna sem m.a. fólu í sér að fastar aukagreiðslur af ýmsu tagi voru felldar inn í föst mánaðarlaun. Reglur um lífeyrisgreiðslur meirihluta ríkisstarfsmanna kveða á um að lífeyrir skuli reiknast sem ákveðið hlutfall fastra launa. Því hafði þessi breyting víðtækar afleiðingar á skuldastöðu ríkissjóðs þar sem lífeyrisskuldbindingar hækkuðu um 30,2 ma.kr. á milli ára eða nærfellt 32%. Til samanburðar má geta þess að launagjöld ríkisins hækkuðu á sama tíma um 9,4 ma.kr. sem svarar til 23,2% hækkunar frá árinu áður. Breytingar á kjarasamningum ríkisstarfsmanna fólu því í sér nálægt 40 ma.kr. áhrif á ríkisfjármálin á árinu 1998. Í töflunni

kemur einnig fram að dregið hefur úr vexti lífeyrisskuldbindinga árið 2001 vegna aukinna innborgana ríkissjóðs inn á framtíðarskuldbindingar sínar. Hækkun lífeyrisskuldbindinga frá 2000 til 2001 er einungis 2,9%.

Tafla 14 Lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs (A-hluta) 1997 - 2001

<i>Í m.kr.</i>	<i>Nýjar á árinu</i>	<i>Greitt</i>	<i>Endurmat</i>	<i>Staða í árslok</i>
2001	2.612	(18.007)	20.134	167.746
2000	24.877	(11.764)	12.556	163.007
1999	12.873	(2.416)	9.599	137.338
1998	21.998	(2.465)	10.690	125.145
1997	3.996	(920)	1.449	94.918

Eigið fé

Í töflunni að neðan er sýnd þróun bókfærðs eigin fjár (höfuðstóls) ríkissjóðs undanfarin sjö ár. Áður hefur komið fram að neikvæð staða eigin fjár lækkaði árið 1998 vegna endurmats eignarhluta í fyrirtækjum.

Tafla 15 Eigið fé ríkissjóðs (A-hluta) 1997 - 2001

<i>Í m.kr.</i>	<i>Endurmat og leiðr.</i>	<i>Tekjujöfnuður</i>	<i>Staða í árslok</i>
2001	(35.333)	8.643	(224.791)
2000	(22.206)	(4.286)	(198.101)
1999	1.180	23.631	(171.608)
1998	43.764	(8.789)	(196.419)
1997	(2.971)	10.242	(231.394)

Sjóðstreymi

Eins og almennt tíðkast við gerð reikningsskila er ríkissjóður gerður upp á rekstrargrunni. Í því felst að allar tekjur sem falla til á árinu og öll gjöld sem stofnað er til á árinu færast í rekstrarreikning, óháð því hvort tekjurnar hafa verið innheimtar og gjöldin greidd í árslok. Yfirliti um sjóðstreymi, sem er hluti ríkisreikningsins, er m.a. ætlað að veita upplýsingar um greiðsluhreyfingar ársins. Sjóðstreymið sýnir handbært fé frá rekstri, en það eru þeir fjármunir sem rekstur ríkissjóðs á árinu skilar eftir að tekið hefur verið tillit til reiknaðra rekstrarliða, sem ekki hafa

áhrif á fjárstreymi, og breytinga á rekstartengdum eignum og skuldum. Handbært fé frá rekstri svarar þannig til þess sem kalla má greiðsluafkomu ríkissjóðs. Á árinu 2001 skilaði rekstur ríkissjóðs 0,5 ma.kr. í handbæru fé. Það er veruleg lækkun frá árinu 2000 en þá nam handbært fé frá rekstri 17,5 ma.kr. en gjaldfærsla ógreiddra (reiknaðra) lífeyrisskuldbindinga lækkaði verulega frá árinu 2000 til 2001. En einnig má nefna að óinnheimtar ríkistekjur jukust töluvert milli ára. Jafnan hefur á undanförunum árum verið talsverður munur á tekjuafgangi og handbæru fé frá rekstri, ekki síst vegna hárrar gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga.

Tafla 16 Handbært fé frá rekstri 1997 - 2001

<i>Í m.kr.</i>	<i>Tekjuafgangur (tekjuhalli)</i>	<i>Handbært fé frá rekstri</i>
2001	8.643	514
2000	(4.286)	17.506
1999	23.631	17.015
1998	(8.789)	11.657
1997	10.242	1.630

Árið 1997 var ekki gert sjóðstreymi fyrir A-hluta ríkissjóðs og er því hér um að ræða að hluta til áætlaðar fjárhæðir fyrir það ár.

Lánsfjárfjöfnuður

Í umfjöllun um ríkisfjármál ber hugtökin lánsfjárfjöfnuður, lánsfjárbörf og lánsfjárafgangur jafnan á góma. Lánsfjárfjöfnuður getur bæði verið jákvæður og neikvæður. Lánsfjárbörf er neikvæður lánsfjárfjöfnuður og er notuð til að lýsa þörf ríkissjóðs fyrir lánsfé til að fjármagna greiðsluhalla, nýjar lánveitingar umfram innheimtar afborganir, greiðslu afborgana af skuldum og breytingu á handbæru fé. Lánsfjárafgangur er hins vegar jákvæður lánsfjárfjöfnuður og er mælikvarði á hversu mikið fé ríkissjóður hefur til ráðstöfunar til að greiða niður skuldir á árinu.

Rétt er að fram komi að lánsfjárfjöfnuður byggir á greiðsluhreyfingum þannig að einungis lánahreyfingar sem hafa áhrif á sjóðstöðu ríkissjóðs eru teknar með. Hækkun reiknaðra skuldaliða eins og lífeyrisskuldbindinga hefur ekki áhrif á lánsfjárfjöfnuðinn. Þá eru brúttó tölur fyrir

innlenda ríkisvíxla inni í fjárhæðum fyrir lántökur og afborganir í töflu sem hér fylgir.

Fram til ársins 1997 var viðvarandi lánsfjárförf hjá ríkissjóði en dæmið snérist við á því ári í lánsfjárafgang að fjárhæð 2,8 ma.kr. Árin 1998 til 2000 varð umtalsverður lánsfjárafgangur hjá ríkissjóði. Mestur varð hann árið 1999 eða 19,1 ma.kr. eða 3,1% af landsframleiðslu. Árið 2001 var hins vegar lánsfjárförf að fjárhæð 40,2 ma.kr. eða 5,4% af landsframleiðslu.

Tafla 17 Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs (A-hluta) 1997 - 2001

<i>Í m.kr.</i>	<i>Lántökur</i>	<i>Afborganir</i>	<i>Lántökur umfram af- borganir</i>	<i>Lækkun (hækkun) á handbæru fé</i>	<i>Lánsfjárförf (lánsfjáraf- gangur)</i>
2001	90.208	(48.567)	41.641	(1.386)	40.255
2000	80.932	(89.112)	(8.180)	(1.294)	(9.474)
1999	61.613	(78.250)	(16.637)	(2.482)	(19.119)
1998	71.021	(80.531)	(9.510)	(7.316)	(16.826)
1997	89.943	(92.592)	(2.649)	(176)	(2.825)

Tafla 18 Rekstrarreikningur ríkissjóðs (A-hluta)

<i>Í m.kr.</i>	2001	2000	Breyt.	%
Tekjur				
Skatttekjur:				
Skattar á tekjur einstaklinga	52.506	44.125	8.381	19,0
Skattar á tekjur lögaðila	9.551	9.679	(128)	(1,3)
Aðrir skattar á tekjur	6.839	5.791	1.048	18,1
Tryggingagjöld	21.909	19.680	2.229	11,3
Eignarskattar	10.596	9.872	724	7,3
Virðisaukaskattur	72.147	71.903	244	0,3
Vörugjöld og aðrir sértækir veltuskattar	28.909	30.941	(2.032)	(6,6)
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	8.557	8.122	435	5,4
Aðrir skattar	714	538	176	32,7
Skatttekjur alls	211.729	200.651	11.077	5,5
Rekstrartekjur:				
Arðgreiðslur	1.917	2.477	(560)	(22,6)
Vextir og aðrar eignatekjur	14.727	10.698	4.029	37,7
Neyslu- og leyfisgjöld	5.782	5.347	435	8,1
Sektir	848	508	340	66,9
Rekstrartekjur alls	23.274	19.030	4.244	22,3
Sala eigna	1.065	635	430	67,7
Fjárframlög	1.288	1.231	57	4,6
Endurmat á virði ríkisfyrirtækja	0	3.167	(3.167)	(100,0)
Tekjur samtals	237.356	224.715	12.641	5,6%
Gjöld				
Æðsta stjórn ríkisins	2.111	2.149	(38)	(1,8)
Forsætisráðuneyti	1.146	1.459	(313)	(21,5)
Menntamálaráðuneyti	26.803	22.459	4.344	19,3
Utanríkisráðuneyti	4.965	4.807	158	3,3
Landbúnaðarráðuneyti	11.039	9.502	1.537	16,2
Sjávarútvegsráðuneyti	2.813	2.508	305	12,2
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	12.901	11.574	1.327	11,5
Félagsmálaráðuneyti	16.767	11.266	5.501	48,8
Heilbrigðis- og tryggingamálar.	84.559	78.479	6.080	7,7
Fjármálaráðuneyti	23.706	48.981	(25.275)	(51,6)
Samgönguráðuneyti	15.869	13.315	2.554	19,2
Iðnaðarráðuneyti	2.972	2.631	341	13,0
Viðskiptaráðuneyti	1.450	1.404	46	3,3
Hagstofa Íslands	399	378	21	5,6
Umhverfissráðuneyti	3.290	2.842	448	15,8
Fjármagnskostnaður	17.923	15.245	2.678	17,6
Gjöld samtals	228.713	229.001	(286)	(0,1)
Tekjuafgangur (tekjuhalli)	8.643	(4.286)	12.927	(301,6)

Tafla 19 Efnahagsreikningur ríkissjóðs (A-hluta) 31. desember

<i>Í m.kr.</i>	<i>2001</i>	<i>2000</i>	<i>Breyt.</i>	<i>%</i>
Eignir				
Langtímakröfur og áhættufjármunir:				
Veitt löng lán	93.049	70.919	22.130	31,2
Næsta árs afborganir fluttar á skammtímakröfur	(14.036)	(8.297)	(5.739)	69,2
Hlutabréf og stofnfjárframlög	92.779	74.658	18.121	24,3
Langtímakröfur og áhættufjármunir alls	171.792	137.280	34.512	25,1
Veltufjármunir:				
Vöru- og efnisbirgðir	903	776	127	16,4
Óinnheimtar ríkistekjur	53.400	46.032	7.368	16,0
Skammtímakröfur, aðrar	8.514	5.632	2.882	51,2
Næsta árs afborganir af veittum löngum lánum	14.036	8.297	5.739	69,2
Handbært fé, nettó	18.046	16.830	1.216	7,2
Veltufjármunir alls	94.899	77.567	17.332	22,3
Eignir samtals	266.691	214.847	51.843	24,1
Skuldir og höfuðstóll				
Höfuðstóll:				
Höfuðstóll í ársbyrjun	(198.101)	(171.609)	(26.492)	15,4
Höfuðstóll í ársbyrjun, leiðrétting	(68)	(266)		
Endurmat	(35.265)	(21.940)	(13.325)	60,7
Tekjujöfnuður	8.643	(4.286)	12.929	-
Höfuðstóll í árslok	(224.791)	(198.101)	(26.690)	13,5
Lífeyrisskuldbindingar	167.746	163.007	4.739	2,9
Langtímaskuldir:				
Áfallnir ógjaldfallnir vextir	13.962	16.251	(2.289)	(14,1)
Tekin löng innlend lán	73.902	66.750	7.152	10,7
Tekin löng erlend lán	198.289	139.325	58.964	42,3
Næsta árs afborganir fluttar á skammtímaskuldir	(27.596)	(21.355)	(6.241)	29,2
Langtímaskuldir alls	258.557	200.971	57.586	28,7
Skammtímaskuldir:				
Krafa á ríkistekjur	1.132	1.152	(20)	(1,7)
Ógreidd gjöld (án vaxta)	6.081	5.568	513	9,2
Áfallnir ógjaldfallnir vextir	7.898	6.846	1.052	15,4
Tekin stutt lán	12.160	6.205	5.955	96,0
Aðrar skammtímaskuldir	10.311	7.845	2.466	31,4
Næsta árs afborganir langtímaskulda	27.596	21.355	6.241	29,2
Skammtímaskuldir alls	65.177	48.970	16.205	33,1
Skuldir samtals	491.480	412.948	78.530	19,0
Skuldir og höfuðstóll samtals	266.691	214.847	51.839	24,1

Tafla 20 Sjóðstreymi ríkissjóðs (A-hluta)

<i>Í m.kr.</i>	<i>2001</i>	<i>2000</i>	<i>Breyt.</i>	<i>%</i>
Rekstrarhreyfingar:				
Tekjujöfnuður	8.643	(4.286)	12.929	-
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé:				
Lífeyrisskuldbindingar	(1.119)	21.875	(22.994)	(105,1)
Afföll af teknum lánum	2.663	2.540	123	4,8
Áfallin ógjaldfallin vaxtagjöld langtímaskulda	(3.370)	(5.500)	2.130	(38,7)
Gjaldfærð ríkisábyrgð	450			-
Söluhagnaður af eignum	(535)	24	(559)	-
Tekjufærsla v/endurmats félaga	(90)	(3.167)	3.077	(97,2)
	(2.001)	15.772	(18.223)	(115,5)
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda:				
Afskrifaðar skattkröfur	5.944	11.350	(5.406)	(47,6)
Viðskiptakröfur	(9.936)	(5.697)	(4.239)	74,4
Viðskiptaskuldir	(2.136)	367	(2.503)	-
Handbært fé frá rekstri	514	17.506	(17.442)	(99,6)
Fjárfestingarhreyfingar:				
Lánveitingar	(20.766)	(5.944)	(14.822)	-
Afborganir veittra lána	8.275	9.235	(960)	(10,4)
Fyrirfram greitt upp í langtímakostnað	(14.276)	(8.762)	(5.514)	62,9
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	(11.675)	(249)	(11.426)	-
Sala hlutabréfa og eignarhluta	338	228	110	48,2
Fjárfestingarhreyfingar alls	(38.104)	(5.492)	(32.612)	-
Fjármögnunarhreyfingar:				
Tekin stutt lán, nettó	5.955	(3.948)	9.903	-
Tekin löng lán	66.182	39.838	26.344	66,1
Afborganir lána	(33.160)	(46.610)	13.450	(28,9)
Gengismunur og endurmat sjóðs- og bankareikn.	(171)	182	(353)	-
Fjármögnunarhreyfingar alls	38.806	(10.538)	49.344	-
Breyting handbærs fjár	1.216	1.476	(260)	(17,6)
Handbært fé í ársbyrjun	16.830	15.354	1.476	9,6
Handbært fé í árslok	18.046	16.830	1.216	7,2

3 Innra eftirlit og innri endurskoðun

Samkvæmt lögum nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun á stofnunin að sjá um fjárhagsendurskoðun og stjórnsluendurskoðun á ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum. Í tengslum við fjárhagsendurskoðun á stofnunin jafnframt að „kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur“. Hlutverk Ríkisendurskoðunar er því umfangsmeira en hlutverk ytri endurskoðenda almennt en það beinist einkum að fjárhagslegu innra eftirliti sem tengist bókhaldi og reikningskilum.

Á undanförunum árum hefur Ríkisendurskoðun lagt aukna áherslu á að ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki efla innra eftirlit hjá sér. Við fjárhags- og stjórnsluendurskoðun Ríkisendurskoðunar á ýmsum ríkisstofnunum hefur í mörgum tilvikum komið í ljós að innra eftirliti var áfátt. Stofnunin hefur kannað hvernig þessum málum er háttað erlendis en þar er sífellt lögð meiri áhersla á eftirlit og endurskoðun á sjálfum rekstrinum, sem miðar að því að hann verði sem hagkvæmastur og skili sem mestum virðisauka.

Liður í þessari áherslu Ríkisendurskoðunar á innra eftirliti er útgáfa nokkurra rita tengdum þessum málaflokki. Stofnunin gaf út rit er nefnist „*Rekstraröryggi upplýsingakerfa*“ í október 1998 og í desember sama ár kom út rit er nefnist „*Innra eftirlit*“. Í júlí 1997 var gefið út rit er nefnist „*Ártalið 2000*“ og í september 1999 rit er nefnist „*2000-hæfni vélbúnaðar og hugbúnaðar ríkisaðila*“, sem einnig tengjast innra eftirliti. Í október 1999 kom síðan út rit er nefnist „*Innri endurskoðun*“. Voru rit þessi send öllum ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum um leið og þau höfðu verið gefin út.

Viðbrögð við þessum ritum hafa verið mikil og jákvæð. Hefur Ríkisendurskoðun t.d. borist fjöldi beiðna um aðstoð við að koma á virku eða virkara innra eftirliti hjá ýmsum ríkisstofnunum hvort heldur þau hafa á að skipa sérstakri innri endurskoðunardeild eða ekki.

Fjárhagsendurskoðun Ríkisendurskoðunar á ríkisstofnunum á liðnum árum hefur falið í sér skoðun á innra eftirliti þeirra eins og lög nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun gera ráð fyrir. Margar ábendingar um skipulagningu innra eftirlits hafa komið fram í hefðbundnum endurskoðunarskýrslum stofnunarinnar.

Í endurskoðunarskýrslu Ríkisendurskoðunar með ríkisreikningi fyrir árið 1998 er að finna kafla þar sem fjallað er almennt um innri endurskoðun og innra eftirlit. Jafnframt er þar yfirlit þar sem dregnar eru saman niðurstöður fjárhagsendurskoðunar á 54 stofnunum fyrir árið 1998. Samsvarandi yfirlit er að finna í endurskoðunarskýrslu Ríkisendurskoðunar með ríkisreikningi fyrir árið 1996. Niðurstaða þessa samanburðar er sú að fjárhagslegt innra eftirlit fer batnandi hjá stofnunum ríkisins. Öðrum þáttum þess hefur hins vegar ekki verið sinnt sem skyldi eins og vikið verður að síðar.

Úttektir Ríkisendurskoðunar á innra eftirliti

Ríkisendurskoðun hafði í ársbyrjun 2002 gert úttekt á innra eftirliti hjá fimm stofnunum og skilað skýrslum þar að lútandi. Um er að ræða:

- Íslandspóst hf., tvær skýrslur í febrúar og desember 2000
- Tryggingastofnun ríkisins, júlí 2001
- Landspítala-háskólasjúkrahús, september 2001
- Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, janúar 2002

Á árinu 2002 hefur verið unnið að þremur skýrslum um innra eftirlit, þ.e. hjá Tollstjóranum í Reykjavík, Lánasjóði íslenskra námsmanna og hjá Lífeyrissjóðum starfsmanna ríkisins og hjúkrunarfræðinga.

Enda þótt markmiðið með öllum úttektunum hafi verið að stuðla að virkara innra eftirliti hjá þeim stofnunum sem hlut áttu að máli eru efnistöð Ríkisendurskoðunar breytileg frá einni skýrslu til annarar. Þannig var markmið í einu tilviki að koma á innri endurskoðunardeild og benda á atriði sem sú deild ætti að leggja áherslu á þegar í upphafi. Í öðru tilviki var markmiðið að kanna starfsemi endurskoðunardeildar stofnunar og ganga úr skugga um hvort breytingar sem á þeirri deild höfðu verið gerðar væru að skila tilætluðum árangri. Ríkisendurskoðun hafði nokkru áður aðstoðað stofnunina við gerð

erindisbréfs fyrir forstöðumann innri endurskoðunardeildarinnar. Ein skýrslanna tók fyrst og fremst til ytra og innra starfsumhverfis viðkomandi stofnunar og var m.a. bent á leiðir til að koma öllum samskiptum, bæði innan og utan stofnunar í betra horf.

Í öllum þessum skýrslum er almennt fjallað um starfsumhverfi þessara stofnana svo sem lög og reglugerðir, verklagsreglur, verkvið stjórnenda, stefnu- og þjónustumarkmið, áætlanagerð og starfsmannastefnu. Í nokkrum tilvikum var farið dýpra í innviði viðkomandi stofnunar og m.a. unnið að gerð verkferla með starfsmönnum.

Innra eftirlit

Með innra eftirliti er átt við innbyggt ferli og aðgerðir innan stofnunar eða fyrirtækis. Þessar aðgerðir eiga að vera eðlilegur hluti af starfi allra starfsmanna. Einkenni innra eftirlits er því að það er stöðugt í gangi. Hversu vel sem innra eftirlit er skilgreint og framkvæmt þá stuðlar það aðeins að því að fyrirtækið nái markmiðum sínum en tryggir ekki að það nái þeim. Þetta helgast af því að ýmislegt getur haft áhrif á framkvæmdina svo sem mannleg mistök, rangar ákvarðanir stjórnenda eða að stjórnendur víki frá reglum. Þá geta ýmsir ytri áhættuþættir utan valdssviðs stofnunarinnar haft áhrif.

Í stuttu máli má segja að einkenni innra eftirlits sé að það er stöðugt í gangi, það byggir á starfsmönnum og ýmsir þættir takmarka gæðin. Ábyrgð á innra eftirliti í einstökum deildum er hjá forstöðumanni viðkomandi deildar en allir starfsmenn stofnunarinnar hafa skyldum að gegna og verða að sinna þeim ef innra eftirlitið á að skila árangri. Hins vegar þarf almennt að gæta að því að kostnaður við innra eftirlit verði ekki meiri en ávinningurinn.

Innra eftirlit nær því bæði til fjárhagslegs eftirlits og stjórnunarlegs eftirlits. Segja má að innra eftirlit felist í eftirfarandi þáttum:

- Starfsumhverfi
- Áhættumati
- Eftirlitsaðgerðum
- Upplýsingum og samskiptum
- Samtímaeftirliti, þ.e. stöðugu eftirliti og sérstökum úttektum

Í fyrrgreindum úttektum sínum á innra eftirliti hjá ríkisstofnunum hefur Ríkisendurskoðun að jafnaði byggt skýrslur sínar upp á þessum þáttum.

Starfsumhverfi

Starfsumhverfi tekur til þeirra innri og ytri þátta sem hafa bein eða óbein áhrif á rekstur stofnunar eða fyrirtækis. Athugun á innra eftirliti í starfsumhverfi hefst gjarnan á því að ganga úr skugga um hvort stefna og markmið stofnunarinnar er bundin í lögum og reglugerðum og ef svo er, hvort og með hvaða hætti farið er eftir þessum lögum og reglugerðum.

Í starfsumhverfi hverrar stofnunar er að finna þá eftirlitsmenningu sem þar ríkir en hún hefur áhrif á það hversu árangursríkar tilteknar tegundir innra eftirlits eru. Þar er að finna viðhorf, skilning og aðgerðir stjórnenda og annarra yfirmanna vegna innra eftirlits og mikilvægi þess fyrir viðkomandi starfsemi. Auk jákvæðs viðhorfs eru verkaskipting, agi og fræðsla um tilgang innra eftirlits ein helsta forsenda fyrir góðum árangri af því.

Þegar ákvörðun hefur verið tekin um að fram fari úttekt á innra eftirliti stofnunar er það reynsla Ríkisendurskoðunar að nauðsynlegt sé að fram fari góð kynning á verkefninu. Ástæðan er ekki síst sú að til þess að koma á góðu innra eftirliti þurfa starfsmenn að skilja tilgang þess og viðhorf þeirra gagnvart því verður að vera jákvætt. Einnig þarf að leggja áherslu á að um samstarfsverkefni verið að ræða en ekki einhliða fyrirmæli frá endurskoðandanum. Hlutverk endurskoðandans er fyrst og fremst að leggja mat á styrkleika innra eftirlits og skipuleggja sína endurskoðunarvinnu í samræmi við það mat.

Áhættumat

Öllum rekstri fylgir einhver áhætta. Eðli starfseminnar ræður því hvaða þættir eru taldir til áhættuþátta í viðkomandi rekstri. Mikilvægur liður í innra eftirliti er að stjórnendur geri sér grein fyrir þeirri áhættu sem reksturinn stendur frammi fyrir. Óflugt innra eftirlit krefst því áhættumats. Áður en áhættumat getur farið fram þarf stofnunin að setja sér markmið, bæði heildarmarkmið og undirmarkmið sem t.d. geta tengst einstökum deildum. Ferli áhættumats er að greina áhættuþættina í starfsumhverfinu, meta líkur á tjóni og kostnað samfara því, taka

ákvörðun um markmið með eftirlitsaðgerðum og grípa að lokum til þeirra aðgerða sem stjórnendur telja skynsamlegar. Þessu til viðbótar er nauðsynlegt að koma sér upp einhvers konar aðvörunarkerfi sem fer í gang þegar hættu er yfirvofandi sem og kerfi til að draga úr tjóni og kostnaði verði hættan að veruleika.

Áhættan sem rekstur stofnana stendur frammi fyrir er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða eðlislæga áhættu, þ.e. áhættu sem er innbyggð í viðkomandi tegund rekstrar eða það umhverfi sem reksturinn býr við, einskonar ytri áhætta. Ekki er hægt að hafa bein áhrif á þessa áhættuþætti. Á hinn bóginn þarf að gera sér grein fyrir þeim til að geta brugðist rétt við. Hins vegar er um að ræða stjórnunarlega áhættu eða innri áhættu, þ.e. hættu sem á uppruna sinn í viðkomandi stofnun eða fyrirtæki og getur verið tengd ákveðnum þáttum þess svo sem starfsmönnum, skipulagi, tölvukerfi og gæðum innra eftirlits í stofnuninni. Hægt er að hafa bein áhrif á þessa tegund áhættu. Mikilvægt er að gera greinarmun á þessum tveimur tegundum áhættu þar sem þær kalla á mismunandi úrlausnir.

Allt ferli áhættumats þarf að endurmeta reglulega enda geta breytt skilyrði bæði í innra og ytra starfsumhverfi gjörbreytt áhættuþáttunum hjá viðkomandi stofnun.

Fyrirgreindar úttektir Ríkisendurskoðunar á innra eftirliti hjá nokkrum ríkisstofnunum hafa leitt í ljós að stofnanirnar hafa ekki skilgreint þá áhættuþætti sem þær standa frammi fyrir né heldur gert formlegt áhættumat. Engu að síður er ljóst að stofnanirnar hafa hver um sig gripið til ákveðinna aðgerða vegna viðkvæmra verkþátta í eigin starfsemi. Á hinn bóginn er líka ljóst að skortur á áhættugreiningu, formlegu áhættumati og ákvörðun um aðgerðir sem byggja á niðurstöðum þess, geta valdið tjóni og hindrað þannig að markmið stofnunarinnar náist. Þannig liggur t.d. ekki fyrir hvort þær aðgerðir sem e.t.v. er gripið til eru hæfilegar, þ.e. of miklar eða of litlar. Hafi áhættuþátturinn ekki komið upp á yfirborðið eru engar líkur á að reynt sé að varast hann. M.a. vegna þessa er ljóst að innra eftirliti hjá umræddum stofnunum er að nokkru leyti ábótavant.

Það áhættumat sem fram hefur farið hjá stofnunum hefur í flestum tilfellum takmarkast við tiltekna þætti, s.s. réttmæti útgjalda, meðferð sjóðs og bankareikninga, eignaskráningu o.s.frv. Þessi vandamál hafa oftast verið leyst með aðgreiningu starfa, samþykktarferli og reglu-

bundnum talningum eigna og birgða. Áhættan er hins vegar mun víðar og má sem dæmi nefna eftirfarandi þætti:

- Aðgangur að húsnæði
- Starfsmannavelta
- Brunavarnir
- Öryggisgæsla
- Upplýsingakerfi
- Aðgangur að tölvuherbergi
- Aðgangur að upplýsingum

Að mati Ríkisendurskoðunar er ástæða til að skylda stofnanir að tiltekinni stærð (t.d. miðað við fjölda starfsmanna eða veltu) eða sem hafa með höndum umtalsverða eigna- og fjármálaumsýslu til að gera formlegt áhættumat með reglubundnum hætti.

Eftirlitsaðgerðir

Ákvörðunum um að draga úr eða útiloka tiltekna áhættuþætti verður að fylgja eftir með viðeigandi aðgerðum innan stofnana og fyrirtækja. Eftirlitsaðgerð nær til allra aðgerða sem auka líkur á að rekstraraðili nái markmiðum sínum, hvort sem um er að ræða staðfestingu með áritun, verkaskiptingu, verklagsreglur, aðgangstakmarkanir, öryggisgæslu eða öðru. Almennt gildir að því stærrí sem áhættuþáttur er þeim mun viðameiri þurfa eftirlitsaðgerðir að vera. Eftirlitsaðgerðir má flokka á eftirfarandi hátt:

- Aðgerðir stjórnenda
Hér er hættan sú að stjórnendur fylgi ekki sjálfir þeim reglum sem þeir hafa sett til að tryggja viðunandi innra eftirlit. Í sumum tilvikum virðist sem stjórnendur telji að það sé nóg að setja reglur en ekki að fylgjast með því hvort eftir þeim er farið eða hvort þær þurfa endurnýjunar við vegna breyttra aðstæðna.
- Aðgerðir sem byggja á skipulagi
Margar opinberar stofnanir eru það litlar að viðunandi aðgreiningu mikilvægra starfa verður ekki viðkomið. Í þeim tilvikum þurfa stjórnendur að auka eftirlit með þeim starfsmönnum sem hlut eiga að máli. Oftar en ekki eru fyrir hendi skipurit sem eiga að sýna aðgreiningu starfa og ábyrgð. Á hinn bóginn er algengt að þessi skipurit séu orðin úrelt vegna skipulagsbreytinga eða nýrra verkefna.

Þá huga stjórnendur oft ekki að því að einstakir starfsmenn eru orðnir of „mikilvægir“, þ.e. þeir hafa einir orðið sérþekkingu á ákveðnu starfssviði eða verkþáttum. Þetta getur verið mjög hættulegt og skapað mikil vandamál, t.d. ef viðkomandi lætur skyndilega af störfum. Því verður að tryggja, þar sem því verður við komið, að minnsta kosti tveir starfsmenn geti sinnt mikilvægustu störfunum. Ef slíkt er ekki framkvæmanlegt þarf að liggja fyrir nákvæm lýsing á verklagi og verkferlum hjá viðkomandi starfsmanni.

- Aðgerðir byggðar á staðfestingu
Algengasta form staðfestinga er áritun um samþykki útgjalda, þ.e. að greiða megi viðkomandi reikning. Oftast er það forstöðumaður viðkomandi stofnunar sem veitir slíkt samþykki. Á undanförunum árum hafa hins vegar oft komið upp vandamál sem lúta að því að staðfesta að viðkomandi vara hafi komið í hús eða að þjónusta hafi verið innt af hendi. Sérstaklegar er þetta vandamáli í stærri stofnunum þar sem forstöðumaður hefur ekki nægjanlega yfirsýn yfir reksturinn.
- Aðgerðir til að tryggja gæði
Aðgerðir sem tryggja eiga gæði geta verið af margvíslegum toga. Oftast tengjast þær þó bókhaldi og öðrum upplýsingakerfum viðkomandi stofnunar. Megintilgangurinn er að tryggja að ákvarðanatök stjórnenda byggji á réttum og tímanlegum upplýsingum. Stofnanir hafa einnig í auknum mæli reynt að mæla gæði þeirra þjónustu sem þeim er ætlað að veita. Víða hefur verið komið á fót þjónustuborðum, heimasíðum o.fl. til að miðla upplýsingum. Að öllu jöfnu fer ekki fram könnum meðal viðskiptavina eða þarfa greining áður en ráðist er í gerð t.d. dýrra heimasíðna. Þá hefur atvikaskráningu í mörgum tilvikum verið ábótavant. Í henni felst að allar kvartanir og fyrirspurnir eru skráðar með skipulögðum hætti. Slík skráning gefur stofnun færi á að breyta verklagi eða þjónustunni.
- Aðgerðir vegna upplýsingakerfa
Flestir ríkisaðilar eru svo háðir upplýsingakerfum að ef þau eru ekki í lagi er starfsemi viðkomandi meira og minna lömuð. Skiptir þá engu máli hvar þau eru staðsett. En það er ekki aðeins ástand kerfanna sem skapað geta vandamál. Þær stofnanir, sem reka eigin upplýs-

ingakerfi, hafa ekki í öllum tilvikum markað sína eigin öryggisstefnu, hvorki hvað varðar aðgang eða afritatöku. Mikilvægt er að móta stefnu varðandi aðgang starfsmanna að tölvukerfum. Athuganir Ríkisendurskoðunar hafa leitt í ljós ýmsa hnökra í þessu sambandi. Dæmi eru um að fleiri en einn starfsmaður noti sama aðgangsorð, ekki eru fylgst með tímabundnum aðgangi, starfsmenn láti aðgangsorð liggja á glámbekk eða upplýsi aðra starfsmenn um það og starfsmönnum er veittur aðgangur sem ekki samrýmist störfum þeirra innan stofnunarinnar. Þá þarf að bæta afritatökur og tryggja að eitt eintak sé varðveitt utan stofnunar. Aðgangur starfsmanna að tölvuherbergjum er oft óheftur.

Upplýsingar og samskipti

Til þess að forstöðumenn geti stjórnað rekstrinum þurfa þeir að fá áreiðanlegar og viðeigandi upplýsingar um hann. Gögn þarf því að skrá og síðan vinna úr þeim upplýsingar sem miðlað er til stjórnenda og annarra innan stofnunar eða fyrirtækis. Gæði upplýsinganna skipta miklu máli fyrir ákvarðanatöku en mat á gæðum upplýsinga felst í því að kanna hvort þær eru viðeigandi, tímanlegar, í gildi, nákvæmar og aðgengilegar. Gæði upplýsinganna eru í réttu hlutfalli við styrkleika innra eftirlits.

Skilvirk samskipti eru mikilvægir liðir í innra eftirliti. Eðli máls samkvæmt eiga upplýsingakerfi að miðla upplýsingum tímanlega bæði til starfsmanna og annarra sem á þeim þurfa að halda.

Við athugun Ríkisendurskoðunar á innra eftirliti tengdum upplýsingum og samskiptum hefur oftast en ekki komið í ljós að boðleiðir innan stofnunar eru ekki nægilega skýrar til að þær tryggi eðlilegt upplýsingaflæði milli deilda og starfsmanna. Þá hafa einnig komið í ljós brotalamir í boðleiðum og upplýsingaflæði frá stofnuninni til helstu samskiptaaðila.

Samtímaeftirlit

Samtímaeftirlit er af tvennum toga. Annars vegar er um að ræða stöðug eftirlit sem á að vera innbyggt í flest dagleg störf og hins vegar sérstakar úttektir á innra eftirlitinu. Því öflugra sem stöðuga eftirlitið er því minni þörf er á sérstökum úttektum.

Til eru margar aðferðir til fylgjast með virkni innra eftirlits. Venjulega eru þær þó fólgnar í almennri verkstjórn, samanburði, samræmingu og öðrum hefðbundnum stjórnunarstörfum. Má í því sambandi nefna hvort saman fer vald og ábyrgð og hvort fyrir hendi er eðlilegur aðskilnaður starfa.

Markmiðið með því að koma sér upp sérstöku eftirlitskerfi eða sérstöku úttektum getur m.a. verið það að eftirlitskerfið eigi að vera einn liður í innra eftirliti stofnunar. Tvær þeirra stofnana sem athugun Ríkisendurskoðunar á innra eftirliti tók til hafa komið sér upp vísi að slíku eftirlitskerfi.

Innri endurskoðun

Hjá stærstu stofnunum starfa endurskoðunardeildir sem hafa það hlutverk að aðstoða stjórnendur við að bæta viðkomandi rekstur og stuðla að hagkvæmri og skilvirkri nýtingu á fjármunum stofnana og fyrirtækja. Jafnframt á innri endurskoðun að veita stjórnendum viðunandi tryggingu fyrir því að öll starfsemi sé með eðlilegum hætti.

Innri endurskoðun á að starfa sem óháð eining innan viðkomandi fyrirtækis en í beinum tengslum við æðstu stjórnendur. Fyrir bragðið skiptir staðsetning deildarinnar í skipuriti stofnunar máli, þ.e. að deildin heyrir beint undir æðstu stjórnendur. Þá er mikilvægt að innri endurskoðun skipti sér ekki af daglegum rekstri. Innri endurskoðun á m.a. að skoða, þróa og staðfesta tilvist og virkni innra eftirlits en hún kemur ekki í staðinn fyrir öflugt innra eftirlit.

Miklu skiptir að innri endurskoðunardeild heyrir beint undir yfirstjórn fyrirtækisins og að hún njóti stuðnings æðstu stjórnenda fyrirtækisins. Þá ber slíkri deild að leggja hlutlaust mat á þau atriði sem hún skoðar hverju sinni. Stjórnendur verða að tryggja deildinni bein samskipti við alla starfsmenn fyrirtækisins og aðgang að öllum gögnum án milli-göngu æðstu stjórnenda.

4 Sérstakar áherslur í endurskoðun á árinu 2001

Venjubundinni fjárhagsendurskoðun er að mestu hagað í samræmi við endurskoðunaráætlanir sem taka mið af mati endurskoðandans á mikilvægi og áhættu hinna ýmsu liða í bókhaldi og fjárvörslu stofnana. Þá eru niðurstöður frá endurskoðun fyrri ára mjög ráðandi um áhersluatriði við endurskoðunina. Eins og gefur að skilja beinist endurskoðunarvinnan því alla jafnan að sömu atriðum í hvert skipti. Á undanförunum árum hefur Ríkisendurskoðun hins vegar lagt aukna áherslu á að kanna sérstaklega í tengslum við endurskoðun stofnana, tiltekin atriði er varða rekstur þeirra, einkum atriði er lúta að fyrirkomulagi og ástandi bókhalds, reikningsskila, fjárreiðna og innra eftirlits, og þá hjá öllum stofnunum sem hún endurskoðar. Í skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2000 var þannig greint frá niðurstöðum af athugunum á fjármálastjórn stofnana, tölvusamningum, fyrirkomulagi launamála, meðhöndlun tekna og innra eftirliti. Í skýrslu um endurskoðun 1999 var með sama hætti fjallað um innra eftirlit, áætlanagerð og verkefnavísa. Við endurskoðun vegna ársins 2001 var ákveðið að athuga sérstaklega eftirtalin fimm atriði:

- Samskipti stofnana við birgja
- Fjárvörslu
- Virðisaukaskattskylda starfsemi
- Launaákvæðanir vegna yfirmanna
- Innra eftirlit

Samskipti stofnana við birgja

Markmið endurskoðunar er hér að sannreyna að eðlilega sé staðið að kaupum á vöru og þjónustu hjá viðkomandi stofnuninni og að sú vara og þjónusta sem keypt er skili sér til hennar. Endurskoðuninni er

einkum beint að viðskiptum sem teljast umtalsverð. Við endurskoðunina er kannað hverjir hafi heimild til innkaupa fyrir stofnunina og hvaða reglur gildi í því sambandi, hvað hafi ráðið því að viðskiptum sé beint til tiltekinna birgja, hvort leitað hafi verið eftir tilboðum eða útboð verið haldin, og hvort gerðir séu skriflegir samningar um viðskiptin. Lögð er áhersla á að skoða hvort stofnun sé áskrifandi að ramma-samningum Ríkiskaupa og í hvað mæli þeir eru notaðir við innkaupin. Hjá stærri stofnunum kunna margir aðilar að annast innkaup og þá er jafnframt kannað hvort notast sé við beiðnakerfi og þá í hvaða tilvikum. Einnig beinist endurskoðun vegna innkaupa að því hvernig staðið er að móttöku á keyptum vörum. Endurskoðunin felst í að leita svara við ofangreindum atriðum með viðtölum við þá aðila sem sjá um innkaupin og með því að skoða úrtak af innkaupareikningum og sannreyna verklagið. Einnig er sannreynt eftir því sem tók eru á að vara og þjónusta hafi borist og sé í samræmi við reikninga.

Upplýsingar lágu fyrir um innkaupaferil hjá 147 stofnunum. Almennt sjá fleiri en einn aðili um innkaupin og þá oft forstöðumaður og yfirmenn sviða eða deilda. Sjaldnast eru notaðar skriflegar innkaupa-beiðnir. Algengt er forstöðumaður eða aðrir til þess bærir aðilar samþykki reikninga eftir á. Nokkrar stofnanir hafa komið sér upp skjalfestum reglum eða samþykktarkerfi vegna innkaupa. Upp og ofan er hvort skriflegir samningar eru gerðir vegna kaupa á vöru og þjónustu. Skriflegir samningar eru stundum gerðir vegna stærri innkaupa. Einnig liggja stundum fyrir samningar vegna einstakra viðskipta, t.d. vegna kaupa eða reksturs á tölvubúnaði. Flestar stofnanir eiga hins vegar aðild að rammamningum Ríkiskaupa.

Til að sannreyna að einungis sé greitt fyrir móttæknar vörur, tíðkast oft að sá sem tekur við vörunni beri hana saman við meðfylgjandi vöru-eikning og kvitti fyrir. Hjá nokkrum stofnunum kom fram að styrkja þyrfti þetta kerfi.

Rammamningar Ríkiskaupa grundvallast á útboðum og önnur stærri innkaup eru iðulega einnig boðin út. Ákvarðanir um smærri innkaup eru hins vegar oftast frekar óformlegar og byggjast t.d. á misítarlegum verðkönnunum sem erfitt er fyrir endurskoðendur að sannreyna enda sjaldnast nokkuð skráð um þær. Enda þótt telja verði að innkaup ráðist oft af þeim verði sem stofnunum standa til boða, skipta aðrir þættir einnig máli, eins og góð þjónusta og nálægð við seljanda.

Ríkiskaup hafa samið við Europay á Íslandi um útgáfu greiðslukorts fyrir ríkisstofnanir til notkunar við kaup á vörum og þjónustu. Tilgangurinn með kortinu er að einfalda smáinnkaup ríkisins og draga úr umsýslukostnaði vegna þeirra. Fáar stofnanir hafa ennþá tekið þetta kort í notkun. Hins vegar er nokkuð algengt að stofnanir noti kreditkort vegna ferðalaga erlendis og greiðslukort olíufélaga vegna rekstur bifreiða.

Fjárvarsla

Áríðandi er að bankareikningar séu stemmdir reglulega af við yfirlit frá banka. Einnig þarf að skrá og telja sjóði vegna staðgreiðsluviðskipta og sama máli gegnir þegar stofnun er með birgðir t.d. af rekstrarvörum. Almennt leiðir endurskoðun í ljós að vel sé haldið utan um bankareikninga og sjóði hjá stofnunum ríkisins.

Virðisaukaskattskyld starfsemi

Fjöldi ríkisstofnana hefur með höndum starfsemi þar sem standa ber skil á virðisaukaskatti. Í sumum tilvikum er aðeins um að ræða rekstur mötuneyta fyrir starfsfólk en í öðrum getur verið um að ræða umtalsverðar skattskyldar tekjur vegna sölu á vöru og þjónustu. Jafnframt kunna stofnanir að eiga rétt á endurgreiðslu virðisaukaskatts (innskatts), t.d. vegna aðkeyptrar vinnu sérfræðinga. Á undanförunum árum hafa komið upp álitamál um skattskyldu tiltekinnar starfsemi á vegum stofnana og hefur Ríkisskattstjóri kveðið upp nokkra úrskurði og álit þar um. Ríkisendurskoðun hefur jafnan beint því til viðkomandi stofnunar að leita eftir áliti Ríkisskattstjóra þegar óljóst er um skattskyldu.

Endurskoðun á virðisaukaskattskilum beinist að því að kanna hvort stofnun sé með virðisaukaskattskylda starfsemi, þar með talið vegna eigin nota (t.d. eigin iðnaðarmanna, þvottahús o.s.frv.), hvort staðin séu skil á virðisaukaskatti af þeirri starfsemi, hvort innskattur sé rétt tilgreindur í bókhaldi, og loks hvort virðisaukaskatturinn hafi verið stemmdur af og leiðréttingar gerðar ef ástæða er til. Stofnanir sem eru í greiðslu- og bókhaldsþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins þurfa ekki að

sækja um endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna aðkeyptrar sérfræðisþjónustu þar sem endurgreiðslan er reiknuð vélrænt út eftir því sem fært hefur verið á fyrirframskilgreinda bókhaldslykla. Í þeim tilvikum er við endurskoðun sannreynt hvort færslur á þessa bókhaldslykla séu réttar. Aðrar ríkisstofnanir þurfa sjálfar að sækja um endurgreiðslu skattsins og þá er sannreynt við endurskoðun að svo hafi verið gert.

Af þeim 142 aðilum sem virðisaukaskattskylda var könnuð hjá, voru 30 með skattskylda starfsemi og hjá 5 til viðbótar voru þau mál til skoðunar. Hjá langflestum þeirra stofnana sem innheimta virðisaukaskatt voru afstemmingar í lagi og þær stóðu skil á leiðréttingarskýrslum ef ástæða var til. Margar stofnanir eiga rétt á endurgreiðslu virðisaukaskatts m.a. af sérfræðisþjónustu, en athuganir Ríkisendurskoðun benda til þess að víða þurfi að sannreyna betur réttmæti slíkra endurgreiðsla, ekki hvað síst þegar um er að ræða vélræna endurgreiðslu. Reyndar telur stofnunin að hætta beri sjálfvirkri endurgreiðslu virðisaukaskatts til ríkisstofnana en þess í stað sæki þær sjálfar um endurgreiðsluna til skattyfirvalda.

Launaákvæðanir vegna yfirmanna

Eftir því sem dregið hefur úr miðlægri skráningu og eftirliti starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins með launagreiðslum stofnana vex hættan á að slíkum greiðslum sé ekki ávallt hagað í samræmi við kjarasamninga og aðrar lögmætar kjaraákvæðanir. Einkum sýnist áhætta varðandi þetta geta verið hvað varðar laun æðstu yfirmanna stofnana. Við endurskoðun hafa nokkrum sinnum komið upp tilvik þar sem að mati Ríkisendurskoðunar höfðu átt sér stað launagreiðslur til forstöðumanna stofnana sem voru á skjön við þau laun sem þeim bar. Til að endurskoða launagreiðslur til yfirmanna voru launaúrskurðir Kjaranefndar bornir saman launagreiðslur þeirra sem Kjaranefnd ákvarðar laun. Kallað var eftir skýringum þegar um aukagreiðslur var að ræða. Þá voru skoðaðar allar verktakagreiðslur til forstöðumanna og þeirra stjórnenda sem hafa með bókhald og fjárreiður stofnunar að gera. Endurskoðun vegna ársins 2001 gefur ekki tilefni til að ætla annað en að launagreiðslur til stjórnenda ríkisstofnana og þeirra sem annast launaútreikninga séu almennt í samræmi við lögmætar kjaraákvæðanir sem gilda fyrir þessa aðila.

Innra eftirlit

Könnun á fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits er fastur liður í endurskoðun stofnana. Í 3. kafla þessarar skýrslu kemur fram hvað felst í innra eftirliti og hvernig endurskoðun á því er háttað. Hér á eftir er því látið nægja að greina frá niðurstöðum af þeim athugunum sem gerðar voru á nokkrum þáttum innra eftirlits í tengslum við endurskoðun stofnana vegna ársins 2001.

Talið er mikilvægt út frá sjónarmiði innra eftirlits að til sé skriflegt og skýrt stjórnskipulag hjá stofnunum sem sýnir niðurröðun starfa og ábyrgðar. Hjá þeim 120 stofnunum þar sem þetta atriði var kannað, voru um tveir þriðju með þessi mál í lagi. Þá er talið æskilegt að fyrir liggi starfslýsingar en svo virðist sem talsvert skorti ennþá á að þær séu til vegna allra starfsmanna.

Aðgreining ákveðinna verkþátta er einnig talin mikilvæg til að tryggja bætt innra eftirlit og draga þannig úr hættu á mistökum og misferli. Þannig er talið óæskilegt að gjaldkeri sjá einnig um að færa bókhald, reikna út laun og stemma af bankareikninga. Vegna smæðar margra ríkisstofnana getur verið kostnaðarsamt að láta marga starfsmenn skipta þessum störfum á milli sín. Hins vegar nýta margar smærri stofnanir sé bókhalds- og greiðsluþjónustu Fjársýslu ríkisins og koma þannig að ákveðinni aðgreining starfa. Endurskoðun fyrir árið 2001 gefur til kynna að hjá flestum stofnunum sé ásættanleg aðgreining starfa við bókhald og fjárreiður.

Nákvæm skráning eigna er mikilvægur þáttur í innra eftirliti. Við endurskoðun er sannreynt að allar eignir hafi verið skráðar og að eignir sem eru á skrá séu í reynd til staðar. Endurskoðun vegna ársins 2001 bendir til þess að hjá öllum þorra stofnana sé skráning og varsla eigna í lagi. Fyrir nokkrum árum var aftur á móti algengt að endurskoðendur gerðu athugasemdir við að eignaskrá vantaði eða að skráin hefði ekki verið uppfærð. Ennþá er hægt að bæta eftirlit og vörslu birgða með því að telja þær oftár en gert er. Þess ber samt að geta að yfirleitt eru ekki umtalsverðar birgðir hjá stofnunum ríkisins.

Önnur atriði sem stuðla að góðu innra eftirliti er m.a. skjalfestar samþykktareglur vegna reikninga sem stofnun greiðir, að haldið sé utan um númeraröð sölureikninga til að fylgjast með að allar tekjur

skili sér, og að skráð sé viðvera og fjarvistir starfsmanna. Skjalfestar reglur um samþykkt reikninga voru aðeins til hjá um fjórðungi þeirra stofnana sem þetta atriði var kannað hjá á árinu 2001, en fram kom að reglur um áritun væru til hjá hinum þrátt fyrir að þær væru ekki skriflegar. Stofnanir sem hafa tekjur vegna sölu á vöru og þjónustu virðast almennt gefa út fullnægjandi reikninga og halda vel utan um að tekjur skili sér. Loks kom fram að skráning á viðveru og fjarvistum starfsmanna væri almennt í góðu lagi. Ýmist eru stimpilklukkur eða vinnuskýrslur notaðar til að fylgjast með viðveru, auk þess sem orlof, veikindi og aðrar fjarvistir frá vinnu er skráðar.

5 Endurskoðun á efnahag ríkissjóðs

Hér verður fjallað um endurskoðun efnahags A-hluta ríkissjóðs árið 2001. Fyrst er fjallað um handbært fé, skammtímakröfur og skammtímaskuldir. Því næst er umfjöllun um veitt og tekin lán bæði hjá Endurlánum ríkissjóðs og þau lán sem fjármálaráðuneytið hefur sjálft umsjón með og eru bókfærð beint hjá Fjársýslu ríkisins. Fjallað er um afskriftir krafna annarra en skattkrafna og afskriftareikning ríkissjóðs. Einnig er umfjöllun um langtímaskuldir ríkissjóðs.

Eftirfarandi endurskoðunaraðgerðum var beitt við endurskoðun efnahags ríkissjóðs 2001:

- Sjóður hjá ríkisféhirði var talinn um áramót.
- Farið var yfir afstemmingar bankareikninga.
- Við mat á innra eftirliti var einkum stuðst við fyrri athuganir stofnunarinnar.
- Farið var yfir viðskiptareikninga hjá Endurlánum ríkissjóðs.
- Aflað var upplýsinga frá starfsmönnum Fjársýslu ríkisins um þau frávík sem fram komu.
- Farið var yfir veitt lán ríkissjóðs í umsjá fjármálaráðuneytisins.
- Uppgjör spariskírteina og annarra ríkisverðbréfa var kannað hjá Lánasýslu ríkisins.
- Staða bókhalds og lána var könnuð í lok september 2001.
- Skammtímakröfur og -skuldir voru kannaðar.

Handbært fé ríkissjóðs

Handbært fé ríkissjóðs og ríkisstofnana í A-hluta nam alls 18,0 ma.kr. í árslok 2001 en var 16,8 ma.kr. árið á undan. Mestur hluti handbærs fjár ríkissjóðs er á bankareikningum hjá Seðlabanka Íslands. Talningar

Ríkisendurskoðunar á sjóði Ríkisféhirðis þann 2. janúar og 5. febrúar 2002 leiddu í ljós að samræmi var milli gjaldkerakerfisins og sjóðs. Almennt er vel staðið að vörslu og meðferð hans hjá Ríkisféhirði og var talningin án athugasemda.

Bankareikningar höfðu verið stemmdir af miðað við stöðu bankayfirlits í árslok 2001. Ríkisendurskoðun hefur yfirfarið bankaafstemmingarnar og eru ekki gerðar athugasemdir við þær. Að mati Ríkisendurskoðunar þarf að huga að því hvort ekki megi fækka þeim mörgu bankareikningum sem er í bókhaldi ríkissjóðs í ljósi tækninýjunga í bókhaldi og sundurliðunum.

Skammtímakröfur

Skammtímakröfur ríkissjóðs námu 62 ma.kr. í árslok 2001 en kröfur að frátöldum óinnheimtum ríkissjóðstekjum námu 8,5 ma.kr. Eftirfarandi tafla sýnir breytingarnar milli ára.

Tafla 21 Skammtímakröfur ríkissjóðs

<i>Í m.kr.</i>	<i>2001</i>	<i>2000</i>	<i>Breyt.</i>	<i>%</i>
Aðrar skammtímakröfur	8.515	5.632	2.882	51,2
Óinnheimtar ríkistekjur	53.400	46.032	7.368	16,0
Samtals	61.915	51.664	10.250	19,8

Í töflunni hér að ofan kemur fram að útistandandi kröfur A-hluta stofnana hækkuðu milli ára um 10,2 ma.kr. eða 20% sem skýrist að mestu af hærri eftirstöðvum skatttekna en árið á undan. Í reikningskilum fyrir árið 2000 voru gerðar töluverðar leiðréttingar á útistandandi kröfum sem leiddu til lækkunar eftirstöðva í lok ársins 2000. Hækkun óinnheimtra ríkistekna nam 7,4 ma.kr. á árinu 2001 eða 16%. Aðrar skammtímakröfur hækkuðu um 2,9 ma.kr. eða 51%. Meginskýringin er sérstök hækkun skuldaviðurkenninga í tolli vegna listaverka sem flutt voru til landsins á árinu 2001.

Tryggingafé vegna gjaldþrotaskipta

Í árslok 2001 nam krafa ríkissjóðs á hendur þrotabúum 102,3 m.kr. Um er að ræða 688 þrotabú sem skiptast þannig að bú lögaðila eru

392 og bú einstaklinga eru 296. Hér er um að ræða svokallað tryggingafé sem greitt er bústjórum og ætlað er að standa straum af skiptakostnaði að svo miklu leyti sem hann greiðist ekki af eignum búsins. Þessi trygging hefur um árabil numið allt að 150 þús. kr. en í sumum tilfellum hefur verið greidd lægri fjárhæð. Kröfur þessar ná allt aftur til ársins 1993.

Tafla 22 Kröfur ríkissjóðs á þrotabú

<i>Fjárhæðir í þús. kr.</i>	<i>Fjöldi þrotabúa</i>	<i>Fjárhæð krafna</i>
1993	27	3.975
1994	42	5.550
1995	25	2.975
1996	29	3.150
1997	27	2.850
1998	55	9.150
1999	105	15.975
2000	161	26.100
2001	217	32.550
Samtals	688	102.275

Ríkisendurskoðun skoðaði sérstaklega stöðu búa þar sem skiptagjald var greitt á árunum 1993 til 1996. 98 bú voru skoðuð, þar af bú 36 lögaðila og 62 einstaklinga. Stuðst var við upplýsingar úr þjóðskrá og frá Lánstrausti ehf. Af búum 36 lögaðila voru 20 enn í skiptum og voru enn til staðar í þjóðskrá. 16 lögaðilar höfðu verið felldir af þjóðskrá á grundvelli auglýstra skiptaloka en í þeim tilfellum virðast skiptastjórar eiga eftir að gera upp skiptakostnað við ríkissjóð.

Skiptum var lokið á 27 búum einstaklinga, flest á árunum 1994-1997. Ekki liggja fyrir upplýsingar um stöðu 30 þrotabúa. Krafa um gjaldþrotaskipti höfðu verið afturkölluðu í tveimur tilvikum og í þremur tilvikum voru viðkomandi einstaklingar látnir.

Að mati Ríkisendurskoðunar er óviðunandi að skiptastjórar láti undir höfuð leggjast að gera upp skiptakostnað við ríkissjóðs. Þá má einnig gagnrýna innheimtumenn fyrir að fylgjast hvorki betur með búskiptum né ýta á eftir því að kostnaður sé gerður upp eins fljótt og unnt er. Þá er sá tími sem búskipti taka einnig of langur. Vissulega hafa búskipti, sem hér um ræðir, tafist vegna málaferla en það skýrir ekki nema lítinn hluta þess dráttar sem er á búskiptum.

Bústjórar eru skipaðir af héraðsdómara en hann fylgist hins vegar hvorki með störfum þeirra né telur sig geta haft bein afskipti af þeim. Innheimtumenn ríkissjóðs hafa oft kvartað yfir því að þeir hafi engin úrræði til að fylgjast með skiptum eða knýja á um lok þeirra uppgjör. Í þessu sambandi má benda á að í 78. gr. laga nr. nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti kemur fram að hafi skiptum ekki verið lokið innan sex mánaða frá því að úrskurður gekk um gjaldþrotaskiptin skal skiptastjóri gera yfirlit yfir efnahag og rekstur þrotabúsins, en upp frá því um hver áramót og mitt hvert ár þar til skiptum er lokið. Enn fremur er tekið fram að hver sá sem lýst hefur kröfu í búið en ekki fengið efndir hennar getur krafist þess að fá að sjá reikninga búsins, enda hafi kröfu hans ekki áður verið hafnað.

Þá getur hann, eins og aðrar kröfuhafar beitt úrræðum 76. gr. áðurnefndra laga en þar segir m.a. að þeim sem eiga kröfur á hendur búinu sé heimilt að bera upp skriflegar aðfinnslur um störf skiptastjóra við héraðsdómarar, sem hefur skipað hann. Telji héraðsdómari aðfinnslur á rökum reistar, getur hann gefið skiptastjóra kost á að bæta úr innan tiltekins frests. Verði skiptastjóri ekki við því eða hafi framferði hans í starfi annars verið slíkt, að ekki verði talið réttmætt að gefa honum kost á að ráða bót á starfsháttum sínum, skal héraðsdómari víkja honum þegar í stað með úrskurði.

Þá er vakin athygli á því að ef búskipti dragast á langinn er hætta á því að kröfur fyrnist. Skv. 165. gr. laga um gjaldþrotaskipti fer þannig um ófullnægðar kröfur, sem hefur verið lýst við gjaldþrotaskiptin og voru þar viðurkenndar, að nýr fyrningarfrestur byrjar að líða þann dag, sem skiptum lauk. Hafi krafa hins vegar ekki verið viðurkennd, þá hefst nýr fyrningarfrestur þann dag sem henni var lýst.

Ríkisendurskoðun telur nauðsynlegt að innheimtumenn ríkissjóðs geri átak í að kanna stöðu þeirra þrotabúa sem ekki hefur verið skipt og knýi fram að þeim verði lokið.

Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir ríkissjóðs í heild námu 65 ma.kr. í árslok 2001 sem var 16 ma.kr. hækkun frá 2000. Stærsti liðurinn eru áætlaðar afborg-

anir langtímalána að fjárhæð 28 ma.kr. Meðfylgjandi tafla sýnir sundurliðun skammtímaskulda.

Tafla 23 Skammtímaskuldir ríkissjóðs

<i>Í m.kr.</i>	<i>2001</i>	<i>2000</i>	<i>Breyt.</i>	<i>%</i>
Krafa á ríkistekjur	1.132	1.152	(20)	(1,7)
Ógreidd gjöld	6.081	5.568	513	9,2
Áfallnir, ógjaldfallnir vextir	7.898	6.846	1.052	15,4
Tekin stutt lán	12.160	6.205	5.955	96,0
Aðrar skammtímaskuldir	10.311	7.845	2.466	31,4
Næsta árs afborganir langtímalána	27.596	21.355	6.241	29,2
Samtals	65.179	48.970	16.207	33,1

Krafa á ríkistekjur er skuld ríkissjóðs við ýmsa aðila sem innheimta markaðar tekjur og aðrar rekstrartekjur. Hún nam 1,1 ma.kr. í árslok 2000 sem er svipuð fjárhæð og árið á undan. Liðurinn ógreidd gjöld nam 6,1 ma.kr. í árslok 2001. Hækkunin var 513 m.kr. frá fyrra ári eða 9%.

Áfallnir ógjaldfallnir vextir námu 7,9 ma.kr. í árslok. Þetta eru vextir sem koma til greiðslu innan eins árs. Þeir hækkuðu um 1,1 ma.kr. frá árinu á undan. Hækkunin skýrist að mestu af hækkun vaxtagjalda af erlendum lánum bæði vegna meiri lántöku og lækkunar á gengi íslensku krónunnar. Tekin stutt lán eru að mestu ríkisvixlar sem hækkuðu verulega á árinu 2001. Síðar í skýrslunni er frekari umfjöllun um ríkisvixla.

Aðrar skammtímaskuldir hækkuðu um 2,5 ma.kr. frá fyrra ári og námu alls 10,3 ma.kr. í árslok. Þessi liður samanstendur af skuldum á almennum viðskiptareikningum. Stærsti liðurinn er 2,6 ma.kr. staðgreiðsluskuld vegna launa.

Hlutabréf

Samkvæmt ríkisreikningi nam verðmæti hlutafjár og eignarhluta í sameignarfélögum og hlutafélögum tæpum 44,0 ma.kr. í árslok 2001, þar af nam eign í félögum í E-hluta 41,3 ma.kr. Aukning frá fyrra ári nemur 5,6 ma.kr. og skiptist þannig að endurmat nam 3,3 ma.kr., kaup umfram sölu nam 1,7 ma.kr. og hagnaður af sölu hlutabréfa

nam 0,5 ma.kr. Hlutfjáreign er almennt færð við kostnaðarverði eða nafnverði sé það hærra.

Mesta breyting á árinu voru kaup ríkisins á eignarhluta sveitarfélaga á Vestfjörðum í Orkubúi Vestfjarða hf. Sveitarfélögin áttu 60% hlutfjár og keypti ríkið 51,43% á árinu 2001 og afganginn, 8,57% á fyrri hluta árs 2002. Nafnverð hlutfjárins nam 1,8 ma.kr. og var það keypt á genginu 1,508.

Ráðstöfun söluandvirðis var skilyrt að ýmsu leyti og voru aðeins 34,2% kaupverðs ráðstafað beint til sveitarfélaganna. Sex sveitarfélög fengu allt söluverðir greitt strax en 4 sveitarfélög hluta af söluverði beint en hjá 2 sveitarfélögum var ráðstöfun söluandvirðis að öllu leyti skilyrt. Meðfylgjandi tafla sýnir endanlegar tölur vegna sölunnar.

Tafla 24 Ráðstöfun söluandvirðis Orkubús Vestfjarða

<i>Í m.kr.</i>	<i>Fjárhæð</i>	<i>Hlutf.</i>
Greitt beint til sveitarfélaga	944,6	34,2
Vanskil við Íbúðalánasjóð	296,5	10,7
Biðreikningur v/íbúðakerfis	320,6	11,6
Á biðreikning v/fjárhagslegrar endurskipulagningar	1.118,7	40,5
Skilyrt ráðstöfun til íbúðakerfis	79,7	2,9
Samtals	2.760,0	100,0

Skv. kaupsamningum var kaupverði ráðstafað á eftirfarandi hátt eftir því sem við átti hverju sinni:

1. Ríkisjóður greiddi beint til Íbúðalánasjóðs í umboði viðkomandi sveitarfélags vegna vanskila við sjóðinn.
2. Ríkissjóður greiddi við undirritun inn á biðreikning í lánastofnun tiltekna fjárhæð vegna endurskipulagningar félagslega íbúðalánakerfisins. Höfuðstóll þessa biðreiknings skal standa óhreyfður, en til tryggingar skuldbindingum sveitarfélagsins vegna félagslega íbúðakerfisins, þar til fyrir liggja og til framkvæmda koma ákvarðanir um endurskipulagningu félagslega íbúðakerfisins fyrir landið í heild. Liggja slík ákvörðun ekki fyrir á landsvísu fyrir árið 2002 getur hvort heldur sveitarfélagið eða ríkið óskað viðræðna um gerð nýs samkomulags aðila um ráðstöfun inneignar á biðreikning til endurskipulagningar félagslega íbúðakerfisins í sveitarfélaginu.

3. Hluta af söluverði skal ráðstafa í samræmi við samning milli kaupstaðarins og eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga sem lá fyrir við undirritun kaupsamnings.
4. Þá skuldbatt sveitarfélagið sig til að ráðstafa hluta andvirðis með beinum hætti til félagslega íbúðakerfisins í sveitarfélaginu.

Eignir A-hluta stofnana ríkisins í sameignar- og hlutafélögum nam 251 m.kr. í árslok. Á undanförunum árum hefur Ríkisendurskoðun gert athugasemd við að hlutabréf í eigu ríkisins hafi ekki verið geymd á einum stað hjá Ríkisféhirði og að ekki lægi fyrir heildstætt yfirlit yfir þau. Á árinu 2002 ritaði stofnunin öllum ráðuneytum bréf þar sem óskað var upplýsinga um hlutabréf vörslu þess og stofnana sem heyrðu undir ráðuneytið. Samtímis var unnið að gerð yfirlits yfir hlutabréfin í samvinnu við fjármálaráðuneytið og fjársýslu ríkisins. Þeirri vinnu er að mestu lokið.

Veitt lán ríkissjóðs

Stærsti hluti veittra lána ríkissjóðs er færður í bókhald Endurlána ríkissjóðs hjá Lánasýslu ríkisins en einnig er stór hluti þeirra í beinni umsjá Fjársýslu ríkisins. Auk þess eru nokkrar langtímakröfur færðar beint hjá A-hluta stofnunum.

Tafla 25 Veitt lán ríkissjóðs, heildaryfirlit

<i>Í m.kr.</i>	2001	2000	Breyt.	%
Staða í ársbyrjun	70.919	69.347	1.572	2,3
Ný lán á árinu	20.886	5.439	15.447	284,0
Afborganir	(8.275)	(7.689)	(586)	7,6
Endurmat ársins	9.518	3.822	5.697	149,1
Staða í árslok	93.049	70.919	22.130	31,2

Veitt lán ríkissjóðs hækkuðu verulega árið 2001 eða um 31% eins og fram kemur í töflunni hér að ofan. Ný lán námu 21 ma.kr. sem er veruleg hækkun frá árinu á undan en þá námu nýjar lánveitingar rúmlega 5 ma.kr. Mestar lánveitingar voru til Seðlabanka Íslands að fjárhæð 16 ma.kr. en hjá Endurlánnum ríkissjóðs námu lánveitingar rúmlega 4 ma.kr. Afborganir lána á árinu 2001 voru rúmlega 8,3 ma.kr. en árið á undan voru þær 7,7 ma.kr. Hafa ber í huga að framangreindar fjárhæðir og stöðutölur eru sýndar hér „nettó“ þ.e. eftir

að fjárhæðir á afskriftarreikningi hafa verið dregnar frá. Hækkun endurmat skýrist af gengishækkun þeirra lána sem tryggð eru í erlendri mynt og mun meiri verðbólgu en árið á undan sem hækkar verðtryggð lán. Veitt lán eru ýmist færð hjá Endurlánum ríkissjóðs, Fjárslu ríkisins eða hjá A-hluta stofnunum með aðskilinn efnahag.

Veitt endurlán

Veitt innlend endurlán eru í umsjá Lánasýslu ríkisins. Taflan hér að neðan sýnir stöðu lánanna og helstu breytingar á þeim 2001 og 2000.

Tafla 26 Staða veittra lána ríkissjóðs hjá Endurlánum

<i>Í m.kr.</i>	<i>2001</i>	<i>2000</i>	<i>Breyt.</i>	<i>%</i>
Staða í ársbyrjun	41.701	38.584	3.118	8,1
Ný lán á árinu	4.043	5.201	(1.158)	(22,3)
Afborganir	(4.373)	(4.669)	295	(6,3)
Endurmat ársins	5.008	2.586	2.422	93,7
Staða í árslok	46.379	41.701	4.677	11,2

Langtímakröfur hjá Endurlánum námu alls 46,4 ma.kr í árslok 2001 í samanburði við 41,7 ma.kr. árið 2000. Endurmat lána hækkaði verulega á árinu eða um 2,4 ma.kr. Skýrist sú hækkun af því að hluti lánanna er í Bandaríkjadöllum en gengi dalsins hækkaði verulega á árinu 2001. Einnig hækkuðu verðtryggð lán vegna mun meiri verðbólgu en var árið á undan. Alls voru veitt ný lán á árinu 2001 að fjárhæð 4,0 ma.kr. samanborið við 5,2 ma.kr. árið á undan. Árinu 2001 var mest lánað til Lánasjóðs íslenskra námsmanna eða 2,9 ma.kr. Aðrar nýjar lánveitingar Endurlána árið 2001 voru: Lán til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins sem nam 850 m.kr. og lán til Alþjóðafflugþjónustunnar að fjárhæð 220 m.kr.

Vanskil lána hjá Endurlánum ríkissjóðs

Í árslok 2001 námu vanskil hjá Endurlánum ríkissjóðs 185 m.kr. en skv. stöðulista í ársbyrjun 2001 voru vanskil 100 m.kr. Aukning er því um 85%. Segja má að öll vanskilin séu tilkomin vegna veittra lána sem voru yfirtekin þegar Framkvæmdasjóður Íslands var lagður niður. Stærsti lántakinn skuldaði samtals 605 m.kr. og var hann jafnframt

með mestu vanskilin í árslok 2001. Gengið var frá uppgjöri vanskila við hann á miðju ári 2002.

Veitt lán önnur en hjá Endurlánum ríkissjóðs

Eftirfarandi tafla sýnir stöðu lánveitinga ríkissjóðs sem bókfærðar eru hjá Fjársýslu ríkisins án milligöngu Lánasýslu ríkisins. Þess skal getið að lánveitingar A-hluta stofnana með aðskilinn efnahag eru ekki meðtaldar hér.

Sundurliðanir á lánalistum voru bornar saman við fjárhagsbókhald. Einnig var farið yfir nýjar lánveitingar þar og valin voru skuldabréf og voru ákvæði þeirra yfirfarin. Annars vegar var athugað með frumrit af þeim bréfum sem eru í skilum og hins vegar móttökukvittanir vegna bréfa sem eru í innheimtu hjá lögfræðingi. Skuldabréfin voru borin saman við lánayfirlit. Úrtak lána var endurreiknað. Ekki voru gerðar athugasemdir við þessi atriði.

Tafla 27 Veitt löng lán ríkissjóðs, án endurlána

<i>Í m.kr.</i>	2001	2000	<i>Breyt.</i>	%
Staða í ársbyrjun	28.509	29.894	(1.385)	(4,6)
Ný lán á árinu	16.602	135	16.468	-
Afborganir	(3.506)	(2.736)	(770)	28,2
Endurmat ársins	2.397	1.216	1.181	97,18
Staða í árslok	44.002	28.509	15.493	54,3

Veitt lán löng lán ríkissjóðs, án endurlána, námu 44 ma.kr. í árslok 2001. Staða lánanna í árslok hækkaði um 15,5 ma.kr. frá árinu á undan eða 54%. Ný lán eru að mestu lánveiting til Seðlabankans að fjárhæð 16 ma.kr. Önnur ný lán á árinu 2001 voru m.a. vegna uppgjörslíða, skilmálabreytinga og skattskulda. Meðal lánveitinga má nefna lán sem tengist sölu ríkissjóðs í Kísiliðjunni við Mývatn að fjárhæð 62,6 m.kr. Skuldabréfið, sem tekið var, ber 2% vexti auk verðtryggingar. Endurgreiðsla lánsins á að hefjast árið 2006 og greiðist lánið þá upp á 10 árum.

Afskriftir lána hjá ríkissjóði

Taflan hér að neðan sýnir stöðu afskriftareiknings ríkissjóðs fyrir 2001 og 2000. Afskriftareikningurinn er mótreykingur sem myndaður er vegna þeirrar áhættu sem talin er vera fólgin í þeim skuldabréfum og viðskiptakröfum sem ríkissjóður hefur fært til eignar. Afskriftareikningurinn byggist á mati og sýnir líkleg útlánatöp. Reikningurinn sýnir ekki áætluð töp vegna skattkrafna. Um þau töp er fjallað á öðrum stað í skýrslunni. Í árslok 2001 voru 392 m.kr. á afskriftareikningi. Hér verður fjallað nánar um einstaka liði afskriftareikningsins í meðfylgjandi töflu.

Tafla 28 Skipting afskriftareiknings ríkissjóðs 2001 og 2000

<i>Í m.kr.</i>	2001	2000	Breyt.	%
Afskriftareikningur vegna:				
Fiskeldislána hjá Byggðastofnun	123	108	15	13
Hlutfjárdeild Þróunarsjóðs sjávarútv.	175	175	-	-
Endurlána ríkissjóðs	67	67	-	-
Annarra veittra lána ríkissjóðs	27	23	4	19
Samtals	392	373	19	5,1

Afskriftareikningur fiskeldislána hjá Byggðastofnun er tilkominn vegna sérstakra fiskeldislána á vegum landbúnaðarráðuneytisins. Lánin eru í umsjá Byggðastofnunar. Í upphafi ársins 2001 var staða afskriftareiknings lánanna 108 m.kr. en hækkaði um 15 m.kr. á árinu og endaði í 123 m.kr.

Afskriftareikningur hlutfjárdeildar Þróunarsjóðs sjávarútvegsins er tilkominn vegna hlutdeildarskírteina í eigu ríkissjóðs. Ríkisendurskoðun telur mikilvægt að afskriftareikningurinn sé endurmetinn reglulega þegar niðurstöður ársreiknings hlutfjárdeildar liggja fyrir.

Afskriftareikningur Endurlána ríkissjóðs breyttist ekki á árinu 2001. Hann hækkaði á árinu 1999 vegna yfirtöku endurlána á veittum lánnum Framkvæmdasjóðs Íslands. Staðan á afskriftareikningi endurlána nam því 67 m.kr. í árslok 2001 sem er óbreytt staða frá fyrra ári.

Afskriftareikningur vegna annarra veittra lána er í umsjá afskriftanefndar. Lagt er mat á afskriftaþörf veittra lána í bókhaldi ríkisins. Niðurstaða afskriftanefndar fyrir árið 2001 var sú að rétt væri að

hækka afskriftareikninginn um 19% og stendur hann í 27,2 m.kr. í árslok 2001.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir ríkissjóðs námu 440 ma.kr. í árslok 2001 en voru 369 ma.kr. í árslok 2000. Hækkunin var því rúmlega 71 ma.kr. eða 19% eins og fram kemur í töflunni hér að neðan.

Tafla 29 Staða langtímaskulda og skuldbindinga ríkissjóðs 2001 og 2000

<i>Í m.kr.</i>	<i>2001</i>	<i>2000</i>	<i>Breyt.</i>	<i>%</i>
Lífeyrisskuldbindingar	167.746	163.007	4.739	2,9
Tekin löng innlend lán	73.902	66.750	7.152	10,7
Tekin löng erlend lán	198.289	139.325	58.964	42,3
Samtals	439.937	369.082	70.855	19,2

Tekin löng erlend lán hækkuðu verulega á árinu 2001 eða úr 139 ma.kr. í 198 ma.kr. eða um tæplega 59 ma.kr. sem er 42% hækkun. Lífeyrisskuldbindingar og innlend lántaka hækkuðu minna. Nánar verður fjallað um lífeyrisskuldbindingar og lántökur í sérstökum köflum hér á eftir.

Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs námu 168 ma.kr. í árslok 2001 en 163 ma.kr. árið á undan. Hækkunin milli ára var um 5 ma.kr. eða 3%.

Tafla 30 Lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs 2001 og 2000

<i>Í m.kr.</i>	<i>2001</i>	<i>2000</i>	<i>Breyt.</i>	<i>%</i>
Staða í ársbyrjun	163.007	137.338	25.669	18,7
Nýjar skuldbindingar á árinu	22.746	37.433	(14.687)	(39,2)
Greiðslur ríkissjóðs á árinu	(18.007)	(11.764)	(6.243)	53,1
Staða í árslok	167.746	163.007	4.739	2,9

Nýjar skuldbindingar námu 23 ma.kr. á árinu 2001 en 37 ma.kr. á árinu 2000. Aðrar hækkunir á árinu 2000 áttu rætur að rekja til nýrra

kjarasamninga við kennara í grunn- og framhaldsskólum. Um var að ræða kerfisbreytingu þannig að yfirvinnu- og aukagreiðslur voru felldar inn í dagvinnulaun. Auk þess hafa verið gerðir hliðstæðir samningar við fjölmörg önnur stéttarfélög á undanförunum árum sem einnig hafa haft áhrif til hækkunar lífeyrisskuldbindinga.

Af þessari hækkun nýrra skuldbindinga á árinu 2001 voru einungis 2,6 ma.kr. færðar til gjalda í rekstrarreikningi en 20,1 milljarðar fóru á endurmatsreikning.

Ríkisendurskoðun hefur áður gagnrýnt í endurskoðunarskýrslum að færsla á endurmatsreikning byggir ekki á viðmiði við almennar verðlagsbreytingar heldur er miðað við launabreytingar opinberra starfsmanna.

Lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs skiptust milli lífeyrissjóða árið 2001 þar sem samtímaiðgjöld standa ekki undir fjármögnum sjóðanna nema að hluta til. Eftirfarandi tafla sýnir skiptinguna árin 2000 og 2001.

Tafla 31 Skipting lífeyrisskuldbindinga milli lífeyrissjóða 2001 og 2000

<i>Í m.kr.</i>	2001	2000	Breyt.	%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (B-deild)	141.388	139.360	2.028	1%
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	12.535	12.402	133	1%
Lífeyrissjóður alþingismanna	3.642	3.286	356	11%
Lífeyrissjóður ráðherra	765	714	51	7%
Skuldbindingar v. hæstaréttardómara o.fl.	1.458	0	-	-
Eftirlaun fyrrum starfsmanna Útvegsbanka	2.907	2.831	76	3%
Lífeyrissj. sveitarfélaga v. samrekstrarstofnana	5.052	4.413	639	14%
Samtals	167.746	163.007	3.283	2%

Eins og fram kemur í töflunni eru um 84% af lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs tilkomin vegna B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins en 7% eru vegna Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga. Skuldbindingar vegna B-deildar Lífeyrissjóðsins hækkuðu um 2 ma.kr. frá fyrra ári eða um 1%. Skuldbindingar vegna Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga hækkuðu einnig um 1% milli ára. Nýr skuldbindingaliður kom inn á árinu 2001 en það voru lífeyrisskuldbindingar vegna embættis forseta Íslands, hæstaréttardómara og ríkissaksóknara að fjárhæð tæplega 1,5 ma.kr. Loks má nefna að skuldbindingar vegna Lífeyrissjóðs alþingismanna hækkuðu

um 11% milli ára og skuldbindingar vegna Lífeyrissjóðs sveitarfélaga v. samrekstrarstofnana voru metnar á 5,1 ma.kr.

Innborganir ríkissjóðs til LSR og LH

Aukaframlög ríkissjóðs byggjast á ákvörðun fjármálaráðherra frá 1999 um að ríkissjóður skyldi hefja greiðslur inná framtíðarskuldbindingar sínar við Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga. Aukaframlögin voru á síðasta ári bein fjárframlög en auk þess komu til skil ríkissjóðs á viðbótarframlagi sveitarfélaga vegna grunnskólakennara og viðbótariðgjöldum samkvæmt sérstakri ákvörðun. Á árinu 1999 var undirritaður sérstakur samningur milli Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga og fjármálaráðherra um hvernig farið skyldi með þessar greiðslur.

Bein aukaframlög námu samtals 14,3 ma.kr. á árinu 2001 en viðbótarframlag vegna grunnskólakennara, sem tengist eingöngu B-deild Lífeyrissjóðsins, nam 403 m.kr. Viðbótariðgjald A-hluta ríkissjóðs nam um 1,4 ma.kr. Þetta er veruleg hækkun frá árinu á undan en þá námu bein aukaframlög 8,6 ma.kr. Hækkunin er um 66%. Verðbætur og vextir sem reiknaðir voru á stöðuna í árslok námu alls 2,4 ma.kr.

Tafla 32 Innborganir ríkissjóðs 2001 vegna lífeyrisskuldbindinga

<i>i m.kr.</i>	<i>Greitt til LSR</i>	<i>Greitt til LH</i>	<i>Greiðslur samtals</i>
Aukaframlög ríkissjóðs	11.250	1.250	12.500
Viðbótariðgjöld A-hluta ríkissjóðs	1.227	147	1.373
Viðbótarframlag vegna grunnskólakennara	403	0	403
Bein aukaframlög samtals	12.879	1.397	14.276
Verðbætur og vextir til ársloka 2001	2.156	209	2.364
Samtals	15.035	1.605	16.640

Langtímafjármögnun ríkissjóðs

Tekin löng lán ríkissjóðs hækkuðu verulega eins og fram hefur komið hér fyrir í skýrslunni eða úr 222 ma.kr. í 286 ma.kr eða um 64 ma.kr. á árinu 2001. Hækkunin nam um 29%. Innlendar skuldir hækkuðu um tæplega 5 ma.kr. en á móti kom að erlendar skuldir hækkuðu um 59 ma.kr. eða 42%. Megin skýringarnar á hækkun erlendra skulda var

gengislækkun krónunnar og aukin erlend lántaka vegna aukinnar lánsfjárþarfar ríkissjóðs. Ennfremur hækkaði hlutfall erlendar lánsfjármögnunar ríkissjóðs til langs tíma því úr 62,7% í 69,3% af teknum löngum lánnum samtals. Eftirfarandi tafla sýnir þessar skiptingu nánar.

Tafla 33 Langtímafjármögnun ríkissjóðs 2001-2000

<i>Í m.kr.</i>	<i>2001</i>	<i>2000</i>	<i>Breyt.</i>	<i>%</i>
Innlend fjármögnun	87.864	83.001	4.863	5,9%
Erlend fjármögnun	198.289	139.325	58.964	42,3%
Samtals	286.153	222.326	63.827	28,7%

Innlend lántaka

Lántökukostnaður vegna tekinnna innlendra lána

Lántökukostnaður ríkissjóðs, sem færður er í bókhaldi Endurlána ríkissjóðs, hækkaði verulega frá árinu á undan. Hafa ber í huga að hér er eingöngu um að ræða lántökukostnað vegna innlendar lántöku ríkissjóðs.

Árið 2001 var lántökukostnaðurinn 615 m.kr. en 259 m.kr. árið 2000. Hækkunin er um 357 m.kr. frá árinu á undan eða 38%. Meginskýringin á þessari miklu hækkun er að um vorið 2000 voru gerðir samningar við verðbréfafyrirtæki um viðskiptavakt fyrir spariskírteini og ríkisbréf vegna sérstakra aðstæðna á innlendum skuldabréfamarkaði á þeim tíma. Þóknunir til verðbréfafyrirtækjanna voru miðaðar við veltu en að öðru leyti voru sett nokkur önnur tiltekin skilyrði um viðskiptin. Gjaldfærsla skv. samningunum átti sér ekki stað fyrr en síðla árs 2000 en kom síðan af miklum þunga á árið 2001. Þess má þó geta að allir nýrri samningar sem gerðir hafa verið nú við verðbréfafyrirtækin miðast við að takmarka þóknunina frá því sem hún var og sett hefur verið þak á hana. Auk þessara atriða sem hér hafa verið rakin má nefna að þóknun til Seðlabanka vegna rafvæðingar skuldabréfa nam 69 m.kr. árið 2001 en var ekki til staðar árið á undan.

Spariskírteini

Spariskírteini ríkissjóðs eru í umsjón Lánasýslu ríkisins og færð í bókhaldi Endurlána ríkissjóðs. Auk þess fer Seðlabanki Íslands með nokkra þætti varðandi spariskírteinin m.a. innlausn þeirra. Innri endurskoðunardeild bankans endurskoðar þann þátt.

Tafla 34 Staða spariskírteina í árslok 2001 og 2000 skv. bókhaldi Endurlána ríkissjóðs

<i>Í m.kr.</i>	<i>2001</i>	<i>2000</i>	<i>Breyt.</i>	<i>%</i>
Staða spariskírteina án vaxta	63.339	65.651	(2.312)	(3,5)
Frá dregst: Afföll	(13.143)	(13.172)	29	(0,2)
Við bætist: Gengisauki	84	168	(84)	(50,0)
Við bætast: Áfallnir vextir	18.657	20.478	(1.821)	(8,9)
Heildarstaða spariskírteina	68.937	73.125	(4.188)	(5,7)

Spariskírteinasuld ríkissjóðs án vaxta lækkaði um 2 ma.kr. frá árinu á undan eða um 3,5%. Áfallnir vextir lækkuðu um 2 ma.kr. Heildarskuldir ríkissjóðs vegna spariskírteina lækkaði um 4 ma.kr. eða um 6%. Lækkunin er minni en árið á undan. Meginskýringin er sú að þó sala nýrra spariskírteina hafi verið óveruleg á árinu eða um 146 m.kr. þá var verðbólga meiri en áður. Innlausn spariskírteina nam um 13,2 ma.kr. á árinu en til samanburðar má geta þess að innlausn árið 2000 nam um 22 ma.kr. Stærstu flokkar spariskírteina sem féllu í gjalddaga á árinu voru flokkar frá 1989, 1990 og 1992.

Tafla 35 Staða spariskírteina ríkissjóðs: Þróun 1994-2001

<i>Í m. kr.</i>	<i>1994</i>	<i>1995</i>	<i>1996</i>	<i>1997</i>	<i>1998</i>	<i>1999</i>	<i>2000</i>	<i>2001</i>
Á verðlagi hvers árs								
Heildarstaða	71.621	77.072	76.643	86.143	84.874	84.189	73.125	68.937

Ef litið er á heildarstöðu útistandandi spariskírteina ríkissjóðs s.l. átta ár á verðlagi hvers árs, sést að spariskírteinasuld ríkissjóðs óx um 18,5% á árunum frá 1994 til 1998 og um 20,3% frá 1994 til 1997 en skuldin hefur síðan lækkað talsvert frá því hún var hæst eins og fram kemur í neðangreindri töflu. Mesti árlegi vöxturinn var á milli 1996 og 1997 eða um 12,4%.

Heildarskuldastaða ríkissjóðs í spariskírteinum hefur lækkað á þessu tímabili um 3,7% miðað við verðlag hvers árs en um fjórðung ef miðað er við fast verðlag.

Ríkisbréf og ríkisvixlar

Tafla 36 Staða ríkisbréfa og ríkisvixla í bókhaldi Endurlána ríkissjóðs 2001 og 2000

<i>Í m.kr.</i>	<i>2001</i>	<i>2000</i>	<i>Breyt.</i>	<i>%</i>
Ríkisbréf:				
Staða nafnverðs	25.669	14.384	11.285	78,5
Frá dregst: Afföll	(6.081)	(2.954)	(3.127)	105,9
Heildarstaða	19.588	11.430	8.158	71,4
Ríkisvixlar:				
Staða nafnverðs	12.002	5.970	6.032	101,0
Frá dregst: Afföll	(303)	(196)	(107)	54,6
Heildarstaða	11.699	5.774	5.925	102,6
Samanlögð staða	31.287	17.204	14.083	81,9

Skuldastaða ríkissjóðs í ríkisvixlum og ríkisbréfum jókst verulega á árinu 2001 eða úr 17 ma. kr. í 31 ma.kr. eða 82% þegar tekið hefur verið tillit til affalla, þ.e. nettó stöðu. Alls voru seld ríkisbréf fyrir 11,3 ma.kr. að nafnverði til fimm ára með endurgreiðslu árið 2007. Skuldastaðan í ríkisbréfum hækkaði um 8 ma.kr. milli ára en staðan í ríkisvixlum um 6 ma.kr. á sama tíma.

Tekin innlend lán án endurlána

Ríkissjóður hefur tekið innlend lán sem ekki eru í umsjá Endurlána ríkissjóðs. Stærsti hluti lánanna er tekinn hjá bönkum, sparisjóðum og lánastofnunum. Má þar nefna gömul lán frá Lánasjóði landbúnaðarins og Íbúðalánasjóði. Auk þess námu skuldir ríkissjóðs við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins 2,1 ma.kr. í árslok. Stærsti hluti skuldarinnar er vegna uppgjörs lífeyrisskuldbindinga í tengslum við breytingu á Póst- og símamálastofnun í hlutafélag.

Tafla 37 Tekin innlend lán, án endurlána

<i>Í m.kr.</i>	<i>2001</i>	<i>2000</i>	<i>Breyt.</i>	<i>%</i>
Staða í ársbyrjun	2.148	3.577	(1.429)	(40,0)
Ný lán á árinu	0	77	(77)	-
Afborganir	(96)	(1.610)	1.514	(94,0)
Endurmat ársins	188	104	84	81,3
Staða í árslok	2.239	2.148	92	4,3

Afborganir af innlendum lánum drógust mjög saman á árinu 2001. Árið áður voru þær 1,6 ma.kr., þar af 1,2 ma.kr. vegna láns sem veitt var Landsbanka Íslands, sbr. lög nr. 16/1993 um ráðstafanir til að efla eiginfjárstöðu innlánsstofnana.

Erlend lántaka

Verkefni Seðlabanka Íslands við erlendar lántökur fer eftir sérstökum samningi milli fjármálaráðherra og bankans. Seðlabankinn fer bæði með framkvæmd ákvarðana um lántökur og einnig hefur bankinn umsjón með bókhaldi lánanna fyrir ríkissjóð.

Fjárhagsendurskoðun á teknum erlendum lánum hjá Seðlabanka fyrir árið 2001 var í höndum Ríkisendurskoðunar. Endurskoðunardeild Seðlabankans fer með innri endurskoðun vegna tekinna erlendra lána ríkissjóðs eins og lög og reglur mæla fyrir um.

Ríkisendurskoðun fór sérstaklega yfir þá vinnu sem endurskoðunardeild bankans framkvæmdi vegna tekinna erlendra lána ársins 2001 og stöðu þeirra í árslok. Vinna endurskoðunardeildar bankans var mun ýtarlegri en verið hafði árið á undan og voru eftirtalin atriði skoðuð sérstaklega:

- Sérstaklega var farið yfir stöðu fyrirframgreiddra vaxta veltilána, tekinna langtímalána og veittra skiptikjaralána. Vextir allra lána voru endurreiknaðir.
- Dreifing affalla og gengisauka var yfirfarin.
- Staða allra lána var endurreiknuð og bankareikningar yfirfarnir.

Athugunin gaf ekki tilefni til athugasemda.

Lántökur árið 2001

Fjögur ný erlend langtímalán voru tekin á árinu 2001, öll hjá Citibank, að fjárhæð 47,6 ma. kr. samanborið við 14,2 ma.kr. árið 2000. Þrjú af lánunum eru í evrum samtals 37,3 ma.kr. og eitt í Bandaríkjadollurum samtals 10,3 ma.kr. Auk þess má nefna að tekin voru veltílán í Bandaríkjadollurum, svissneskum frönskum og japönskum jennum.

Staða erlendra lána í árslok

Staða erlendra lána ríkissjóðs að meðtöldum áföllnum vöxtum, gengisauka og afföllum nam 202 ma.kr. í árslok 2001. Árið 2000 var sambærileg fjárhæð 142 ma.kr. Þannig hækkuðu erlendar skuldir ríkissjóðs um 60 ma.kr. eða 42% á árinu 2001. Áfallnir vextir hækkuðu um 689 m.kr. á árinu eða 25%.

Tafla 38 Staða erlendra lána með áföllnum fjármagnskostnaði um áramót 2001 og 2000

<i>Í m.kr.</i>	<i>2001</i>	<i>2000</i>	<i>Breyt.</i>	<i>%</i>
Staða tekinna lána	198.317	139.398	58.919	42,3
Gengisauki af lánum	0	20	(20)	-
Afföll af lánum	(77)	(103)	26	(25,4)
Áfallnir vextir	3.441	2.752	689	25,0
Samtals	201.681	142.068	59.613	42,0

Hreyfingar og staða erlendra lána 2001 eftir myntum

Vægi lána í Bandaríkjadollar og evrum óx á árinu. Hafa ber í huga að þó þýsk mörk séu nú hluti af evrusvæðinu þá voru þau lán ekki skráð, hjá ríkissjóði sem evrulán.

Tafla 39 Yfirlit yfir helstu erlend lán ríkissjóðs 2001

<i>Í m.kr.</i>	<i>Eftirstöðvar 31.12.2000</i>	<i>Ný lán á árinu</i>	<i>Afborganir</i>	<i>Endurmat</i>	<i>Eftirstöðvar 31.12.2001</i>
USD					
Langtímalán í USD	20.899,7	10.255,0	95.547,2	4.636,1	35.695,2
Veltílán í USD	26.328,3	147.802,1	136.544,4	7.311,3	44.897,3
Lán í USD samtals	47.228,0	158.057,1	136.640,0	11.947,4	80.592,5
GBP					
Langtímalán í GBP	16.456,7	0	0	3.032,9	19.489,6
CHF					
Langtímalán í CHF	5.190,0	0	0	996,0	6.186,0
Veltílán í CHF	5.793,3	12.505,0	18.989,1	690,8	0
Samtals	10.983,3	12.505,0	18.989,1	1.686,8	6.186,0
DEM					
Langtímalán í DEM	25.794,4	0	14.708,1	2.399,7	13.486,1
JPY					
Langtímalán í JPY	13.316,4	0	0	865,8	14.182,2
Veltílán í JPY	3.795,8	3.700,9	7.370,5	(126,2)	0
Samtals	17.112,2	3.700,9	7.370,5	739,6	14.182,2
EUR					
Langtímalán í EUR	21.823,3	37.336,1	0	5.221,3	64.380,7
Erlend lán samtals	139.398,0	211.599,0	177.707,6	25.027,7	198.317,1

Gengismunur erlendra lána ríkissjóðs

Á árinu 2001 varð mikið gengistap af erlendum lánnum ríkissjóðs eða tæpir 25 ma.kr. samanborið við rúmlega 13 ma.kr. tap árið á undan eins og fram kemur í eftirfarandi töflu. Gengistapið sem hlutfall af meðalstöðu erlendra skulda var 14,8% árið 2001 samanborið við 10,3% árið 2000.

Í eftirfarandi töflu kemur fram sundurliðun á gengismun eftir myntum árin 2001 og 2000. Mest varð gengistapið af lánnum í Bandaríkjadollar, eða 11,9 ma.kr. og í evru 5,2 ma.kr. Af lánnum í breskum pundum varð 3,0 ma.kr. tap og af lánnum í þýskum mörkum varð tapið 2,4 ma.kr.

Tafla 40 Gengismunur erlendra lána ríkissjóðs 2001 og 2000 eftir myntum

Í m.kr.	2001		2000	
	Gengis- munur	Hlutf. af meðal- stöðu	Gengis- munur	Hlutf. af meðal- stöðu
<i>Myntir:</i>				
Bandaríkjadollar	(11.947)	(18,7%)	(6.238)	(15,8%)
Þýsk mörk	(2.400)	(12,2%)	(1.778)	(6,2%)
Japanskt jen	(740)	(4,7%)	(527)	(3,0%)
Bresk pund	(3.033)	(16,9%)	(1.186)	(7,5%)
Svissneskir frankar	(1.688)	(19,6%)	(1.337)	(13,3%)
Evrur	(5.222)	(12,1%)	(1.906)	(11,0%)
Gengistap()/hagnaður	(25.030)	(14,8%)	(12.972)	(10,1%)

Ríkisábyrgðir

Ríkissjóður hefur gengist í ábyrgðir fyrir lántökum ýmissa aðila. Þessar skuldbindingar koma ekki fram í efnahagi ríkissjóðs. Um ríkisábyrgðir gilda lög nr. 121/1997.

Tafla 41 Skráðar ábyrgðir ríkissjóðs 2001 og 2000

Í m.kr.	2001	2000
Íbúðalánasjóður	305.634	240.068
Baktrygging v. sérstakra váttrygginga flugrekenda	227.590	-
Lánasjóður landbúnaðarins	11.179	9.910
Byggðastofnun	9.611	7.812
Landssíminn hf./Íslandspóstur hf.	4.863	6.424
Ríkisútvarpið	3.347	3.260
Hitaveitur	3.296	3.223
Rafmagnsveitur ríkisins	3.234	2.927
Ferðamálasjóður	1.427	1.014
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	460	576
Lyfjabúð Háskólans	49	48
Hlutfjárdeild Þróunarsjóðs	-	647
ÁTVR	-	165
Atvinnutryggingardeild Þróunarsjóðs	-	94
Aðrir aðilar	478	948
Samtals	571.168	277.116

Taflan gefur yfirlit yfir það sem nefnt er skráðar ríkisábyrgðir hjá Ríkisábyrgðasjóði. Heildarfjárhæð ábyrgða nam því 571 ma. kr. í árslok 2001 og hafði aukist um 294 ma.kr. frá árinu á undan eða 106%. Stærsti einstaki liðurinn er hjá Íbúðalánasjóði sem tók við af Húsnæðis-

stofnun ríkisins. Ábyrgðarskuldbindingin þar hækkaði um 66 ma. kr. eða 27% frá árinu á undan.

Tímabundin ábyrgð ríkissjóðs vegna sérstakra váttrygginga flugrekenda var metin á 228 ma.kr. Um var að ræða bakábyrgð ríkissjóðs á bótaábyrgð sem flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns sem hlýst af notkun lofffars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika. Trygging ríkissjóðs gildir skv. lög um ábyrgðina til ársloka 2002.

Ábyrgð vegna Lánasjóðs landbúnaðarins nam 11 ma.kr. og vegna Byggðastofnunar tæplega 10 ma.kr. Þá má einnig nefna ríkisábyrgð á skuldabréfum vegna uppgjörs Landsíma Íslands hf. og Íslandspósts hf. á lífeyrisskuldbindingum við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins sem nam samtals um 5 ma.kr. alls í árslok 2001.

Eins og Ríkisendurskoðun hefur áður bent á í fyrri endurskoðunar-skýrslum er þessi ábyrgðalisti háður öllum þeim annmörkum sem eru á því að afla upplýsinga um stöðu lána og árreikninga frá þeim aðilum sem eru með ríkisábyrgð. Þrátt fyrir ríkar lagaheimildir til upplýsingaöflunar hefur Ríkisábyrgðasjóði gengið misjafnlega vel að afla umbeðinna upplýsinga. Í 8. gr. laga nr. 121/1997 um ríkisábyrgðir segir að „Ábyrgðarþegum er skylt að láta Ríkisábyrgðasjóði í té ársreikninga og hverjar þær skýrslur og gögn er nauðsynleg teljast til þess að hann geti rækt þetta eftirlit. Verði dráttur á afhendingu umbeðinna upplýsinga er ráðherra heimilt að beita dagsektum uns gögnin eru komin fram“.

Rétt er að hafa í huga að í töflunni hér að framan eru áfallnir vextir ekki sýndir. Að mati Ríkisendurskoðunar verður að telja eðlilegt að uppgreiðsluvirði allra lána með ríkisábyrgð miðað við árslok sé jafnan sýnt. Þá er þess að geta að lán banka og fjármálastofnana með ríkisábyrgð eru ekki sýnd hér í töflunni.

Töp vegna veittra útflutningsábyrgða

Í ríkisreikningi 2001 voru gjaldfærðar 450 m.kr. vegna þess að talið er að sú fjárhæð muni falla á ríkissjóð vegna ábyrgða sem Tryggingardeild útflutningslána hjá Nýsköpunarsjóði tókst á hendur.

lðnlánasjóður, sem síðar varð Fjárfestingabanki atvinnulífsins hf. og er nú Íslandsbanki hf., veitti lán vegna framkvæmda við tvo rússneska togara. Var lánið veitt til rússneska fyrirtækisins Karelrybflot að fjárhæð 4.254 þúsund Bandaríkjadollara. Lánið ber vexti miðað við 3ja mánaða millibankavexti (LIBOR) auk 0,75% álags. Eigandi togaranna hefur ekki staðið í skilum með lánið og hefur Tryggingardeildin þurft að greiða vexti af láninu. Í árslok 2001 nam höfuðstóll lánsins 440 m.kr. auk gjaldfallinna vaxta að fjárhæð um 10 m.kr.

Eigið fé Tryggingardeildarinnar hefur ekki nægt til greiðslu vaxta af láninu. Samkvæmt lögum nr. 61/1996 um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins segir í 12. gr. um Tryggingadeild útflutningslána: „Nægi fé deildarinnar, þar með talinn varasjóður, ekki til greiðslu tjónabóta skal greiða það sem á vanta úr Ríkisábyrgðasjóði. Ríkisábyrgðasjóður ábyrgist að öðru leyti skuldbindingar deildarinnar.“ Vaxtagreiðslur af þessu láni hafa fallið á ríkissjóð.

Auk þessa taps sem hér hefur verið nefnt, liggur fyrir að önnur ábyrgð hefur fallið á Tryggingardeildina á þessu ári. Það er þó mun lægri fjárhæð en ábyrgðin vegna lánsins til rússneska fyrirtækisins.

Að mati Ríkisendurskoðunar hefði átt að færa áætlað tap vegna skuldbindingarinnar þ.e. 450 m.kr. sem óbeina afskrift í ársuppgjöri Lánasýslu ríkisins fyrir árið 2001.

6 Endurskoðun ríkissjóðstekna

Endurskoðun ríkissjóðstekna á árinu 2001 beindist fyrst og fremst að eftirfarandi þáttum.

- Afstemmingu og uppgjöri virðisaukaskatts.
- Afstemmingu og uppgjöri tryggingagjalds.
- Afskriftum og niðurfærslu.
- Sölu á eignum.
- Eftirstöðvum, aldursgreiningu, o.fl.

Endurskoðunin fólst m.a. í að bera saman niðurstöður undirkerfa við bókhald, staðreyna fjárhæðir í bókhaldi við ytri gögn, samanburði á milli ára, bæði á tekjum og eftirstöðvum, og greina þau frávik sem þar komu fram.

Áætlanir og uppgjör á virðisaukaskatti

Áætlanir í virðisaukaskatti

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2000 var vakin athygli á mikilli hækkun áætlana í virðisaukaskatti og þeim vandræðum sem af þeim leiða varðandi reikningslegt uppgjör. Áhrif þessa náðu einnig til ársins 2001.

Þrátt fyrir að úrbætur hafi verið gerðar á vélræna áætlanakerfinu, hafa skattyfirvöld ekki að fullu leiðrétt fyrri áætlanir. Lækkanir skattyfirvalda námu 26,3 ma.kr. á árinu 2001 sem er rúmlega fjórföld sú fjárhæð sem alla jafna er breytt á hverju ári. Vegna þessa var í uppgjöri fyrir árið 2001 ákveðið að tekjufæra ekki tæpa 27,0 ma.kr. af álagningu virðisaukaskatts og 7,6 ma.kr. af álagi og dráttarvöxtum. Miðað var

við 95% af eftirstöðvum árunna 1999-2001 sem byggðar eru á áætlunum. Þetta er heldur hærra hlutfall en árið 2000 en þá var miðað við 85%.

Gjaldfallnar eftirstöðvar í virðisaukaskatti skv. innheimtakerfi ríkissjóðs námu í árslok 2001 um 48,1 ma.kr. að dráttavöxtum meðtöldum. Fjöldi skuldara var rúmlega 8.800. Neðangreind tafla sýnir skiptingu krafna eftir fjárhæð.

Tafla 42 Gjaldfallnar eftirstöðvar virðisaukaskatts í árslok 2001

<i>Í m.kr.</i>	<i>Fjöldi krafna</i>	<i>Höfuðstóll</i>	<i>Dráttarvextir og kostnaður</i>	<i>Samtals</i>
> 100 m.kr.	35	4.013	1.390	5.403
50 – 99 m.kr.	165	7.789	3.289	11.079
30 – 49 m.kr.	299	7.578	3.265	10.843
10 – 29 m.kr.	579	6.579	3.761	10.340
5 - 9,9 m.kr.	527	2.190	1.520	3.710
1 - 4,9 m.kr.	2.398	3.620	1.874	5.494
0 - 0,9 m.kr.	4.848	866	371	1.237
Samtals	8.851	32.635	15.470	48.106

Gjaldfallnar eftirstöðvar höfuðstóls námu 32,6 ma.kr. í lok árs 2001, þar af voru kröfur sem byggðar eru á áætlunum 30,6 ma.kr. Ríkisendurskoðun kannaði sérstaklega innheimtuaðgerðir hjá þeim 35 aðilum sem skulduðu mest. Niðurstaða þeirrar athugunar er að nánast allar þessar kröfur eru „tapaðar“, þ.e. engin möguleiki er á að innheimta þær. Af þessum 35 aðilum eru 14 einstaklingar og 21 lögaðili. Flestir lögaðilarnir eru í gjaldþrotaskiptum eða hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota á árinu 2002. Margir einstaklinganna eru búsettir erlendis eða hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota á undanförunum árum.

Búast má við að þessar kröfur verið afskrifaðar á næstu mánuðum. Ríkisendurskoðun telur að heppilegra hefði verið að skattyfirvöld hefðu leiðrétt áætlanir í gegnum skattkerfið. Það að afskrifa kröfur felur í sér að ríkissjóður hafi tapað réttmætri kröfu en svo er ekki í þeim tilvikum þar sem áætlanir eru óeðlilega háar. Skekkir þetta allan samanburð í framtíðinni.

Í desember 2001 kom úr skýrsla nefndar um áætlanir opinberra gjalda. Þar er m.a. ítarlega fjallað um þróun áætlana í virðisaukaskatti

á árunum 1999 og 2000 en einnig er fjallað um áætlanir í öðrum tekjuflokkum ríkisins.

Helstu niðurstöður nefndarinnar og tillögur til úrbóta lúta að eftirfarandi þáttum:

1. Breyta viðmiðunum áætlaða í virðisaukaskatti þannig að þær endurspegli betur en verið hefur viðskipti gjaldanda á fyrri tímabilum.
2. Koma á kerfisbundnu eftirliti með þeim sem áætlað er á.
3. Nauðsynlegt er að taka reglulega til á grunnskrá skattfyrvalda. Skoða þarf sérstaklega nýskráningar þannig að skattstjóri leggi mat á skráningarskyldu í hverju og einu tilviki.
4. Áætlunum á gjaldþrota félög og einstaklinga verði hætt um leið og úrskurður liggur fyrir um að viðkomandi hafi verið tekin til gjaldþrotaskipta.
5. Skotið verði stöðum undir markvissari og áhrifaríkari viðbrögð við ítrekuðum og stórfelldum vanskilum. Leggur nefndin til að tekið verði upp svipað fyrirkomulag og í Danmörku en í því felst að fylgst er sérstaklega með aðilum sem hafa vanskilasögu svo og fyrirsvarsmönnum lögaðila.
6. Nefndin telur koma til greina að leggja dagsektir á þá skattaðila sem ekki skila skýrslum og framtölum innan framtalsfrests.
7. Að reglur um stofnun og skráningu félaga verði endurskoðuð þannig að koma megi í veg fyrir að sömu aðilar geti stofnað ný félög þegar rekstur þess gamla er komið í óefni. Þessi tillaga kallar á lagabreytingar. Þá er lagt til að óvirk félög verði afskráð hjá hlutafélagaskrá á grundvelli 108. grein hlutafélagalaga og 83. gr. laga um einkahlutafélög. Í dag eru 2-3.000 óvirk félög á skrá hjá hlutafélagaskrá sem sæta áætlunum.
8. Stofnendum hlutafélaga verði gert skylt að leggja fram tryggingafé við stofnun félags sem endurgreitt yrði við slit eða afskráningu þess. Markmið þessa er að stuðla að því að félög sem hætt eru rekstri verði slitið.
9. Að samskipti opinberra aðila sem fjalla um skráningu lögaðila verði stórbætt.

Ríkisendurskoðun getur tekið undir ofangreindar tillögur, enda sumar þeirra í samræmi við athugasemdir stofnunarinnar sem birst hafa í skýrslum um endurskoðun ríkisreiknings á undanförunum árum.

Í skýrslunni er m.a. fjallað um skatteftirlit og gerð áætlana í öðrum löndum. Þar er meðal annars vitnað í skýrslu Ríkisendurskoðunar „Skatteftirlit á Íslandi. Samanburður við Norðurlönd“ sem út kom 1998. Þar er fjallað m.a. um reglur sem settar voru í Svíþjóð sem munu hafa ýtt undir framtalsskil einstaklinga með atvinnurekstur. Reglurnar eru fólgnar í útgáfu svokallaðs F-skattkorts. F-skattkortið þjónar sama tilgangi og skattkort, sem einstaklingar fá frá skattyfirvöldum en veitir rétt til þess að rekstraraðilinn skili sjálfur staðgreiðslur af reiknuðum launum. F-kortið má afturkalla ef ekki er staðið í skilum með vörsluskatta eða ef verulegir annmarkar eru á framtalsskilum. Ástæða þess að F-skattkortið hefur reynst svo áhrifaríkt er sú að hafi rekstraraðili ekki skattkortið ber þeim, sem kaupir þjónustu hans, að halda eftir staðgreiðslu og launatengdum gjöldum, eins og um launamann væri að ræða, og standa skil á þeim gjöldum í samræmi við gildandi lög.

Tryggingagjald

Rétthafar tryggingagjalds voru tíu á árinu 2001 og hafði þeim fjölgað um einn frá 1999. Þegar tryggingagjald var tekið upp 1991 voru rétthafar þrír. Tekjum af almennu tryggingagjaldi er ráðstafað þannig að Fæðingarorlofssjóður, sem kom nýr inn á árinu 2000, fær 0,85% af gjaldstofni, Vinnueftirlitið fær 0,048%, Staðlaráð fær 0,007% og Icepro 0,001%. Afgangurinn rennur til að fjármagna lífeyris- og slysatryggingar almannatrygginga. Tekjur af atvinnutryggingagjaldi renna til Atvinnuleysistryggingasjóðs og Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Tafla 43 Tryggingagjald

<i>Í m.kr.</i>	<i>Eftirst. 1/1</i>	<i>Tekjur</i>	<i>Afskrifað</i>	<i>Innheimt</i>	<i>Eftirst. 31/12</i>
Atvinnuleysistryggingasjóður	465	3.439	(44)	3.407	452
Vinnueftirlit ríkisins	24	205	(2)	199	27
Lífeyris- og slysatryggingar	1.932	14.352	(186)	14.110	1.989
Slysatrygging útgerðarmanna	19	124	(1)	124	18
Ábyrgðarsjóður launa	21	171	(2)	166	23
Staðlaráð Íslands	3	30	0	29	4
Icepro	1	4	0	4	1
Fæðingarorlofssjóður	224	3.554	(34)	3.301	443
Útflutningsráð Íslands	23	213	(3)	207	27
Samtals	2.712	22.092	(39)	21.547	2.984

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 113/1990 um tryggingagjald með síðari breytingum er ofangreindum rétt höfum áskilinn tiltekinn hlutur í gjaldstofninum sjálfum en ekki í innheimtu tryggingagjaldi. Þetta hefur í för með sér að í hvert skipti sem álöggðu tryggingagjaldi er breytt, t.d. í kjölfar endurskoðunar skattfyrvalda á launaframtölum og kærumeðferðar innan skattkerfisins, breytist gjaldstofn tryggingagjalds og þar með hlutur hvers rétt hafa. Af þessu leiðir að sífellt þarf að vera að endurreikna hlut þeirra í álöggðu tryggingagjaldi liðinna ára. Uppgjör þetta verður æ flóknara eftir því sem lengra líður og rétt höfunum fjölgar. Þá horfir það ekki til einföldunar þegar hlutdeild rétt hafa er breytt innan ársins en slíkt hefur gerst þrívégis. Síðast gerðist þetta er Fæðingarorlofsjóði var áskilinn hlutdeild í tryggingagjaldi frá og með 1. júní 2000.

Að mati Ríkisendurskoðunar er nauðsynlegt að kanna sérstaklega hvort ekki megi einfalda uppgjör á tryggingagjaldi. Bent skal á að breytingar þær sem gerðar eru á gjaldstofnum, sem eru eldri en tveggja ára, eru sáralitlar og breyta fjárhagslega litlu máli fyrir rétt hafana.

Beinar afskriftir

Beinar afskriftir ríkissjóðstekna á árin 2001 námu alls 1,6 ma.kr. samanborið við 2,5 ma.kr árið 1999. Afskriftir hafa því lækkað um 0,9 ma.kr. á milli ára. Um 96% afskriftanna er vegna lögaðila.

Tafla 44 Beinar afskriftir ríkissjóðstekna

<i>Í m.kr.</i>	2001	2000	Breyt.	%
Skattar á tekjur og hagnað, einstaklingar	81	439	(358)	(81,7)
Skattar á tekjur og hagnað, lögaðilar	109	184	76	(41,1)
Fjármagnstekjuskattur	12	11	1	9,5
Eignarskattar	7	33	(26)	(78,6)
Tryggingagjald og skattar á laun	20	24	(4)	(15,3)
Virðisaukaskattur	598	690	(92)	(13,3)
Bifreiðagjöld	13	2	11	480,7
Aðrir skattar	2	5	(3)	(61,7)
Dráttarvextir og álag	755	1.070	(315)	(29,5)
Aðrar tekjur	12	6	6	95,2
Samtals	1.609	2.465	(856)	(34,7)

Engin einhlít skýring er á því að afskriftir lækka svo mikið á milli ára. Skv. skýrslu afskriftarnefndar má þó nefna tvennt. Annars vegar það að á árinu var unnið að gerð afskriftareglna sem gefnar voru út í nóvember 2001. Þetta tafði störf afskriftarnefndar á árinu og þar með úrvinnslu afskriftabeiðna hjá Fjársýslu ríkisins á árinu 2001.

Á árinu 2001 samþykkti afskriftanefnd að afskrifa kröfur að fjárhæð tæpar 2,0 ma.kr., en gjaldfærðar afskriftir námu 1,6 ma.kr. samanber töflu að framan. Samþykktar afskriftir nefndarinnar eru því um 400 m.kr. hærri en færðar afskriftir. Á þessum mun er ekki einhlít skýring og telur Ríkisendurskoðun brýnt að hægt sé að rekja öll frávik á milli samþykktra og gjaldfærðra afskrifta.

Nefndin hafnaði beiðnum um afskrift á kröfum að fjárhæð 196,6 m.kr. Af 25 innheimtuembættum sendu 7 ekki inn afskriftarbeiðni, sem eru tveimur embættum fleira en árið 2000.

Tafla 45 Afskrifaðar kröfur

<i>Í m.kr.</i>	<i>Höfuðstóll</i>	<i>Dráttarv.</i>	<i>Kostnaður</i>	<i>Samtals</i>
Samþykkt	996,5	831,6	5,9	1.834,0
Synjað	96,0	100,0	0,7	196,6
Bíður afgreiðslu	0	0	0	0
Biðreikningur	21,9	21,6	0,1	43,6
Afskriftir skv. nauðas.	42,7	44,0	0,2	87,0
Samtals	1157,1	997,2	6,9	2.161,2

Niðurfærsla ríkistekna

Staða niðurfæslureiknings

Niðurfærsla eftirstöðva ríkissjóðstekna er reiknuð stærð, sem byggð er á mati á innheimtanleika útstandandi krafna, stundum kölluð óbein afskrift. Niðurfærðar kröfur í árslok 2001 námu 26,1 ma.kr. og hækkuðu um 4,3 ma.kr. frá árinu 2000 eða um 19,8%

Tafla 46 Staða á niðurfærslureikningi

<i>Í m.kr.</i>	2001	2000	Breyt.	%
Skattar á tekjur og hagnað, einstaklingar	4.686	3.732	949	25,7
Skattar á tekjur og hagnað, lögaðilar	1.504	902	603	66,9
Tekjuskattar alls	6.190	4.634	1.552	33,5
Skattar á eignir, einstaklingar	646	644	2	0,4
Skattar á eignir, lögaðilar	436	412	24	5,7
Aðrir sértækir eignarskattar	1	1	0	---
Eignarskattar alls	1.082	1.057	25	2,4
Tryggingagjald og skattar á laun	616	367	249	67,6
Virðisaukaskattur	8.743	8.810	(67)	0,8
Bifreiðaskattar	254	217	37	17,0
Aðrir skattar	72	63	9	14,1
Dráttarvextir og álag	9.053	6.589	2.464	37,4
Sektir	105	54	51	95,1
Aðrir skattar alls	18.843	16.101	2.747	17,0
Samtals niðurfært í árslok	26.116	21.791	4.325	19,8

Eins og taflan ber með sér eru frávikin mest í krónum talið í tekjuskatti og dráttarvöxtum. Í flestum tilfellum stafar aukning á niðurfærslu af því að minna var afskrifað beinni afskrift á árinu 2001 miðað við fyrra ár.

Breytingar á forsendum

Niðurfærsla krafna í árslok 2001 er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða skuldir aðila sem eru í gjaldþrotaskiptum eða þeirra hjá hverjum gjaldþrotaskiptum er lokið. Þessar kröfur eru færðar niður um 80% (Niðurfærsla 1). Hins vegar er um að ræða kröfur á aðila sem ekki hafa verið teknir til gjaldþrotaskipta. Þessar kröfur eru almennt færðar niður um 75% (Niðurfærsla 2). Sú breyting var gerð á árinu 2001 að kröfur sem tilheyrðu uppgjörssári (2001) voru færðar niður um 40%.

Eftirstöðvar ríkistekna

Bókfærðar eftirstöðvar ríkissjóðstekna, að teknu tilliti til afskrifta og niðurfærslu, námu alls 53,4 ma.kr. í árslok 2001 samanborið við 46,0 ma.kr. í árslok 2000. Eftirstöðvar hækkuðu um 7,4 ma.kr. eða 16,0.

Þessa hækkun má fyrst og fremst rekja til útistandandi krafna tekjuskatts einstaklinga og dráttarvaxtatekna.

Tafla 47 Eftirstöðvar ríkissjóðstekna

<i>Í m.kr.</i>	<i>2001</i>	<i>2000</i>	<i>Breyt.</i>	<i>%</i>
Tekjuskattur, einstaklingar	11.206	9.098	2.108	23,2
Tekjuskattur, lögaðilar	2.772	2.571	201	7,8
Fjármagnstekjuskattur	5.976	5.259	717	13,6
Eignarskattar	1.499	1.561	(62)	(4,0)
Tryggingagjald	2.961	2.678	283	10,6
Vörugjöld	1.284	1.550	(267)	(17,2)
Bifreiðaskattar	478	411	67	16,4
Virðisaukaskattur	15.721	14.104	1.617	11,5
Aðrir sértækir veltuskattar	473	434	39	8,9
Aðrir neyslu- og leyfisskattar	197	151	47	30,8
Aðrir skattar	334	200	134	66,9
Skatttekjur	42.901	38.017	1.637	4,3
Vaxtatekjur og aðrar eignatekjur	8.856	6.238	2.618	42,0
Arðgreiðslur	262	668	(406)	(60,8)
Neyslu- og leyfisgjöld	868	812	56	6,9
Sektir	507	293	214	73,0
Sala eigna og aðrar tekjur	6	3	3	112,8
Aðrar rekstrartekjur	10.499	8.014	2.485	31,0
Samtals	53.400	46.032	7369	16,0

Hér á eftir er nánar fjallað um eftirstöðvar einstakra gjaldflokka eins og þær standa í innheimtukerfi ríkissjóðs. Niðurfærsla eftirstöðva er því ekki inn í þeim fjárhæðum.

Opinber gjöld

Eftirstöðvar opinberra gjalda að meðtöldu útsvari námu alls 24,5 ma.kr. Þar af námu dráttarvextir og innheimtukostnaður um 6,7 ma.kr. Sambærilegar tölur fyrir árið 2000 voru 18,8 ma.kr. og 4,3 ma.kr. Eftirstöðvarnar skiptast þannig að einstaklingar skulda 17,4 ma.kr. en lögaðilar 7,1 ma.kr. Um 11,3 ma. kr. voru eldri en tveggja ára. Eftirstöðvar opinberra gjalda voru færðar niður um 11,8 ma.kr. í árslok 2001.

Vanskil kaupgreiðenda á opinberum gjöldum, sem þeim ber að halda eftir af launum starfsmanna sinna skv. lögum um tekju- og eignarskatt, og staðgreiðslu, námu alls um 1,1 ma.kr., þar af nam höfuðstóll 0,5 ma. kr. Eftirstöðvar staðgreiðslu vegna ársins 2001 námu um 1,7 m.kr. og 0,5 m.kr. vegna ársins 2000. Samtals nema því vanskilin 3,3 ma.kr. Reynslan sýnir að vangoldin staðgreiðsla, sem eldri er en tveggja ára, reynist nánast undantekningarlaust óinnheimtanleg og því töpuð. Má í þessu sambandi benda á að kröfur að fjárhæð 2,4 ma.kr. er nú þegar komnar í innheimtumeðferð.

Eftirstöðvar staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi námu alls 1,2 ma.kr. samanborði við 937 m.kr. í árslok 2000. Þessar eftirstöðvar eru allar vegna ársins 2001 enda breytist eðli þessara eftirstöðva við álagningu tekjuskatts á einstaklinga.

Virðisaukaskattur

Gjaldfallnar eftirstöðvar virðisaukaskatts í innheimtugerfinu námu í árslok 2001 48,2 ma.kr. en þegar tekið hefur verið tillit til óbókfærðra tekna vegna áætlana nema eftirstöðvarnar 13,6 ma.kr. Um 38,9 ma.kr. eru vegna áranna 1999 – 2001.

Eins fram hefur komið nema skuldir þeirra 35 aðila sem skulda mest í virðisaukaskatti um 5,4 ma.kr. Þessar kröfur eru líklega tapaðar að öllu leyti. Kröfur á hendur aðilum, sem teknir hafa verið til gjaldprotaskipta nema 28,6 ma.kr. og kröfur á hendur aðilum, þar sem innheimtu-aðgerðir eru hafnar, nema 13,8 ma.kr.

Ríkisendurskoðun kannaði sérstaklega kröfur á hendur lögaðilum vegna áranna 1990 til 1994. Alls var um að ræða 167 aðila sem skulduðu 818 m.kr., þar af námu kröfur aðila sem voru í gjaldþrotaskiptum 555 m.kr. Stuðst var við upplýsingar úr þjóðskrá.

Tafla 48 Kröfur á lögaðila

<i>Fjárhæðir í m.kr.</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Fjárhæð</i>
Protabú í skiptum	70	555,5
Protabú, fellt af skrá	26	61,8
Engin starfsemi	22	35,8
Ekkert skráð	22	89,1
Fellt af skrá án skipta	19	69,0
Aðra skýringar	8	6,5
Samtals	167	817,7

Eitt vandamálið varðandi innheimtu og eftirstöðvar er sá tími sem tekur að ljúka gjaldþrotaskiptum og gera upp við kröfuhafa. Oft á tíðum eru innheimtumenn ekki nægjanlega ákveðnir í að ýta á eftir gjaldþrotaskiptum en skv. lögum um gjaldþrotaskipti geta þeir t.d. krafist bústjóra um reikningslegt yfirlit á 6 mánaðafresti. Nánar er fjallað um skipti á þrotabúum í kafla um skammtímakröfur.

Tryggingagjald utan staðgreiðslu

Vanskil í tryggingagjaldi námu alls 1.261 m.kr. sem er rúmlega 300 mkr. aukning frá árinu á undan. Skuldarar u.þ.b. helmings eftirstöðvanna hafa verið teknir til gjaldþrotaskipta og hafnar eru innheimtuaðgerðir vegna 381 m.kr. og því eru kröfur þessar í verulegri taphættu.

Rúmlega 10 þúsund einstaklingar og lögaðilar skulda tryggingagjald. Um 146 gjaldendur skulda 1 m.kr. eða meira og er hæsta krafan 10,8 m.kr. Samtals skulda þessir 100 aðilar um 303 m.kr.

Söluskattur og launaskattur

Eftirstöðvar söluskatts námu 68 m.kr. og þar af er höfuðstóll 10,7 m.kr. Eftirstöðvar launaskatts voru 43 m.kr. í árslok 2000 og þar af er höfuðstóll 5,4 m.kr. Elstu kröfur vegna söluskatts eiga rætur að rekja til ársins 1989 en 1990 vegna launaskatts.

Allar þessar kröfur eru í innheimtu hjá Tollstjóranum í Reykjavík. Að stærstum hluta er um að ræða kröfur á hendur fyrirtækjum sem eru í gjaldþrotaskiptum og hafa verið það um árabíl. Tveir einstaklingar skulda umtalsverðar fjárhæðir. Í öðru tilfallinu hefur verið send beiðni um gjaldþrotaskipti en í hinu er um að ræða árangurslaust fjárnám.

Tafla 49 Eftirstöðvar söluskatts

<i>Í m.kr.</i>	<i>Staða</i>	<i>Fjárhæð</i>
Svart á hvítu	þrotabú	7,4
Nesco-framleiðslufélag hf.	þrotabú	4,8
Fjólnir ehf	þrotabú	0,9
Sveinn Egilsson hf.	þrotabú	27,4
Bakhús ehf.	þrotabú	27,3
	Samtals	<u>67,8</u>

Nauðsynlegt er að innheimtumaður knýi á um skiptalok eftir því sem unnt er. Þá eru einnig um að ræða kröfur á hendur fyrirtækjum sem afmáð voru úr hlutafélagaskrá fyrir allmörgum árum.

Pungaskattur

Eftirstöðvar þungaskatts námu 631,4 m.kr. samanborið við 526,0 m.kr. í árslok 2000. Um 2/3 eftirstöðvanna eru í innheimtumeðferð.

Ein milljón króna eða meira hvílir á 126 bifreiðum og samtals voru skuldir vegna þessara bifreiða um 243 m.kr. Athugun leiddi í ljós að bifreiðarnar hafa flestar verið afskráðar.

34 einstaklingar og lögaðilar skulda meira en eina milljón hver í þungaskatt, en samtals skulda þeir 78,5 m.kr. Þetta eru heldur hærrí eftirstöðvar en í árslok 2000. Athugun leiddi í ljós að skiptum á búi flestra lögaðilanna er lokið. Þá hefur annað hvort verið gert árangurslaust fjárnám hjá langflestum einstaklingunum eða bú þeirra tekin til gjaldþrotaskipta.

Skuldbreytingar og nauðasamningar árið 2001

Engar beiðnir um skuldbreytingu opinberra gjalda bárust Ríkisendurskoðun til umsagnar á árinu 2001. Ein beiðni barst um nauðasamning. Miðað við fjárhæð útistandandi krafna verður að telja þetta nokkuð sérkennilegt. Ríkisendurskoðun hefur í sjálfu sér ekki kannað hverjar ástæður þessa kunna að vera en ljóst er að þessi tvö úrræði skattalaganna til að gera upp kröfur virðast ekki mjög virk úrræði.

Sala eigna

Athugun á sölu jarða leiddi í ljós að nokkuð vantaði upp á að kaupsamningar eða afsöl væru að baki fylgiskjöllum í bókhaldi en við frekari eftirgrennslan hafa verið lagðir fram kaupsamningar eða afsöl fyrir öllum jörðunum. Tekjur hafa því í mörgum tilvikum verið færðar í

bókhaldi eftir greiðslum í stað kaupsamninga eða afsala. Hefur þetta leitt til þess að í 2 tilvikum hafa verið færðar of háar fjárhæðir sem tekjur vegna sölu jarða og í 2 tilvikum voru tekjur of lágar þar sem ekki var lokið við að greiða andvirði jarðanna til ríkissjóðs. Þá voru dæmi þess að í stað þess að færa heildarandvirði sölunnar var ofgreidd húsaleiga og bætur vegna jarðskjálfta dregið frá söluverði jarðanna.

Á meðal sölutekna er 13,6 milljónir króna vegna sölu á fiskiskipinu Feng. Fengur var afhentur stjórnvöldum í Mósambík til gjafar á árinu 2000. Samkvæmt óskum þarlendra yfirvalda tóku íslensk stjórnvöld að sér á árinu 2001 að aðstoða við sölu þess. Því ber að færa söluandvirði skipsins á viðskiptareikning í stað þess að færa söluna um rekstrarreikning A-hluta ríkissjóðs. Með því að færa söluna með þeim hætti sem gert er í reikningi ársins 2001 er verið að tvítelja andvirði skipsins sem þróunarframlag til Mósambík .

7 Endurskoðun A-hluta stofnana og fjárlagaliða

Endurskoðun á stofnum og fjárlagaliðum í A-hluta ríkisreiknings er helsta verkefni Ríkisendurskoðunar og það sem mestum tíma er varið til. Rekstur stofnana í A-hluta er að mestu fjármagnaðar með framlagi af skatttekjum og margar þeirra notfæra sér bókhalds- og greiðsluþjónustu Fjársýslu ríkisins.

Aðalskrifstofur ráðuneytanna

Hjá ráðuneytunum var rekstur aðalskrifstofa á árinu 2001 skoðaðar. Sömu grundvallaratriðum var fylgt við skoðun allra ráðuneytanna en þar bar hæst að sannreyna hvort eignir, skuldir og skuldbindingar væru tilgreindar og metnar í efnahagsreikningi í samræmi við góða reikningsskilavenju, kanna hvort tekjur og gjöld kæmu réttilega fram í í ársreikningnum auk skýringa með honum, athuga hvort form ársreiknings, framsetning og efnisinnihald væri í samræmi við góða reikningsskilavenju, og skoða hvort reikningar væru í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, fyrirmæli, venju eða samninga. Þá var sérstök áhersla lögð á að kanna samskipti við birgja, gæslu fjármuna í ráðuneytunum, meðferð virðisaukaskatts, launamál og mat á innra eftirliti.

Fjárheimildir

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárheimildum og rekstrarafkomu ársins 2001 hjá aðalskrifstofum ráðuneytanna auk stöðu fjárheimilda í upphafi og lok ársins.

Tafla 50 Fjárheimildir og rekstrarniðurstaða aðalskrifstofa ráðuneytanna

Í m.kr.	Fjárlög	Fj.auk- lög	Millf. á árinu	Launa- og verð.br. heimild	Fjárheim. ársins 2001	Útkoma ársins 2001	Frávik frá f. ári	Fjárheim. frá f. ári	Staða fjárheim. í árslok
Forsætisráðuneytið	143,1	20,7	32,6	3,1	199,5	187,6	11,9	(11,6)	0,3
Menntamálaráðuneytið	345,4	0,0	4,3	8,9	358,6	352,1	6,5	(1,6)	4,9
Utanríkisráðuneytið	596,8	2,0	60,2	10,8	669,8	652,7	17,1	(29,4)	(12,3)
Landbúnaðarráðuneytið	133,8	0,0	6,0	3,2	143,0	141,3	1,7	(1,2)	0,5
Sjávarútvegssráðuneytið	126,0	8,0	1,1	2,7	137,8	134,4	3,4	5,9	9,3
Dóms- og kirkjumálarn.	192,8	0,0	9,8	5,2	207,8	201,8	6,0	1,0	7,0
Félagsmálaráðuneytið	132,9	0,0	15,3	3,3	151,5	149,5	2,0	2,7	4,7
Heilbr.- og tr.málaráðun.	253,5	4,1	10,0	6,5	274,1	271,8	2,3	(3,8)	(1,5)
Fjármálaráðuneytið	396,0	7,9	25,1	10,6	439,6	413,6	26,0	9,1	35,1
Samgönguráðuneytið	176,2	1,8	18,0	4,3	200,3	186,3	14,0	(16,7)	(2,7)
Iðnaðarráðuneytið	80,7	0,0	0,0	1,9	82,6	80,7	1,9	(3,1)	(1,2)
Viðskiptaráðuneytið	102,1	0,0	8,0	2,1	112,2	108,1	4,1	(4,0)	0,1
Umhverfissráðuneytið	167,5	9,0	17,0	3,5	197,0	203,2	(6,2)	3,0	(3,2)
Samtals	2.846,8	53,5	207,4	66,1	3.173,8	3.083,1	90,7	(49,7)	40,8

Framlag á fjárlögum til aðalskrifstofa ráðuneytanna nam rúmum 2,8 ma. kr. á árinu 2001. Við það bættust 53,5 m.kr. á fjárukalögum, millifærslur af öðrum fjárlagaliðum námu um 207,4 m.kr. og aukning fjárheimilda vegna launa- og verðlagsbóta nam 66,1 m.kr. Fjárheimildir aðalskrifstofanna urðu því samtals tæpir 3,2 ma.kr. Rekstrarútgjöld umfram sértekjur voru tæpir 3,1 ma.kr. þannig að reksturinn var um 90,7 m.kr. innan fjárheimilda á árinu 2001.

Umskipti urðu við þetta á stöðu fjárheimilda og var hún orðin jákvæð um 40,8 m.kr. í árslok 2001 samanborið við um 49,7 m.kr. skuld við ríkissjóð í árslok 2000. Eins og fram kemur í töflunni varð tekjuafgangur hjá nær öllum aðalskrifstofum á árinu 2001 en mest umskipti frá fyrra ári hvað rekstrarafkomu varðar voru hjá fjármálaráðuneyti og utanríkisráðuneyti og einnig talsverð hjá samgönguráðuneyti og forsætisráðuneyti svo dæmi séu tekin. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að velta ráðuneytanna er mismikil og svigrúm þannig ólíkt til breytinga á afkomunni milli ára í krónum talið. Þannig voru utanríkisráðuneyti og fjármálaráðuneyti stærstu ráðuneytin hvað fjárlög varðar en breyting á afkomu varð einmitt mest hjá þeim.

Framlag á fjárukalögum nam samtals 53,5 m.kr. þar sem sjö ráðuneyti af þrettán fengu aukafjárveitingu. Forsætisráðuneytið fékk mest eða 20,7 m.kr. vegna aukinna umsvifa í rekstri og aukins kostnaðar á árunum 2000 og 2001, umhverfissráðuneytið fékk 9 m.kr. vegna kostnaðar í tengslum við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda,

sjávarútvegsráðuneytið fékk 8 m.kr. vegna aukins umfangs og nýrra verkefna og fjármálaráðuneytið 7,9 m.kr. vegna stefnumótunarverkefna og tímabundins stofnkostnaðar. Önnur ráðuneyti voru með nokkru lægri aukafjárveitingar en hér hafa verið taldar upp.

Millifærslur af öðrum fjárlagaliðum námu samtals 207,4 m.kr. Fluttar voru fjárheimildir til allra aðalskrifstofa nema iðnaðarráðuneytis en í því sambandi verður að hafa í huga að iðnaðarráðuneytið og viðskiptaráðuneytið eru í reynd rekin sem eitt ráðuneyti. Millifærslur fjárheimilda eru yfirleitt af öðrum fjárlagaliðum sem heyra undir sama ráðuneytið, t.d. þegar ákveðin verkefni eru unnin af starfsmönnum aðalskrifstofanna þótt fjárheimildum hafi í upphafi verið úthlutað til annarra fjárlagaliða. Stærstu millifærslurnar voru hjá utanríkisráðuneyti eða um 60,2 m.kr., forsætisráðuneyti 32,6 m.kr. og fjármálaráðuneyti 25,1 m.kr.

Launa- og verðlagsbætur til aðalskrifstofanna námu samtals 66,1 m.kr. á árinu 2001 en þeim er ætlað að koma til móts við launahækkanir vegna kjarasamninga og aðrar útgjaldahækkanir af völdum hækkandi verðlags. Þessar leiðréttingar voru mestar hjá utanríkisráðuneyti eða 10,8 m.kr. og fjármálaráðuneyti 10,6 m.kr. Þess má geta að meðalhækkun vísitölu neysliverðs milli árána 2000 og 2001 var 6,68% og meðalvísitala launa hjá opinberum starfsmönnum og bankamönnum hækkaði á sama tíma um 8,86%.

Innra eftirlit

Vel hefur tekist til með skipulag innra eftirlits hjá ráðuneytunum og margt áunnist í þeim efnum á síðustu árum. Stjórnskipurit hefur verið gert fyrir nánast öll ráðuneytin þar sem m.a. er kveðið á um verkefnaskiptingu innan þeirra. Ráðuneytin gera áætlun um rekstur sinn og fylgjast með honum og bera saman við fjárheimildir, skýrar reglur eru almennt um innkaup og samskipti við birgja. Skýrar reglur gilda og um greiðsluheimildir og fjárhagslega ábyrgð, launavinnsla fer skipulega fram ásamt fjarvistaeftirliti, gæsla fjármuna fylgir ákveðnum reglum og skrá er haldin yfir keyptar eignir. Dæmi var þó um að eftir væri að skjalfesta samþykktar- og áritunarkerfi reikninga enda þótt unnið væri eftir ákveðnum reglum innan ráðuneytis varðandi þau mál.

Tekjur

Tekjur aðalskrifstofanna eru mismunandi eftir verkefnum hvers ráðuneytis. Sameiginlegt er þeim öllum að ferðakostnaður fæst endurgreiddur eftir ákveðnum reglum t.d. frá Norrænu ráðherranefndinni. Hjá sumum ráðuneytum mynda þessar endurgreiðslur meginhluta sértekna. Það sem skilur að tekjur einstakra ráðuneyta eru málaflokkar þeirra og geta einnig komið til tímabundnar tekjur í því sambandi. Þannig var stærsti hluti sértekna hjá samgönguráðuneytinu á árinu 2001 vegna kostnaðarhlutdeildar stofnana við gerð samræmdrar samgönguáætlunar og frá einkavæðingarnefnd vegna sölu Landsíma Íslands, meginhluti tekna hjá félagsmálaráðuneyti var vegna greiðslna frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og fæðingarorlofssjóði, stór hluti tekna hjá utanríkisráðuneyti var af lóðarleigu á varnarsvæðinu, umhverfisráðuneytið fékk stærstan hluta tekna af greiðslu frá Ofanflóðasjóði fyrir umsýslukostnað og landbúnaðarráðuneytið hafði megnið af sértekjum sínum fyrir kostnaðarhlutdeild í sameiginlegri skrifstofuþjónustu. Auk framangreinds innheimta sum ráðuneytanna tekjur samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs en þær eru ekki færðar í bókhaldi ráðuneytanna heldur er þeim skilað í ríkissjóð. Aukatekjur ríkissjóðs eru m.a. fyrir ýmiss konar leyfisveitingar t.d. til starfsréttinda einstaklinga og fyrirtækja.

Ríkisendurskoðun hefur skoðað meðferð og skil tekna hjá aðalskrifstofum ráðuneytanna og niðurstaðan er sú að skipulega er haldið utan um tekjurnar í bókhaldi, gæsla fjármuna er fullnægjandi og aukatekjum er reglulega skilað. Bókhaldsgögn eru á lögformlegum reikningseyðublöðum sem skipulega eru varðveitt, víða er færð sjóðbók yfir tekjurnar og almennt er lögð áhersla á staðgreiðslu tekna.

Launaákvæðanir vegna yfirmanna og launaafgreiðsla starfsmanna

Umsjón launamála fer fram á líkan máta hjá ráðuneytum og skipulega er haldið utan um þann málaflökk. Fjársýsla ríkisins annast launaafgreiðslu fyrir ráðuneytin. Ákvörðun um mannráðningar í ráðuneytum hefur oftast verið í höndum ráðuneytisstjóra að höfðu samráði við ráðherra en einnig hafa hlutaðeigandi skrifstofustjórar eða fjármálastjórar komið þar að máli eftir atvikum. Ráðningarsamningar eru gerðir við alla starfsmenn. Afrit ráðningarsamninga eru geymd hjá

þeim sem annast launavinnslu í ráðuneytinu og aðgangur að þeim takmarkaður við sömu aðila. Ef breytingar verða á launakjörum starfsmanns þarf að kveða skriflega á um slíkt og skriflegt samþykki ráðuneytisstjóra að liggja fyrir. Breytingar á launasamningum eru varðveittar á sama hátt og ráðningarsamningarnir. Launavinnsla hjá ráðuneytunum er yfirleitt í höndum fjármálastjóra eða skrifstofustjóra þeirrar deildar sem sér um rekstur ráðuneytisins. Þeir einir hafa aðgang að launakerfinu og ekki er mögulegt að starfsmenn sjálfir geti skráð inn í það. Til að fylgjast með viðveru starfsmanna er notast við stimpilklukku. Launakjör ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra aðalskrifstofanna eru ákveðin af kjaranefnd og hafa greidd laun í ráðuneytunum verið í samræmi við það. Það sama gildir um sendiherra og sendifulltrúa í utanríkisþjónustunni. Aðrir starfsmenn fá greitt samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarfélagi.

Samanburður launagjalda milli ára

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á launagjöldum hjá aðalskrifstofum ráðuneytanna á árunum 2001 og 2000.

Tafla 51 Launagjöld aðalskrifstofa ráðuneytanna

<i>Í m.kr.</i>	<i>2001</i>	<i>2000</i>	<i>Breyt.</i>	<i>%</i>
Forsætisráðuneytið	109,1	79,9	29,2	36,5
Menntamálaráðuneytið	253,7	240,4	13,3	5,5
Utanríkisráðuneytið	341,9	330,1	11,8	3,6
Landbúnaðarráðuneytið	86,9	77,8	9,1	11,7
Sjávarútvegsráðuneytið	85,7	79,4	6,3	7,9
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	128,1	115,2	12,8	11,1
Félagsmálaráðuneytið	112,5	92,2	20,4	22,1
Heilbr.- og tr.málaráðuneytið	180,9	157,9	23,0	14,6
Fjármálaráðuneytið	282,6	246,9	35,8	14,5
Samgönguráðuneytið	111,6	88,1	23,4	26,6
Iðnaðarráðuneytið	63,7	66,3	(2,6)	(3,9)
Viðskiptaráðuneytið	57,7	58,6	(1,0)	(1,7)
Umhverfisráðuneytið	111,7	107,8	3,9	3,7
Samtals	1.926,0	1.740,6	185,4	10,6

Launagjöld hjá aðalskrifstofum ráðuneytanna voru samtals um 1,9 ma.kr. á árinu 2001 og hækkuðu um 185,4 m.kr. frá árinu 2000 eða 10,6%. Launagjöld hækkuðu í öllum ráðuneytum nema iðnaðarráðuneyti og viðskiptaráðuneyti þar sem þau lækkuðu vegna færri greiddra ársverka en á árinu 2000. Á árinu 2001 voru gerðir kjara-

samningar við starfsmenn stjórnarráðsins sem fólu í sér 6,7-6,9% launahækkun en að því frátöldu má rekja launahækkunir ársins að mestu til meiri umsvifa og fjölgunar ársverka. Hlutfallslega hækkuðu launagjöld mest hjá forsætisráðuneyti eða 36,5% milli ára, samgönguráðuneytið kom næst með 26,6% hækkun og félagsmálaráðuneytið með 22,1%. Fjárhæðir í töflu að ofan eru á verðlagi hvors árs en á föstu verðlagi hækkuðu launagjöld ráðuneytanna samtals um 1,6% milli ára og er þá miðað við hækkun launavísitölu um 8,86%. Tekið er tillit til launahækkana með verðlagsbótum launa og eru fjárheimildir ráðuneytanna hækkaðar í því skyni.

Samskipti við birgja

Innkaup og samskipti við birgja fara yfirleitt eftir ákveðnum reglum sem ráðuneytin hafa sett sér. Reglurnar eru ýmist skriflegar eða samkvæmt verklagi sem starfsmönnum er kunnugt um að þeir eigi að nota. Ríkisendurskoðun hefur lagt áherslu á það við ráðuneytin að fyrir liggi skrifleg lýsing á því hverjir megi pantast inn vörur og þjónustu. Yfirleitt er það ráðuneytisstjóri sem tekur ákvörðun um risnuútgjöld og hann og yfirmaður rekstrardeildar ákveða meiri háttar eða óvenjuleg innkaup. Reikningar eru áritaðir til samþykkis af þeim sem staðið hafa fyrir viðkomandi innkaupum, t.d. skrifstofustjórum, en oft eru það síðan yfirmenn rekstrardeilda sem árita reikninga til greiðslu. Ráðuneytin leggja áherslu á að rammisamningar Ríkiskaupa séu notaðir við innkaup þar sem við á. Sum ráðuneytin hafa tekið upp innkaupakort ríkisins og önnur eru að athuga málið.

Samanburður annarra rekstrargjalda milli ára

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á öðrum rekstrargjöldum hjá aðalskrifstofum ráðuneytanna á árunum 2001 og 2000.

Tafla 52 Önnur rekstrargjöld aðalskrifstofa ráðuneytanna

<i>Í m.kr.</i>	<i>2001</i>	<i>2000</i>	<i>Breyt.</i>	<i>%</i>
Forsætisráðuneytið	75,8	72,3	3,5	4,9
Menntamálaráðuneytið	94,4	99,2	(4,8)	(4,8)
Utanríkisráðuneytið	303,4	355,8	(52,4)	(14,7)
Landbúnaðarráðuneytið	56,8	49,8	7,0	14,0
Sjávarútvegsráðuneytið	50,1	48,3	1,8	3,8
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	75,9	70,7	5,2	7,4
Félagsmálaráðuneytið	53,4	68,4	(14,9)	(21,8)
Heilbr.- og tr.málaráðuneytið	87,5	93,8	(6,4)	(6,8)
Fjármálaráðuneytið	130,5	107,8	22,7	21,0
Samgönguráðuneytið	85,6	79,7	5,9	7,4
Iðnaðarráðuneytið	18,0	16,0	2,0	12,2
Viðskiptaráðuneytið	47,4	52,8	(5,5)	(10,3)
Umhverfisráðuneytið	85,4	85,5	(0,1)	(0,1)
Samtals	1.164,2	1.200,2	(36,0)	(3,0)

Önnur rekstrargjöld hjá aðalskrifstofum ráðuneytanna voru alls rúmur 1,1 ma. kr. á árinu 2001 og lækkuðu um 36 m.kr. frá fyrra ári eða 3,0%. Utanríkisráðuneytið og fjármálaráðuneytið voru með mestan kostnað vegna annarra rekstrargjalda þar sem ferðakostnaður og aðkeypt þjónusta voru umfangsmestu liðirnir hjá utanríkisráðuneyti en hjá fjármálaráðuneyti var dreifingin jafnari á t.d. ferðakostnað, aðkeypta þjónustu og húsnæðiskostnað. Þess ber að geta að ferðakostnaður íslenskra sendiráða erlendis er gjaldfærður hjá aðalskrifstofu utanríkisráðuneytis og hækka útgjöld ráðuneytisins sem því nemur. Mesta lækkun annarra rekstrargjalda var hjá utanríkisráðuneytinu eða 52,4 m.kr. en þar á eftir kom félagsmálaráðuneytið þar sem lækkunin nam 14,9 m.kr. Hækkun var aftur á móti mest hjá fjármálaráðuneyti eða um 22,7 m.kr. Hlutfallsleg breyting var mest hjá félagsmálaráðuneyti þar sem lækkun annarra rekstrargjalda var 21,8% en hækkun var mest hjá fjármálaráðuneyti eða 21%. Fjárhæðir í töflu að ofan eru á verðlagi hvors árs en á föstu verðlagi lækkuðu önnur rekstrargjöld um 9% milli ára og er þá tekið mið af hækkun neysluvísitölu um 6,68% milli árana 2000 og 2001. Hjá félagsmálaráðuneyti mátti t.d. rekja lækkun annarra rekstrargjalda til minni aðkeyptrar

sérfræðiþjónustu og eignakaupa. Hækkun útgjalda hjá fjármálaráðuneyti má t.d. rekja til aukins ferðakostnaðar og aðkeyptrar þjónustu.

Samanburður eignakaupa milli ára

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á eignakaupum hjá aðalskrifstofum ráðuneytanna á árunum 2001 og 2000.

Tafla 53 Eignakaup aðalskrifstofa ráðuneytanna

<i>Í m.kr.</i>	<i>2001</i>	<i>2000</i>	<i>Breyt.</i>	<i>%</i>
Forsætisráðuneytið	2,9	3,7	(0,8)	(20,7)
Menntamálaráðuneytið	5,3	10,8	(5,4)	(50,4)
Utanríkisráðuneytið	16,8	14,4	2,4	17,0
Landbúnaðarráðuneytið	1,0	2,4	(1,4)	(56,7)
Sjávarútvegsráðuneytið	2,4	1,2	1,3	107,4
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	1,4	1,9	(0,6)	(29,4)
Félagsmálaráðuneytið	2,3	7,2	(4,9)	(68,3)
Heilbr.- og tryggingam.ráðun.	6,0	3,5	2,4	68,2
Fjármálaráðuneytið	10,6	9,2	1,4	15,2
Samgönguráðuneytið	1,9	1,9	(0,1)	(4,5)
Iðnaðarráðuneytið	0,5	4,4	(4,0)	(89,6)
Viðskiptaráðuneytið	4,0	4,5	(0,4)	(10,0)
Umhverfissráðuneytið	3,6	4,6	(1,0)	(22,3)
Samtals	58,8	69,8	(11,0)	(15,8)

Eignakaup hjá aðalskrifstofum ráðuneytanna námu 58,8 m.kr. á árinu 2001 og lækkuðu um 11 m.kr. frá árinu 2000 eða 15,8%. Eignakaup voru mest hjá utanríkisráðuneyti á árinu 2001 eða 16,8 m.kr. þar sem kaup á tölvubúnaði skipuðu stærstan sess og hjá fjármálaráðuneyti 10,6 m.kr. þar sem bifreiðakaup settu mestan svip á eignakaupin. Mesta lækkunin eignakaupa var hjá menntamálaráðuneyti eða um 5,4 m.kr. en þar á eftir kom félagsmálaráðuneytið með 4,9 m.kr. lækkun og iðnaðarráðuneytið með 4,0 m.kr. lækkun. Lækkun eignakaupa á árinu 2001 hjá þessum þremur ráðuneytum má að miklu leyti rekja til bifreiðakaupa á árinu 2000 sem hækkaði kostnað þess árs.

Samanburður tilfærslna milli ára

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á tilfærslum hjá aðalskrifstofum ráðuneytanna á árunum 2001 og 2000.

Tafla 54 Tilfærslur hjá aðalskrifstofum ráðuneytanna

<i>Í m.kr.</i>	2001	2000	Breyt.	%
Forsætisráðuneytið	0,9	0,2	0,7	397,8
Menntamálaráðuneytið	0,1	0,1	0,0	(17,9)
Utanríkisráðuneytið	12,8	10,0	2,7	27,2
Landbúnaðarráðuneytið	7,8	6,2	1,7	26,8
Sjávarútvegsráðuneytið	0,0	3,1	(3,1)	(99,3)
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	1,8	1,4	0,4	30,2
Félagsmálaráðuneytið	0,5	4,8	(4,3)	(89,3)
Heilbr.- og tryggingam.ráðun.	0,3	0,0	0,3	0,0
Fjármálaráðuneytið	3,1	0,4	2,7	701,8
Samgönguráðuneytið	15,1	4,3	10,7	247,5
Iðnaðarráðuneytið	0,0	0,0	0,0	0,0
Viðskiptaráðuneytið	0,0	0,4	(0,4)	(98,8)
Umhverfisráðuneytið	10,0	5,4	4,6	85,8
Samtals	52,3	36,3	16,0	44,2

Tilfærslur geta ýmist verið ákveðnar í fjárlögum, verið samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar eða að ákvörðun um styrkveitingu fari fram í ráðuneytinu. Einstaklingar, samtök eða fyrirtæki geta sótt um styrkveitingu til verkefna sem þau vinna að en reynt er að úthluta til verkefna sem tengjast verkefnasviði viðkomandi ráðuneytis. Algengt er að fjárheimildir af fjárlagalið fyrir ráðstöfunarfé ráðherra sé að hluta til notað til úthlutunar á tilfærslum. Nokkur munur er á því milli ráðuneyta hvernig ráðstöfunarfé ráðherra er skipt milli aðalskrifstofu og annarra fjárlagaliða sem ráðuneytið sér um daglegan rekstur á. Ríkisendurskoðun telur að huga þyrfti að meira samræmi í þessu tilliti.

Tilfærslur hjá aðalskrifstofum ráðuneytanna námu samtals 52,3 m.kr. á árinu 2001 og hækkuðu um 16,0 m.kr. frá árinu 2000 eða 44,2%. Tilfærslur voru mestar hjá samgönguráðuneyti, utanríkisráðuneyti og umhverfisráðuneyti en hækkun milli ára var mest hjá samgönguráðuneyti samanborið við hin ráðuneytin. Hjá samgönguráðuneytinu var stór hluti tilfærslna á árinu 2001 vegna ábyrgðargreiðslna í tengslum við gjaldþrot ferðaskrifstofu, tilfærslur á vegum utanríkisráðuneytis dreifðust á marga aðila og hjá umhverfisráðuneyti áttu verkefni á sviði endurvinnslu og umhverfisstjórnunar stóran þátt í tilfærslum ársins.

Sjóðir og bankareikningar

Fjársýsla ríkisins annast greiðslur reikninga fyrir ráðuneytin og er því ekki haldinn sjóður fyrir útgjöld hjá þeim. Sjóður verður aftur á móti til í nokkrum ráðuneytanna við innheimtu aukatekna ríkissjóðs en þeim fjármunum er skilað reglulega til Fjársýslunnar. Til undantekningar heyrir að ráðuneytin séu með bankareikninga en í slíkum tilvikum er um móttöku greiðslna að ræða og er þeim tekjum sömuleiðis skilað til Fjársýslunnar. Ráðuneytin hafa í auknum mæli farið þá leið að beina greiðslum aukatekna til Fjársýslunnar í stað þess að innheimta þær sjálf og hafa þannig hvorki sjóð né bankareikning á sínum vegum.

Viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir

Viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir eru að jafnaði ekki háar fjárhæðir í bókhaldi ráðuneytanna. Ferðakostnaður starfsmanna er færður um viðskiptamannareikninga þeirra en að öðru leyti eru viðskiptamenn ekki bókfærðir nema um áramót og þá er yfirleitt um að ræða ógreidda desemberreikninga í rekstri ráðuneytanna sem greiddir eru í næsta mánuði á eftir. Lögð hefur verið áhersla á það af hálfu Ríkisendurskoðunar að ferðareikningum sé skilað til bókhalds innan 30 daga frá ferðalokum og þeir gerðir reglulega upp við starfsmenn. Dæmi eru um óuppgerða ferðareikninga frá fyrri árum en þá er oftast um lágar eftirstöðvar ferðakostnaðar að ræða. Í slíkum tilfellum liggur fyrir hvenær eftirstöðvar hafa myndast og reynist ókleift að ganga frá þeim með greiðslu eru afskriftir hafðar í huga að loknum fyrningarfresti krafanna.

Greiðslustaða gagnvart ríkissjóði

Eftirfarandi tafla sýnir greiðslustöðu ráðuneytanna gagnvart ríkissjóði í árslok 2001.

Tafla 55 Greiðslustaða aðalskrifstofa ráðuneytanna 2001

<i>Í þús.kr.</i>	<i>Inneign</i>	<i>Skuld</i>
Forsætisráðuneyti	7.168	
Menntamálaráðuneyti	7.972	
Utanríkisráðuneyti		1.666
Landbúnaðarráðuneyti	7.005	
Sjávarútvegsráðuneyti	11.557	
Dóms-og kirkjumálaráðun.	10.409	
Félagsmálaráðuneyti	7.637	
Heilbr.og tryggingam.ráðun.	1.759	
Fjármálaráðuneyti	41.063	
Samgönguráðuneyti	4.010	
Iðnaðarráðuneyti		1.009
Viðskiptaráðuneyti	3.265	
Umhverfisráðuneyti	7.519	
Samtals	<u>109.364</u>	<u>2.675</u>

Í reikningskilum ráðuneytanna er birt greiðslustaða þeirra gagnvart ríkissjóði sem sýnir mismun á milli ríkisframlags og greiðslna úr ríkissjóði. Í árslok 2001 áttu 11 ráðuneyti samtals um 109,3 m.kr. hjá ríkissjóði en tvö ráðuneyti skulduðu ríkissjóði samtals um 2,6 m.kr. Greiðslustaðan hefur batnað umtalsvert frá árinu 2000 en þá var inneign hjá ríkissjóði samtals um 45,8 m.kr. og skuld um 34 m.kr. Inneignir hækkuðu því um 63,5 m.kr. og skuldir lækkuðu um 31,4 m.kr.

Gæsla fjármuna

Fjármunir í umsjá ráðuneytanna snúa aðallega að sjóði vegna aukatekna ríkissjóðs og eignum sem gjaldfærðar eru í bókhaldi þeirra og færðar á eignaskrá. Aukatekjum ríkissjóðs sem aðallega eru vegna ýmissa leyfisveitinga, s.s. starfsréttinda, er skilað reglulega til Fjársýslu ríkisins samkvæmt sérstökum uppgjörum. Vaxandi er að greiðslur aukatekna séu færðar í sjóðbók en Ríkisendurskoðun hefur mælst til um það. Notuð eru lögformleg reikningseyðublöð við innheimtu aukatekna ríkissjóðs og afrit þeirra varðveitt í samfelldri númeraröð. Algengt er að númer reikninga séu færð í bókhaldi sem auðveldar

eftirlit með því að allar tekjur skili sér. Ráðuneytin eiga oft rétt á endurgreiðslu ferðakostnaðar í erlendu samstarfi og eru þær greiðslur ýmist lagðar beint á reikning ríkissjóðs eða þær berast ráðuneytunum sem afhenda þær Fjársýslu ríkisins. Skrá yfir keyptar eignir er færð á tölvutæku formi eftir forskrift Fjársýslu ríkisins.

Virðisaukaskattur

Ekki er um starfsemi að ræða í ráðuneytunum sem fellur undir skil á virðisaukaskatti. Sala sem tengist ráðuneytunum er aðallega á ritum og bókum á málefnasviði þeirra. Í sumum ráðuneytum fer engin slík sala fram. Hjá öðrum er haft það fyrirkomulag að salan er falin utan- aðkomandi aðilum, s.s. bókaverslunum eða Hagstofunni. Ráðuneytin fá aftur á móti endurgreiddan virðisaukaskatt af sérfræðipjónustu og annarri þjónustu samkvæmt reglum um slíkar endurgreiðslur. Fjársýsla ríkisins sér um að millifæra þessar launagreiðslur en Ríkisendurskoðun telur að ráðuneytin þurfi ávallt að hafa eftirlit með því í bókhaldi sínu að endurgreiðslurnar séu í samræmi við reglur.

Framhaldsskólar

Fjárhagsendurskoðun var gerð á öllum framhaldsskólum vegna ársins 2001 fyrir utan hússtjórnarskóla og þá skóla sem reknir eru sem sjálfseignastofnanir. Endurskoðunin var gerð á samræmdan hátt. Atriði sem komu til skoðunar voru m.a. innra eftirlit, tekjur, launaákvörðanir til yfirmanna og launaafgreiðsla starfsmanna, samskipti við birgja, önnur rekstrargjöld, eignakaup, efnahagsliðir, gæsla fjármuna og virðisaukaskattskil. Einnig voru fjárheimildir bornar saman við rekstur, tekjur og gjöld borin saman milli ára og gerð grein fyrir helstu frávikum.

Fjárheimildir og fjárhagsstaða

Taflan hér að neðan sýnir samanburð á fjárheimildum og rekstrar- niðurstöðu hjá framhaldsskólum á árinu 2001.

Tafla 56 Fjárheimildir og rekstrarniðurstaða framhaldsskólanna

Heiti fjárlagaliðar	Fjárlög	Fjár- aukalög	Launa- bætur	Aðrar millif.	Fjárheimild ársins	Útkoma ársins	Frávik	Fjárh. frá fyrra ári	Staða fjárh. í árslok
Í m.kr.									
Menntaskólinn í Reykjavík	236,3	14,5	53,8	(2,5)	302,1	317,0	(14,9)	37,7	22,8
Menntaskólinn á Akureyri	198,1	16,0	46,7	1,2	262,0	280,6	(18,6)	(1,0)	(19,7)
Menntask. að Laugarvatni	69,9	3,5	12,1	2,3	87,8	96,8	(9,0)	(4,0)	(13,1)
Menntask. við Hamrahlíð	328,7	21,5	81,9	11,4	443,5	448,1	(4,6)	36,8	32,1
Menntaskólinn við Sund	221,9	13,5	51,9	2,6	289,9	271,7	18,2	(21,8)	(3,6)
Menntaskólinn á Ísafirði	107,4	5,4	16,4	12,9	142,1	127,3	14,8	(8,3)	6,5
Menntask. á Egilsstöðum	98,5	5,5	19,2	8,5	131,7	145,9	(14,3)	3,6	(10,7)
Menntaskólinn í Kópavogi	326,6	20,0	74,8	20,1	441,5	482,1	(40,5)	(122,1)	(162,7)
Kvennaskólinn í Reykjavík	164,3	9,9	39,2	0,5	213,9	205,8	8,2	4,8	13,0
Fjölbautask. í Breiðholti	455,6	31,0	113,0	17,1	616,7	593,1	23,6	(98,3)	(74,7)
Fjölbautaskólinn Ármúla	219,0	13,3	52,0	7,7	292,0	325,2	(33,1)	(36,0)	(69,2)
Flensborgarskóli	188,5	11,4	41,4	3,2	244,5	233,9	10,6	(22,7)	(12,1)
Fjölbautaskóli Suðurnesja	222,9	13,6	51,9	(0,2)	288,2	300,8	(12,6)	22,7	10,0
Fjölbautaskóli Vesturlands	204,8	13,6	43,6	9,2	271,2	293,9	(22,7)	(37,6)	(60,3)
Framh.sk. í Vestm.eyjum	86,3	5,5	19,9	6,9	118,5	113,5	5,1	12,6	17,7
Fjölb.sk. Norðurl. vestra	146,4	10,5	36,6	11,6	205,1	187,8	17,3	(37,9)	(20,6)
Fjölbautaskóli Suðurlands	264,8	17,0	66,1	1,3	349,2	321,6	27,6	23,7	51,3
Verkmenntask. Austurl.	84,3	3,9	11,8	8,0	108,0	107,0	1,0	4,6	5,7
Verkmenntask. á Akureyri	385,5	26,4	89,1	(8,4)	492,6	516,6	(24,0)	(28,5)	(52,5)
Fjölbautask. í Garðabæ	178,8	13,2	38,7	16,2	246,9	250,1	(3,3)	(3,0)	(6,2)
Framh.sk. í A-Skaftafellss.	40,8	2,8	9,5	(1,0)	52,1	50,3	1,8	(1,9)	-
Framhaldssk. á Húsavík	57,1	3,9	15,1	(3,7)	72,4	73,8	(1,3)	0,1	(1,2)
Framhaldssk. á Laugum	49,5	2,4	8,5	4,3	64,7	60,5	4,2	(4,1)	-
Borgarholtsskóli	254,3	18,4	59,3	21,8	353,8	350,5	3,3	(35,9)	(32,5)
Vélskóli Íslands	72,1	5,2	18,5	(26,5)	69,3	99,1	(29,8)	33,8	4,0
Stýrimannask. í Reykjavík	42,2	2,1	9,5	(0,7)	53,1	49,3	3,8	(4,5)	(0,7)
Iðnskólinn í Reykjavík	631,5	48,5	162,6	3,3	845,9	804,1	41,8	1,8	43,6
Iðnskólinn í Hafnarfirði	202,5	27,4	36,6	(2,3)	264,2	264,4	(0,2)	(1,5)	(1,7)
Samtals	5.538,6	379,9	1.279,7	124,6	7.322,8	7.370,9	(48,0)	(286,9)	(334,9)

Fjárheimildir framhaldsskólanna skv. fjárlögum 2001 námu rúmum 5,5 ma.kr. Við þetta bættust samtals liðlega 1,7 ma.kr. á árinu sem skiptast þannig að heimildir fjárukaalaga námu 379,9 m.kr., millifærslur af öðrum fjárlagaliðum námu 124,6 m.kr. og launa- og verðlagsbætur námu tæplega 1,3 ma.kr.

Í upphafi ársins 2001 höfðu framhaldsskólarnir ráðstafað 286,9 m.kr. til útgjalda umfram heimildir. Að teknu tilliti til afkomu ársins höfðu framhaldsskólarnir ráðstafað liðlega 334,9 m.kr. umfram heimildir. Þar af hafði Menntaskólinn í Kópavogi ráðstafað um 162,7 m.kr. umfram heimildir. Halli varð af rekstri 14 framhaldsskóla á árinu 2001 og nam

hann samtals 229,1 m.kr. Sami fjöldi framhaldsskóla var með tekjuafgang á árinu sem nam samtals 181,2 m.kr.

Framlög á fjárukalögum voru m.a. til að greiða framhaldsskólakennurum laun fyrir að ljúka kennslu og prófum á skólaárinu 2000-2001, lengja námstíma fatlaðra nemenda, efla og breyta stjórnunarstörfum í framhaldsskólum og til að mæta breytingu á launum deildarstjóra í framhaldsskólum sem leiddu af samkomulagi sem fjármálaráðuneytið gerði við Kennarasamband Íslands. Þetta var leiðrétting aftur í tímann. Þá fékk Iðnskólinn í Hafnarfirði leiðréttingu á greiðslu virðisaukaskatts af húsaleigusamningi. Þetta var einnig leiðrétting aftur í tímann.

Aðrar millifærslur námu samtals 124,6 m.kr. Millifært var af nokkrum safnliðum sem menntamálaráðuneytið hefur vegna forfalla og launaðs orlofs kennara, vegna sérkennslu, og af óskiptum safnlið ráðuneytisins vegna nemendauppgjörs en framlag til skólanna er ákveðið á hverju ári á grundvelli áætlaðs nemendafjölda. Framlagið er leiðrétt næsta ár á eftir þegar raunverulegur fjöldi nemenda er ljós.

Fjárhagsstaða framhaldsskólanna er mjög mismunandi. Fjárveitingar til skólanna eru veittar með hliðsjón af niðurstöðum reiknilíkans sem á að tryggja að framlög séu ákvörðuð út frá sömu forsendum. Stjórnendur framhaldsskólanna hafa hins vegar gagnrýnt reiknilíkanið mikið. Gagnrýnt er að það sé ekki nógu vel aðlagað að mismunandi starfsemi þeirra. Framhaldsskólarnir á landsbyggðinni hafa kvartað undan því að ekki sé tekið nægjanlegt tillit til aukins kostnaðar vegna fjarlægðar skólanna frá höfuðborginni þaðan sem vörur og þjónusta er keypt og fundir haldnir. Þá hafa verkmenntaskólar gagnrýnt að búnaður verknámsdeilda og tölvumála sé stórlega vanmetinn. Ríkisendurskoðun hefur ekki lagt mat á reiknilíkanið og niðurstöður þess. Samkvæmt upplýsingum sem Ríkisendurskoðun hefur fengið hjá menntamálaráðuneytinu er verið að endurskoða reiknilíkanið í heild sinni og mun niðurstaða þess væntanlega liggja fyrir við gerð fjárlaga vegna ársins 2004. Hins vegar ber skólanum að haga rekstri í samræmi við fjárheimildir hverju sinni og reiknilíkanið afléttir ekki þeirri skyldu stjórnenda skólanna að halda heildarútgjöldum innan fjárhagsramma þeirra.

Ríkisendurskoðun minnir af þessu tilefni á meginreglur fjárreiðulaga nr. 88/1997 og á ábyrgð stjórnenda í því sambandi, sbr. ákvæði 49. gr. fjárreiðulaga og 2. mgr. 38. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Innra eftirlit

Flestir framhaldsskólanna sjá sjálfir um greiðslu reikninga og bókhald en laun eru greidd með milligöngu launaafgreiðslu Fjársýslu ríkisins. Samtals voru 6 skólar í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins. Menntaskólinn í Kópavogi færir bókhald að hluta til sjálfur og sendir færslur og fylgiskjöl til Fjársýslu ríkisins. Þá sér skólinn ennfremur um greiðslu reikninga að hluta til. Ríkisendurskoðun telur að stofnanir eigi annað hvort að vera í greiðslu- eða/og bókhaldsþjónustu Fjársýslu ríkisins eða ekki.

Helsti veikleiki í innra eftirliti skólanna er, að sökum smæðar og þar af leiðandi fámennis á skrifstofum þeirra, er oft erfitt að koma við nægilegri aðgreiningu starfa. Oft sér sami starfsmaður um færslu bókhalds, afstemmingar, greiðslu reikninga og innheimtu tekna. Ríkisendurskoðun hefur lagt á það áherslu að stjórnendur skólanna tryggji viðunandi innra eftirlit með því að skólameistari eða aðstoðar-skólameistari áriti alla reikninga fyrir greiðslu.

Nauðsynlegt er að verklagsreglur vegna mikilvægra verkþátta eins og t.d. innkaupa, innheimtu og afstemmingu tekna, innheimtu viðskipta-krafna, afstemmingu banka og viðskiptareikninga, áætlanagerð, launavinnslu og samþykkt og áritanir reikninga séu skjalfestar en svo var almennt ekki. Þá voru alloft ekki til starfslýsingar vegna þeirra sem koma að fjármálum og bókhaldi.

Að öðru leyti var innra eftirlit almennt í ágætu horfi hjá framhalds-skólum. Rekstraráætlanir eru almennt gerðar og reglulega eru raun-tölur út bókhaldi bornar saman við áætlanir. Ráðningasamningar við starfsmenn eru skriflegir, haldin er fjarvistarskrá og fylgst er með viðveru starfsmanna. Þá voru í flestum skólum til skipurit. Eignaskrá er almennt haldin og hún uppfærð reglulega.

Tekjur

Framhaldsskólar innheimta innritunargjald og í flestum skólum er ennfremur innheimt efnisgjald vegna verklegrar kennslu sem er þó mishátt á milli skóla. Innritunargjald skal taka mið af kostnaði vegna ýmiss konar kennsluefnis og pappírsvara sem skóli lætur nemendum í té og skal aldrei vera hærra en 6.000 kr. á skólaári, sbr. 7. gr. laga nr. 80/1996, um framhaldsskóla. Heimilt er að innheimta 25% hærra gjald af þeim sem fá leyfi til innritunar utan auglýsts innritunartíma. Efnisgjald vegna verklegrar kennslu skal taka mið af raunverulegum efniskostnaði og skal aldrei vera hærra en 25.000 kr. á skólaári. Þá er framhaldsskólum heimilt að innheimta sérstakt endurinnritunargjald. Önnur skólagjöld og nemendafélagsgjöld er nemendum almennt frjálst hvort þeir greiða.

Nokkrir af framhaldsskólunum á landsbyggðinni reka heimavist og mötuneyti. Ríkissjóður greiðir kostnað við umsjón og almennan rekstur en nemendur þurfa að bera sjálfir hluta sérgreinds kostnaðar í heimavistum og rekstri mötuneyta. Húsnæðið má ennfremur nýta til gistihúsareksturs utan reglulegs skólatíma. Hagnaði af leigu skólahúsnæðis og heimavista skal verja til viðhalds og endurnýjunar húsnæðis og búnaðar, sbr. 43. gr. laga nr. 80/1996. Nokkur ágreiningur hefur verið milli skólanna og menntamálaráðuneytisins en leigutekjum skv. framansögðu átti að skila til Fjársýslu ríkisins en hver skóli átti samt sem áður að njóta sjálfur þeirra tekna sem hann þannig aflaði. Framhaldsskólarnir hafa hins vegar almennt ekki skilað leigutekjunum og lítið hefur verið aðhafst í því af hálfu menntamálaráðuneytisins. Það mun hins vegar verða tekið á þessu í fyrirhuguðum leigusamningu milli framhaldsskólanna og Fasteigna ríkissjóðs sem stefnt er að klára árið 2003.

Nokkrir skólar hafa farið út í að leigja nemendum tölvur en að mati Ríkisendurskoðunar er eðlilegra að aðrir aðilar en skólarnir sjái um slíka starfsemi.

Margir framhaldsskólanna bókfæra tekjur við greiðslu reikninga en ekki við útsendingu. Innheimtufarlið er þannig að nemendaskrá er send banka sem sendir síðan út gíróseðla. Það sem innheimtist er tekjufært. Ástæðan er sú að margir nemendur skrá sig en hætta svo við. Áhrif þessa er óveruleg á reikningsskilin þar sem innheimtunni er almennt lokið fyrir áramót.

Afstemming innritunar- og efnisgjalda var ekki nægjanlega góð í mörgum skólum og þurfti Ríkisendurskoðun í mörgum tilvikum að biðja sérstaklega um afstemmingu tekna fyrir árið 2001. Í nokkrum tilvikum var erfitt að stemma tekjur af og voru skýringar m.a. að fjöldi nemenda var ekki réttur, lotun var röng eða tekjur voru færðar á ranga tegund. Ríkisendurskoðun benti á mikilvægi þess að tekjur séu stemmdar af reglulega eftir hverja innritun og færðar á réttar tegundir. Þá vill Ríkisendurskoðun minna á meginreglu reikningsskila um að tekjur skulu færðar á því ári sem til þeirra er aflað án tillits til þess hvort þær eru greiddar eða ekki.

Fáeinir skólar voru með ómerкта tekjureikninga sem ekki voru varðveittir í hlaupandi númeraröð.

Launaákvörðanir vegna yfirmanna og launaafgreiðsla starfsmanna

Öll laun framhaldsskólanna eru greidd með milligöngu Fjársýslu ríkisins. Dæmi voru um að laun starfsmanna mötuneyta sem rekin eru af framhaldsskólanum séu greidd á skrifstofum skólanna.

Skólameistarar fá greidd laun samkvæmt ákvörðun kjaranefndar en aðrir starfsmenn fá greitt samkvæmt kjarasamningum. Í 11. gr. laga nr. 120/1992, um kjaradóm og kjaranefnd, kemur fram að kjaranefnd skuli ákvarða föst laun fyrir dagvinnu og kveða á um önnur starfskjör. Hún úrskurðar hvaða aukastörf tilheyra aðalstarfi og hvað beri að launa sérstaklega. Laun skólameistara sem voru greidd af skólunum voru almennt í samræmi við úrskurði kjaranefndar. Þó voru 7 skólameistarar sem fengu greidd laun eða sérfræðipjónustu sem ekki var borin undir Kjaranefnd. Um var að ræða m.a. greiðslur fyrir setu í nefndum, kennslulaun, húsnæðisstyrk og stundatöflugerð. Almennt var um lágar fjárhæðir að ræða.

Launavinnsla framhaldsskólanna var almennt í ágætu horfi. Gerðir eru ráðningasamningar við starfsmenn. Mjög mismunandi er hverjir sjá um skráningu í launakerfi en algengt var að fjármálastjórar, launafulltrúar eða skrifstofustjórar sái um það. Þá var mjög algengt að aðstoðarskólameistarar og skólameistarar samþykktu vinnuskýrslur áður en þær eru sendar Fjársýslu ríkisins. Aðgangur að launakerfinu er jafnan

takmarkaður við þá sem annast skráningu í launakerfið og yfirmenn þeirra þar sem við á. Fáir skólar eru með stimpilklukku til að fylgjast með viðveru starfsmanna þar sem flestir þeirra eru kennarar, en viðvera þeirra byggist á stundaskrá. Oftast var fylgst með viðveru annarra starfsmanna á annan hátt. Nær undantekningalaust var fylgst með fjarvistum starfsmanna. Mjög mismunandi var hvort til væru starfslýsingar fyrir starfsmenn.

Samanburður launagjalda milli ára 2000 og 2001

Eftirfarandi er greining á launakostnaði sem var gjaldfærður hjá framhaldsskólunum á árunum 2000 og 2001.

Tafla 57 Laun og launatengd gjöld framhaldsskóla

<i>Í m.kr.</i>	2001	2000	Breyt.	%
Menntaskólinn í Reykjavík	244,4	175,3	69,1	39,4
Menntaskólinn á Akureyri	251,5	161,2	90,3	56,0
Menntaskólinn á Laugarvatni	79,3	53,4	25,9	48,5
Menntaskólinn við Hamrahlíð	392,9	259,0	133,9	51,7
Menntaskólinn við Sund	241,7	176,2	65,5	37,2
Menntaskólinn á Ísafirði	107,4	76,9	30,5	39,6
Menntaskólinn á Egilsstöðum	117,3	74,4	42,9	57,7
Menntaskólinn í Kópavogi	414,0	279,0	135,0	48,4
Kvennaskólinn í Reykjavík	174,9	120,7	54,2	44,9
Fjölbautaskólinn í Breiðholti	552,3	377,9	174,4	46,2
Fjölbautaskólinn Ármúla	288,3	194,3	94,0	48,4
Flensborgarskóli	210,5	148,7	61,8	41,6
Fjölbautaskóli Suðurnesja	253,6	169,1	84,5	49,9
Fjölbautaskóli Vesturlands	246,3	163,3	83,1	50,9
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	99,3	68,4	30,9	45,2
Fjölbautaskóli Norðurlands vestra	167,9	117,2	50,8	43,3
Fjölbautaskóli Suðurlands	282,4	186,8	95,5	51,1
Verkmenntaskóli Austurlands	86,0	62,2	23,7	38,2
Verkmenntaskólinn á Akureyri	480,8	316,9	163,9	51,7
Fjölbautaskólinn í Garðabæ	217,3	145,9	71,4	48,9
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	42,3	27,8	14,5	52,0
Framhaldsskólinn á Húsavík	64,2	44,2	20,0	45,3
Framhaldsskólinn á Laugum	50,3	36,0	14,3	39,6
Borgarholtsskóli	295,9	185,0	110,8	59,9
Vélskóli Íslands	77,0	54,8	22,2	40,4
Stýrimannaskólinn í Reykjavík	36,4	26,3	10,1	38,6
Iðnskólinn í Reykjavík	179,7	103,4	76,3	73,8
Iðnskólinn í Hafnarfirði	723,4	514,7	208,7	40,6
Samtals	6.377,3	4.319,0	2.058,3	47,7

Verkfall framhaldsskólakennara setti sinn svip á launakostnað áráanna 2000 og 2001. Þannig voru heildarlaun ársins 2000 lægri en undir venjulegum kringumstæðum og yfirvinna ársins 2001 hærri en venjulega. Það skýrist af því að glataður kennslutími vegna verkfallsins var unninn upp í yfirvinnu. Nýir kjarasamningar voru gerðir við flesta starfamenn framhaldsskólanna á árinu 2001 sem skýrir aðallega hækkun launa milli ára.

Samskipti við birgja

Algengt er að margir koma að innkaupum hjá framhaldsskólum. En hjá flestum skólanna þarf samþykki skólameistara fyrir innkaupum. Ríkisendurskoðun telur að bæta megi verklag með innkaupum nokkuð hjá skólunum. Þannig ætti að skjalfesta verklagið með reglum um innkaup þar sem fram kæmu heimildir einstakra starfsmanna, ferli við samþykki og áritanir reikninga, ásamt því sem innkaupum ætt að stýra þangað sem hagkvæmast er. Þá mætti auka eftirlit með móttöku vara og koma á birgðavörslu innan stóru framhaldsskólanna.

Þrír skólar eru byrjaðir að nota innkaupakort en nokkrir nota beiðnir.

Framhaldsskólarnir eru áskrifendur að rammamningum ríkiskaupa að einum skóla undanskildum. Hins vegar voru rammamningarnir í nokkrum skólum lítið notaðir. Ríkisendurskoðun vill benda á að öll innkaup á vörum yfir 5 m.kr. og kaup á þjónustu og verkum yfir 10 m.kr. skal bjóða út, sbr. 12 gr. laga nr. 94/2001, um opinber innkaup. Þá skal við innkaup undir framangreindum viðmiðunar-fjárhæðum ávallt gæta hagkvæmni og gera samanburð meðal sem flestra seljenda, sbr. 13. gr. laganna.

Samanburður annarra rekstrargjalda milli ára

Eftirfarandi er greining á öðrum rekstrarkostnaði sem var gjaldfærður hjá framhaldsskólunum á árunum 2000 og 2001.

Tafla 58 Annar rekstrarkostnaður framhaldsskóla

<i>Í m.kr.</i>	<i>2001</i>	<i>2000</i>	<i>Breyt.</i>	<i>%</i>
Menntaskólinn í Reykjavík	51,5	46,3	5,2	11,3
Menntaskólinn á Akureyri	61,6	47,9	13,7	28,6
Menntaskólinn á Laugarvatni	23,4	17,5	5,9	33,9
Menntaskólinn við Hamrahlíð	62,4	44,7	17,7	39,6
Menntaskólinn við Sund	40,1	41,8	(1,7)	(4,0)
Menntaskólinn á Ísafirði	30,4	27,5	2,9	10,8
Menntaskólinn á Egilsstöðum	35,1	25,6	9,5	36,9
Menntaskólinn í Kópavogi	100,5	94,7	5,8	6,2
Kvennaskólinn í Reykjavík	31,8	30,9	0,9	3,1
Fjölbautaskólinn í Breiðholti	98,2	88,2	10,0	11,3
Fjölbautaskólinn Ármúla	71,6	67,3	4,3	6,4
Flensborgarskóli	48,0	45,6	2,3	5,1
Fjölbautaskóli Suðurnesja	47,8	51,9	(4,2)	(8,0)
Fjölbautaskóli Vesturlands	60,2	61,9	(1,7)	(2,8)
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	16,5	16,5	0,0	0,0
Fjölbautaskóli Norðurlands vestra	40,0	45,6	(5,6)	(12,2)
Fjölbautaskóli Suðurlands	58,8	50,4	8,4	16,7
Verkmenntaskóli Austurlands	30,4	29,6	0,8	2,5
Verkmenntaskólinn á Akureyri	76,3	68,5	7,8	11,4
Fjölbautaskólinn í Garðabæ	47,7	35,0	12,7	36,3
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	13,2	9,5	3,7	38,3
Framhaldsskólinn á Húsavík	12,8	13,3	(0,5)	(3,5)
Framhaldsskólinn á Laugum	15,4	15,4	(0,1)	(0,3)
Borgarholtsskóli	82,0	52,9	29,2	55,2
Vélskóli Íslands	26,5	23,0	3,5	15,2
Stýrimannaskólinn í Reykjavík	20,6	18,7	1,9	10,4
Iðnskólinn í Reykjavík	97,4	82,7	14,7	17,8
Iðnskólinn í Hafnarfirði	120,1	94,7	25,4	26,8
Samtals	1.420,4	1.247,6	172,8	13,9

Rekstrarkostnaður hjá framhaldsskólum er aðallega húsnæðis-
kostnaður, aðkeypt þjónusta og annar rekstrarkostnaður. Fasteignir
ríkissjóðs sjá um viðhald og endurbætur á kennsluhúsnæði flestra
framhaldsskólanna og greiða þeir húsaleigu til Fasteigna ríkissjóðs.
Aðkeypt þjónusta hjá framhaldsskólunum var aðallega vegna tölvu-
leigu og rekstur tölvukerfa en mikil tölvuvæðing hefur orðið hjá
framhaldsskólunum að undanförmu. Rekstrarkostnaður er aðallega
ýmis kennslu og skrifstofukostnaður. Annar rekstrarkostnaður getur
verið mjög mismunandi milli skóla eftir því hvort verkleg kennsla er í
skólunum eða ekki.

Athugun á öðrum rekstrargjöldum framhaldsskólanna byggðist á
samanburði milli ára og skoðun á úrtaki fylgiskjala. Form fylgiskjala
var skoðað og réttmæti kostnaðar auk áritunar til samþykkis á

reikninga og ritunar tilefnis á þá þar sem við átti. Í meginatriðum uppfylltu fylgiskjöl formkröfur hjá framhaldsskólunum. Reikningar voru á löglegu formi, stimplaðir og áritaðir til bókunar og samþykktir til greiðslu í samræmi við reglur þar um.

Samanburður eignakaupa milli ára

Eftirfarandi er greining á eignakaupum sem voru gjaldfærð hjá framhaldsskólunum á árunum 2000 og 2001.

Tafla 59 Eignakaup framhaldsskóla

<i>Í m.kr.</i>	2001	2000	Breyting	%
Menntaskólinn í Reykjavík	32,5	11,9	20,6	172,7
Menntaskólinn á Akureyri	7,8	11,6	(3,8)	(32,9)
Menntaskólinn á Laugarvatni	0,4	0,6	(0,2)	(35,4)
Menntaskólinn við Hamrahlíð	24,9	13,3	11,5	86,6
Menntaskólinn við Sund	5,0	5,1	(0,1)	(1,2)
Menntaskólinn á Ísafirði	3,0	3,3	(0,3)	(8,6)
Menntaskólinn á Egilsstöðum	7,4	1,7	5,6	328,0
Menntaskólinn í Kópavogi	8,0	15,4	(7,4)	(47,9)
Kvennaskólinn í Reykjavík	10,9	8,6	2,4	28,0
Fjölbautaskólinn í Breiðholti	11,2	6,3	4,9	77,8
Fjölbautaskólinn Ármúla	9,6	8,3	1,3	16,3
Flensborgarskóli	4,2	6,6	(2,4)	(36,8)
Fjölbautaskóli Suðurnesja	19,3	7,3	12,0	165,3
Fjölbautaskóli Vesturlands	9,7	2,2	7,5	334,8
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	2,2	0,8	1,4	174,1
Fjölbautaskóli Norðurlands vestra	7,2	8,6	(1,3)	(15,4)
Fjölbautaskóli Suðurlands	11,0	11,3	(0,3)	(2,9)
Verkmenntaskóli Austurlands	2,7	4,1	(1,4)	(34,79)
Verkmenntaskólinn á Akureyri	16,0	12,9	3,1	23,7
Fjölbautaskólinn í Garðabæ	2,7	5,0	(2,3)	(46,5)
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	0,3	1,3	(1,0)	(74,6)
Framhaldsskólinn á Húsavík	3,3	2,8	0,5	18,4
Framhaldsskólinn á Laugum	1,7	2,1	(0,4)	(17,0)
Borgarholtsskóli	23,3	3,9	19,4	502,9
Vélskóli Íslands	2,3	2,8	(0,4)	(16,0)
Stýrimannaskólinn í Reykjavík	0,7	1,4	(0,7)	(50,6)
Iðnskólinn í Reykjavík	15,9	6,2	9,7	156,1
Iðnskólinn í Hafnarfirði	28,6	24,4	4,2	17,3
Samtals	271,8	189,6	82,2	43,3

Eignakaup skólanna á árinu 2001 fólust aðallega í kaupum á tölum og öðrum tölvubúnaði. Önnur eignakaup voru aðallega kaup á kennslu- og húsbúnaði. Hækkun milli ára er m.a. vegna tölvuvæðingar framhaldsskólanna.

Sjóðir og bankareikningar

Í þeim tilfellum þar sem sjóðir voru hjá framhaldsskólunum voru þeir taldir og kannað hvort þeir væru skráðir í bókhald. Þá var meðferð sérstakra vörslusjóða skoðuð. Óskað var eftir staðfestum skipulagskrám vegna þeirra og reglum um úthlutun úr þeim. Almennt gaf endurskoðun á sjóðum ekki tilefni til athugasemda.

Við endurskoðun á bankareikningum var óskað eftir lista frá banka yfir alla reikninga sem skráðir eru á kennitölu skólanna ásamt upplýsingum um hlutverk hvers reiknings og hverjir hafa prókúru. Þá var óskað eftir bankayfirliti og afstemmingum í árslok. Mjög algengt var að bankareikningar á kennitölu skólanna væru allt of margir og oft nokkrir sem ekki voru notaðir. Einnig var algengt að bankareikningar sem eru skráðir á kennitölu skólanna væru ekki skráðir í bókhald þeirra og að bankareikningar, t.d. starfsmannafélags og nemendafélags, væru skráðir á kennitölu skólans. Ríkisendurskoðun benti skólunum á að loka öllum óþarfa reikningum. Þá var lögð áhersla á að allir bankareikningar skráðir á kennitölu skólanna ættu að vera í bókhaldi þeirra og reikningar, t.d. starfsmannafélags og nemendafélags, ættu ekki að vera á kennitölu skólanna. Almennt voru þeir bankareikningar sem voru skráðir í bókhaldi skólanna stemmdir af reglulega.

Við fjárhagsendurskoðun á framhaldsskólunum kom fram að tveir skólar væru með yfirdrátt á bankareikningi. Ríkisendurskoðun bendir á að samkvæmt 1. gr. reglna nr. 83/2000, um láns- og reikningsviðskipti ríkisstofnana í A-hluta ríkissjóðs, er ríkisstofnunum óheimilt að fjármagna rekstur sinn með yfirdrætti á bankareikningi.

Viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir

Við endurskoðun á viðskiptakröfum og skuldum var kannað hvort viðskiptareikningar væru stemmdir af um áramót. Óskað var eftir skýringum á helstu viðskiptakröfum og -skuldum, frá hvaða tíma þær væru og hvernig innheimta gengi fyrir sig.

Mjög mismunandi var hjá framhaldsskólum hvernig haldið var utan um viðskiptakröfur og -skuldir. Í níu skólum voru gerðar athugasemdir við afstemmingar viðskiptakrafna og lögð áhersla á að gerðar verði ráðstafanir vegna þeirra. Flestir skólanna eru með mjög gott innheimtu-

kerfi á innritunar- og efnisgjöldum en skólarnir láta almennt ekki stundatöflur né einkunnir í té nema nemendur hafi greitt þessi gjöld.

Greiðslustaða gagnvart ríkissjóði

Í efnahagsreikningi er birt viðskiptastaða framhaldsskólanna gagnvart ríkissjóði. Þessi staða sýnir mismun milli framlags sem framhaldsskólum er ákvarðað og greiðslna úr ríkissjóði. Í árslok 2001 var staða framhaldsskólanna þannig að inneign hjá ríkissjóði nam samtals 189,3 m.kr. og skuld nam á sama tíma 679,8 m.kr. Tíu framhaldsskólar áttu inni hjá ríkissjóði en 18 framhaldsskólar skulduðu. Til samanburðar má geta þess að í árslok 2000 nam heildarinneign framhaldsskólanna hjá ríkissjóði 142,8 m.kr. og skuld 596 m.kr. Inneignir hækkuðu því milli ára um 46,5 m.kr. og skuldir um 83,8 m.kr.

Tafla 60 Greiðslustaða framhaldsskóla við ríkissjóð

<i>Í þús. kr.</i>	<i>Inneign</i>	<i>Skuld</i>
Menntaskólinn í Reykjavík	25.404	
Menntaskólinn á Akureyri		52.587
Menntaskólinn á Laugarvatni		14.796
Menntaskólinn við Hamrahlíð	43.635	
Menntaskólinn við Sund		598
Menntaskólinn á Ísafirði	8.143	
Menntaskólinn á Egilsstöðum		10.652
Menntaskólinn í Kópavogi		203.698
Kvennaskólinn í Reykjavík	10.451	
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti		83.396
Fjölbrautaskólinn Ármúla		63.214
Flensborgarskóli		20.396
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	3.941	
Fjölbrautaskóli Vesturlands		57.656
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	2.487	
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra		24.644
Fjölbrautaskóli Suðurlands	46.505	
Verkmenntaskóli Austurlands		2.308
Verkmenntaskólinn á Akureyri		73.955
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ		9.848
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	660	
Framhaldsskólinn á Húsavík		2.183
Framhaldsskólinn á Laugum		7.801
Borgarholtsskóli		39.879
Vélskóli Íslands	3.990	
Stýrimannaskólinn í Reykjavík		2.559
Iðnskólinn í Reykjavík	44.123	
Iðnskólinn í Hafnarfirði		9.653
Samtals	189.339	679.823

Gæsla fjármuna

Við endurskoðun ársins 2001 var m.a. lögð áhersla á gæslu fjármuna. Í því sambandi voru sjóðir taldir og varðveisla peninga skoðuð. Þá var eignaskrá yfirfarin og kannað hvort hún væri reglulega uppfærð. Með úrtaki var athugað hvort eignir samkvæmt eignaskrá væru til staðar hjá skólunum og hvernig þær eru varðveittar.

Í mjög fáum tilvikum var gerð athugasemd um varðveislu peninga og annarra eigna hjá framhaldsskólunum. Almennt var eignaskrá haldin og hún uppfærð reglulega.

Virðisaukaskattskil

Flestir framhaldsskólanna eru ekki með virðisaukaskattskylda starfsemi. Almenna reglan er að framhaldsskólar eru undanþegnir virðisaukaskatti. Hins vegar ber framhaldsskólum að innheimta virðisaukaskatt og standa skil á honum í ríkissjóð að því leyti sem þeir selja vörur eða skattskylda þjónustu í samkeppni við atvinnufyrirtæki. Þegar vafi lék á hvort skólarnir stunduðu skattskylda starfsemi hefur Ríkisendurskoðun bent skólunum á að leyta úrskurðar hjá Ríkisskattstjóra. Til dæmis er einn skóli með sjoppu á sínu snærum án þess að innheimta virðisaukaskatt. Þá hafa tveir skólar ekki innheimt virðisaukaskatt af sölu sumarþústaða sem nemendur á tréiðnaðarbraut byggja. Ríkisendurskoðun benti skólunum á að Ríkisskattstjóri hefði í bréfi til framhaldsskóla úrskurðað að sala á sumarþústöðum væri í samkeppni við atvinnufyrirtæki og væri því skattskyld.

Samkvæmt 12. gr. reglugerðar nr. 248/1990, um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila, skal endurgreiða ríki, sveitarfélögum og stofnunum þeirra virðisaukaskatt sem þau greiða við kaup á tiltekinni vinnu og þjónustu. Heimild til endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna aðkeyptrar þjónustu er almennt nýtt hjá skólunum. Þó hafa þrír skólar ekki nýtt sér heimildina og var þeim bent á að sækja um endurgreiðslu fyrir síðustu fimm ár auk yfirstandandi árs.

Embætti sýslumanna

Endurskoðunin náði til embætta allra sýslumanna nema sýslumannsins í Reykjavík og sýslumannsins á Keflavíkurlugvelli, en starfsemi þeirra er frábrugðin starfsemi annarra embætta. Um er að ræða 24 embætti sýslumanna. Við endurskoðun á bókhaldi embættanna voru eignir og skuldir kannaðar. Fjárheimildir og rekstur var borin saman og gerð grein fyrir helstu frávikum. Tekjur og gjöld voru borin saman á milli ára og helstu frávik greind. Þá voru fylgiskjöl skoðuð samkvæmt úrtaki. Einnig voru könnuð þau atriði sem ákveðið var að leggja áherslu á við endurskoðun ársins 2001.

Fjárheimildir og fjárhagsstaða

Fjárheimildir og afkoma embætta sýslumanna greinast sem hér segir.

Tafla 61 Fjárheimildir og rekstrarniðurstaða sýslumannsembætta

<i>Í m.kr.</i>	<i>Fjárlög</i>	<i>Launa bætur</i>	<i>Milli fært</i>	<i>Fjár heimild ársins</i>	<i>Útkoma ársins</i>	<i>Frávik</i>	<i>Fjárheimild í ársbyrjun</i>	<i>Fjár heimild í árslok</i>
Sm. á Akranesi	110,6	8,9	0,0	119,5	107,1	12,4	8,9	21,4
Sm. í Borgarnesi	85,5	6,8	1,3	93,6	95,8	(2,2)	(6,1)	(8,4)
Sm. í Stykkishólmi	104,4	7,1	2,4	113,9	113,1	0,8	0,4	1,2
Sm. í Búðardal	24,6	1,3	0,0	25,9	25,9	0,0	1,4	1,4
Sm. á Patreksfirði	55,2	4,0	1,0	60,2	58,9	1,3	(15,5)	(14,1)
Sm. í Bolungarvík	30,3	2,2	0,0	32,5	31,9	0,6	(0,7)	0,0
Sm. á Ísafirði	121,1	9,0	4,5	134,6	139,0	(4,3)	0,0	(4,4)
Sm. á Hólmavík	33,7	1,9	0,7	36,3	37,6	(1,3)	0,5	(0,8)
Sm. á Blönduósi	78,0	5,3	4,1	87,4	86,8	0,6	4,5	5,1
Sm. á Sauðárkróki	84,5	6,2	5,1	95,8	90,7	5,1	(5,6)	(0,5)
Sm. á Siglufirði	44,8	3,5	0,8	49,1	50,8	(1,7)	1,3	(0,4)
Sm. á Ólafsfirði	31,1	2,3	0,0	33,4	31,1	2,3	0,1	2,4
Sm. á Akureyri	263,8	21,4	4,1	289,3	287,4	1,8	9,8	11,6
Sm. á Húsavík	111,8	7,6	0,9	120,3	118,9	1,4	5,7	7,1
Sm. á Seyðisfirði.	110,3	8,1	9,5	127,9	124,6	3,3	(3,3)	0,1
Sm. á Eskifirði.	113,3	7,6	4,9	126,1	119,6	6,5	10,1	16,6
Sm. á Höfn.	48,3	2,9	0,0	51,2	52,1	(0,9)	(2,8)	(3,7)
Sm. í Vík.	37,8	2,9	1,7	42,4	42,1	0,3	(3,4)	(3,1)
Sm. á Hvolsvelli.	58,0	3,6	0,0	61,6	61,8	(0,2)	(2,7)	(2,9)
Sm. í Vestm.	105,7	8,7	1,5	115,9	118,0	(2,1)	11,7	9,6
Sm. á Selfossi.	196,0	16,9	12,7	225,6	228,4	(2,7)	(43,7)	(46,4)
Sm. í Keflavík	294,7	22,7	1,7	319,1	312,3	6,7	(22,8)	(16,1)
Sm. í Hafnarfirði	324,4	25,3	11,7	361,4	359,7	1,7	20,5	22,2
Sm. í Kópavogi.	248,4	16,3	5,5	270,2	280,8	(10,6)	9,9	(0,7)
Samtals	2.716,6	202,5	74,1	2.993,2	2.974,2	19,0	(21,6)	(2,7)

Fjárveitingar á fjárlögum ársins 2001 námu samtals 2.716,6 m.kr. Embættin fengu á árinu viðbótarfjárheimildir vegna launabóta að fjárhæð 202,5 m. kr. og millifærðar fjárheimildir frá öðrum fjárlagaliðum námu 74,1 m.kr. Samtals námu fjárheimildir ársins því 2.993,2 m.kr.

Gjöld embættanna að frádregnum sértekjum námu 2.974,2 m.kr. króna og voru þau 19,0 m.kr. undir fjárheimildum ársins.

Útgjöld 9 embætta urðu samtals 26 m.kr. hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir, þar af nam halli embættisins í Kópavogi 10,6 m.kr. Hins vegar urðu útgjöld 15 embætta alls 45 m.kr. undir fjárheimildum.

Í upphafi árs 2001 var staða fjárheimilda hjá embættunum sú að útgjöld umfram fjárheimildir námu 21,6 m.kr. en í árslok námu útgjöld umfram fjárheimildir 2,7 m.kr. og stafar það af bættri afkomu ársins 2001 um 19,0 m. kr. Fjárhagsstaða einstakra embætta er mjög mismunandi þannig voru í árslok 2001 útgjöld umfram heimildir hjá 12 embættum samtals 101,5 m.kr. en þar af námu útgjöld embættisins á Selfossi 46,4 m.kr. Að sama skapi áttu 12 embætti ónotaðar fjárheimildir samtals að fjárhæð 98,8 m.kr.

Breytingar á fjárheimildum á árinu 2001 eru eins og fram er komið vegna launabóta og millifærðra heimilda frá öðrum fjárlagaliðum. Talsverðar breytingar urðu á launamálum embættanna og er það einkum vegna nýrra kjarasamninga við lögreglumenn og úrskurða kjaradóms um launamál sýslumanna. Launabætur eru til að mæta þessum útgjöldum. Aðrar millifærslur eru af mjög mismunandi ástæðum. Þannig er nokkuð fjármagn vegna fíkniefnavarna, útihátíða, veikinda starfsmanna, flutnings eins embættis og stækkun annars svo og vegna sértækra ástæðna t.d. vegna kaupa símsstöðva o.fl. og vinnu við hlutafélagaskrá.

Innra eftirlit

Starfsemi embættanna má skipta í þrennt, innheimta opinberra gjalda, löggæsla og ýmis stjórnarsýsluverkefni. Embættin eru bókhaldslega mjög sjálfstæð og sjá sjálf um færslu bókhalds, gerð skilagreina til ríkissjóðs og greiðslu útgjalda annarra en launa. Fjársýsla ríkisins sér um útreikning og greiðslu launa fyrir öll embættin.

Innra eftirlit er m.a. fólgið í að sjóður er talinn daglega og banka-reikningar eru stemmdir af a.m.k. mánaðarlega og afstemmingar sendar bæði Ríkisendurskoðun og Fjársýslunni á 3 mánaða fresti. Mánaðarlega senda embættin skilagrein yfir innheimtar tekjur til Fjársýslunnar. Þá er almennt fyrirliggjandi skýr verkaskipting á milli

bókara og gjaldkera þar sem því verður við komið vegna stærðar embættis. Embættin halda eignaskrár. Til að styrkja innra eftirlit hjá minni embættum þar sem ekki er hægt að koma að fullkominni verkskiptingu á milli aðalbókara, gjaldkera og þess sem annast innkaup, er æskilegt að sýslumaður samþykkti öll innkaup embættisins og fylgdist með skráningu í bókhald.

Tekjur

Embættin sjá um innheimtu á opinberum gjöldum fyrir ríkissjóð og auk þess innheimta þau sértekjur vegna margvíslegrar þjónustu lögreglunnar og sýsluskrifstofanna. Hækkun sértekna stafar einkum af lög-gæslu vegna samkomuhalds og skráningar fasteigna í Landskrá fasteigna. Tekjur eru ýmist álagðar í innheimtukerfi ríkissjóðs eða sendir eru út formlegir reikningar. Endurskoðun leiddi ekki í ljós neinar umtalsverðar athugasemdir við innheimtu sértekna hjá embættunum.

Launaákvarðanir vegna yfirmanna og launaafgreiðslu starfsmanna

Öll laun hjá embættum sýslumanna eru greidd með milligöngu launaskrifstofu Fjársýslu ríkisins. Sýslumenn fá greidd laun samkvæmt ákvörðun kjaranefndar en aðrir starfsmenn samkvæmt kjarasamningum við ríkisstarfsmenn. Auk þess fá sýslumenn greidda innheimtubókun vegna innheimtu opinberra gjalda. Almennt var launavinnsla í góðu lagi. Ráðningarsamningar við starfsmenn eru gerðir með formlegum hætti. Aðgangur að launakerfinu er takmarkaður við þá sem sjá um að skrá í launakerfið. Starfsmenn skrá viðveru oftast í stimpilklukku en dæmi er um að viðvera sé mæld á annan hátt einkum hjá lögreglunni. Hjá embættunum var fylgst með orlofi, veikindum og öðrum fjarvistum.

Samanburður launagjalda milli ára 2000 og 2001

Ársverk á árinu 2001 voru 623 og hafði þeim fækkað um 7,5 ársverk frá fyrra ára. Auk þess hefur yfirvinnustundum fækkað mikið. Fækkunin kemur einkum fram hjá lögreglu og má aðallega rekja til nýrra kjarasamninga sem gerðir voru við lögreglumenn á árinu 2001, en almennt hækkuðu laun lögreglumanna samkvæmt kjarasamningum um 19,8%.

Tafla 62 Launakostnaður sýslumannsembættanna

<i>Í m.kr.</i>	2001	2000	Breyt.	%
Dagvinnulaun	1.141,3	1.037,0	104,3	10,1
Yfirvinna	26,9	25,0	2,0	7,8
Vaktaálagsgreiðslur	265,0	235,3	29,7	12,6
Aukagreiðslur	41,7	21,0	20,7	98,3
Ræsting	563,2	559,3	4,0	0,7
Launatengd gjöld	389,0	341,3	47,7	14,0
Samtals	2.427,2	2.218,8	208,4	9,4

Hækkun á aukagreiðslum stafa einkum af úrskurðum Kjaranefndar um laun sýslumanna en sýslumenn fá greiddar aukagreiðslur eftir innheimtuárangri, auk þóknunar vegna vinnu fyrir Tryggingastofnun ríkisins en þær eru nú greiddar í fyrsta sinn af fjárveitingum embættanna. Launagjöld hjá embættunum sundurliðast sem hér segir.

Tafla 63 Launakostnaður sýslumannsembættanna

<i>Í m.kr.</i>	2001	2000	Breyt.	%
Sýslumaðurinn á Akranesi	93,6	83,0	10,6	12,8
Sýslumaðurinn í Borgarnesi	81,2	68,0	13,2	19,5
Sýslumaðurinn í Stykkishól	90,3	78,4	11,9	15,2
Sýslumaðurinn í Búðardal	20,4	16,8	3,6	21,6
Sýslumaðurinn á Patreksfirði	47,4	46,1	1,3	2,8
Sýslumaðurinn í Bolungarvík	26,4	24,6	1,8	7,2
Sýslumaðurinn á Ísafirði	113,0	98,8	14,1	14,3
Sýslumaðurinn á Hólmavík	29,7	25,3	4,5	17,7
Sýslumaðurinn á Blönduósi	62,5	58,5	4,0	6,8
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	75,2	70,1	5,1	7,3
Sýslumaðurinn á Siglufirði	45,9	43,9	1,9	4,4
Sýslumaðurinn á Ólafsfirði	24,3	21,8	4,5	20,6
Sýslumaðurinn á Akureyri	234,5	215,1	19,4	9,0
Sýslumaðurinn á Húsavík	92,1	82,7	9,4	11,4
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	103,8	94,7	9,1	9,6
Sýslumaðurinn á Eskifirði	91,3	81,2	10,1	12,4
Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	41,1	38,3	2,7	7,1
Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal	32,6	27,4	5,2	18,9
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	47,4	43,6	3,9	8,9
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	103,5	96,4	7,2	7,4
Sýslumaðurinn á Selfossi	208,7	195,9	12,8	6,5
Sýslumaðurinn í Keflavík	261,8	251,6	10,2	4,0
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	295,2	264,4	30,8	11,6
Sýslumaðurinn í Kópavogi	205,3	192,1	13,2	6,8
Samtals	2.427,2	2.218,8	208,4	9,4

Á árinu hækkuðu laun sýslumanna skv. úrskurði kjaranefndar auk þess sem lögreglumenn fengu umtalsverðar kjarabætur. Mjög misjafnt er eftir stærð embættanna hve mikil áhrif þessar breytingar hafa á

samanburð á milli ára. Eins og taflan ber með sér þá vega slíkar breyting þyngra hjá litlum embættum.

Samskipti við birgja

Innkaup hjá embættunum eru yfirleitt í höndum sýslumanna sjálfra eða starfsmanna sem þeir hafa falið að sjá um þau. Almennt liggur ekki fyrir skriflega hverjum hafi verið falið að annast innkaup fyrir embættin. Að mati Ríkisendurskoðunar myndi skrifleg lýsing á innkaupaferli styrkja bókhald embættanna frekar. Embættin eru áskrifendur að ramma-samningum Ríkiskaupa en þeir eru í mörgum tilvikum lítið notaðir og dæmi er um að þeir séu ekki notaðir. Notkun samninganna minnkar eftir því sem fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu eykst.

Samanburður annarra rekstrargjalda milli ára

Önnur rekstrargjöld embættanna, án eignakaupa, nema 584,0 m.kr. og hafa þau hækkað nokkuð umfram hækkun neyslúvísitölu á milli ára.

Tafla 64 Ýmis rekstrargjöld sýslumannsembætta

<i>Í m.kr.</i>	2001	2000	Breyt.	%
Sýslumaðurinn á Akranesi	16,1	15,0	1,1	7,1
Sýslumaðurinn í Borgarnesi	18,3	14,6	3,7	25,3
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi	25,9	19,2	6,8	35,3
Sýslumaðurinn í Búðardal	5,7	5,1	0,6	12,2
Sýslumaðurinn á Patreksfirði	13,3	14,2	(0,9)	(6,4)
Sýslumaðurinn í Bolungarvík	5,5	5,7	(0,2)	(3,3)
Sýslumaðurinn á Ísafirði	26,4	26,5	(0,1)	(0,4)
Sýslumaðurinn á Hól mavík	7,8	7,3	0,4	5,5
Sýslumaðurinn á Blönduósi	21,3	19,1	2,2	11,6
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	15,9	14,6	1,3	8,8
Sýslumaðurinn á Siglufirði	9,2	8,8	0,4	4,7
Sýslumaðurinn á Ólafsfirði	6,6	6,2	0,4	6,4
Sýslumaðurinn á Akureyri	55,2	51,6	3,6	7,0
Sýslumaðurinn á Húsavík	26,8	26,0	0,8	3,2
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	23,4	23,2	0,2	0,8
Sýslumaðurinn á Eskifirði	29,0	26,3	2,7	10,1
Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	11,3	11,1	0,2	2,0
Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal	9,4	8,7	0,6	6,9
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	14,4	13,6	0,9	6,3
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	21,0	19,5	1,5	7,7
Sýslumaðurinn á Selfossi	39,6	39,4	0,2	0,6
Sýslumaðurinn í Keflavík	49,9	48,2	1,7	3,6
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	62,9	57,4	5,5	9,6
Sýslumaðurinn í Kópavogi	69,0	37,2	31,9	85,7
Samtals	584,0	518,5	65,5	12,6

Endurskoðun á öðrum rekstrargjöldum byggðist á samanburði á milli ára og greiningu frávíka. Þá var skoðað úrtak fylgiskjala. Reikningar uppfylltu yfirleitt kröfur um form og efni.

Um 20 m.kr. af hækkun sýslumannsins í Kópavogi má rekja til hækkunar húsaleigu vegna flutnings í nýtt húsnæði. Aðrar hækkunir má fyrst og fremst rekja til tiltekinna kostnaðarliðar, þ.e. leigu á lögreglubifreiðum, húsaleigu og síma- og fjarskiptagjalda.

Tafla 65 Ýmis rekstrargjöld sýslumannsembætta

<i>Í m. kr.</i>	<i>2001</i>	<i>2000</i>	<i>Breyt.</i>	<i>%</i>
Leigugjald lögreglubifreiða	135,8	124,2	11,6	9,4
Húsaleiga	126,9	101,7	25,2	24,8
Síma- og fjarskiptagjöld	49,5	37,6	11,9	31,5
Samtals	312,2	263,5	48,7	18,5

Embættin leigja lögreglubifreiðar hjá embætti ríkislögreglustjóra sem hefur umsjón með þeim, en leigugjaldið á að standa undir rekstri og kostnaði við að endurnýja bifreiðarnar. Á árinu 2001 voru leigðar lögreglubifreiðar samtals 76 og hafði þeim fækkað um 3 frá árinu áður en notkun bifreiðanna hefur hins vegar aukist.

Húsaleiga nam 126,9 m.kr. og hækkaði hún um 25,2 m.kr. eða 24,8%. Hækkunin kemur einkum fram hjá embætti sýslumannsins í Kópavogi en húsaleiga hjá því embætti hækkaði um 19,0 m.kr. vegna nýs húsnæðis sem embættið tók til afnota á árinu 2001. Húsnæði sem embættin hafa til afnota eru almennt í eigu ríkisins og greiða þau húsaleigu til Fasteigna ríkissjóðs.

Síma- og fjarskiptagjöld hafa hækkað um 11,9 m.kr. eða 31,5%. Hækkunin stafar m.a. af því að embætti ríkislögreglustjóra ákvað að tiltekin embætti greiddu samtals 5,6 milljónir vegna TETRA fjarskiptakerfis sem lögreglan er að taka í notkun.

Eignakaup

Eignakaup embættanna á árinu 2001 námu 34,3 m.kr. og hafa þau hækkað um 11,5 milljónir króna. Þau sundurliðast með eftirfarandi hætti:

Tafla 66 Eignakaup sýslumannsembættu

<i>Í m.kr.</i>	2001	2000	Breyt.	%
Sýslumaðurinn á Akranesi	0,6	1,4	(0,7)	(55,1)
Sýslumaðurinn í Borgarnesi	0,5	0,6	(0,1)	(18,2)
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi	0,8	0,4	0,4	111,0
Sýslumaðurinn í Búðardal	0,0	0,0	0,0	---
Sýslumaðurinn á Patreksfirði	0,2	0,8	(0,6)	(74,1)
Sýslumaðurinn á Bolungarvík	0,1	0,2	(0,1)	(67,1)
Sýslumaðurinn á Ísafirði	0,8	0,8	0,0	(2,0)
Sýslumaðurinn á Hólmavík	0,5	0,8	(0,3)	(39,5)
Sýslumaðurinn á Blönduósi	3,9	0,8	3,1	390,9
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	0,6	0,9	(0,3)	(32,2)
Sýslumaðurinn á Siglufirði	0,3	1,1	(0,7)	(70,9)
Sýslumaðurinn á Ólafsfirði	0,4	0,0	0,4	---
Sýslumaðurinn á Akureyri	2,6	1,8	0,8	41,6
Sýslumaðurinn á Húsavík	1,2	0,4	0,8	198,2
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	0,8	0,4	0,4	118,2
Sýslumaðurinn á Eskifirði	1,1	0,1	0,9	701,1
Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	0,1	0,4	(0,3)	(73,9)
Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal	0,2	0,3	(0,2)	(48,6)
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	0,6	0,5	0,1	19,1
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	0,9	1,7	(0,8)	(47,9)
Sýslumaðurinn á Selfossi	0,5	1,4	(0,9)	(64,6)
Sýslumaðurinn í Keflavík	3,1	1,6	1,5	93,9
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	2,6	4,8	(2,3)	(46,8)
Sýslumaðurinn í Kópavogi	12,1	1,7	10,4	608,2
Samtals	34,3	22,8	11,5	50,2

Hækkunin kemur aðallega fram í kaupum á margs konar hús- og fjarskiptabúnaði fyrir embætti sýslumannsins í Kópavogi en það embætti flutti í nýtt húsnæði á árinu 2001. Hjá embættunum liggur fyrir eignaskrár yfir gjaldfærð eignakaup.

Handbært fé

Handbært fé nemur 126,2 m.kr. í árslok 2001 og hefur það lækkað um 134,5 m.kr. Lækkunin skýrist af því að embættin hafa greitt niður viðskiptaskuldir, einkum við ríkissjóð og sveitarfélög vegna innheimtu á opinberum gjöldum. Hjá öllum embættunum eru sjóðir og bankareikningar. Meðferð sjóðs og bankareikninga er í föstum skorðum. Sjóður er talinn daglega og bankareikningar eru stemmdir af minnst einu sinni í mánuði. Reglulega eru bankaafstemmingar sendar Ríkisendurskoðun og Fjársýslu ríkisins. Almennt er vel staðið að þessum málum hjá embættunum en afstemmingar hjá einu embætti eru þó enn í athugun. Bókfærður yfirdráttur var á bankareikningum hjá 2

embættum í árslok 2001 og nam hann 1,8 milljón króna en var 24,4 m.kr. árið á undan. Þetta skýrist af því að innborganir sem skilað höfðu sér á bankareikninginn á síðustu dögum ársins voru ófærðar í bókhald.

Viðskiptareikningar

Viðskiptakröfur embættanna námu 422,0 m.kr. í árslok 2001 og höfðu lækkað um 78,6 m.kr. frá fyrra ári. Þannig lækka kröfur á geymslu-fjárreikningum og krafu á ríkissjóð vegna innheimtu opinberra gjalda. Þar sem geymslufjárreikningar eru vegna eigna sem eru ekki í eigu embættanna en í vörslu þeirra er þeirra einnig getið meðal skulda embættanna

Tafla 67 Viðskiptareikningar sýslumannsembætta

M. kr.	2001	2000	Breyt.	%
Viðskiptakröfur	422,0	500,6	78,6	15,7
Viðskiptaskuldir	(437,7)	(641,9)	(204,2)	31,8
Samtals	(15,7)	(141,3)	125,6	(88,9)

Ýmsar skammtímaskuldir námu 437,7 m.kr. og höfðu lækkað um 204,2 m.kr. Lækkunin er einkum vegna bættra skila á innheimtufé í ríkissjóð. Þá hafa geymslufjárreikningar einnig lækkað. Auk þess hafa skuldir við sveitarfélög lækkað mikið og er það vegna þess að á árinu 2001 sáu embættin ekki lengur um uppgjör á útsvari til sveitarfélaga. Almennt er vel fylgst með viðskiptareikningum en algengt var að áfallnir vextir um áramót vegna vörslufjárreikninga væru ekki færðir í bókhaldinu. Nokkrum embættum var bent á að kanna réttmæti krafna á viðskiptareikningum sem staðið höfðu óbreyttir í nokkur ár.

Greiðslustaða við ríkissjóð

Greiðslustaða embættanna við ríkissjóð sýnir mismun á framlagi og greiðslum úr ríkissjóði. Embættin bættu greiðslustöðu gagnvart ríkissjóði um samtals 5,3 m.kr. á árinu 2001. Mjög mismunandi er hvernig staðan er hjá embættunum en flest þeirra skulda ríkissjóði vegna þess að greiðslur þeirra á útgjöldum eru hærrí en fjárheimildir. Í árslok 2001 skulduðu 21 embætti samtals 116,8 m.kr. en 3 embætti áttu inni samtals 5,4 m.kr.

Tafla 68 Greiðslustaða sýslumannsembætta við ríkissjóð

<i>Í þús kr.</i>	<i>Inneign</i>	<i>Skuld</i>
Sýslumaðurinn á Akranesi		817
Sýslumaðurinn í Borgarnesi		7.767
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi		1.889
Sýslumaðurinn í Búðardal		1.782
Sýslumaðurinn á Patreksfirði		11.146
Sýslumaðurinn í Bolungarvík		269
Sýslumaðurinn á Ísafirði		1.731
Sýslumaðurinn á Hól mavík		392
Sýslumaðurinn á Blönduósi		1.738
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki		982
Sýslumaðurinn á Siglufirði		4.468
Sýslumaðurinn á Ólafsfirði		2.107
Sýslumaðurinn á Akureyri		3.593
Sýslumaðurinn á Húsavík		2.283
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	499	
Sýslumaðurinn á Eskifirði		1.724
Sýslumaðurinn á Höfn	305	
Sýslumaðurinn í Vík		1.128
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli		1.653
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum		1.204
Sýslumaðurinn á Selfossi		54.095
Sýslumaðurinn í Keflavík		14.006
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	4.616	
Sýslumaðurinn í Kópavogi		2.025
Samtals	5.420	116.799

Í frumvarpi til fjáráukalaga fyrir árið 2002 er lögð til 50,0 m.kr. viðbótarfjárveiting til sýslumannsins á Selfossi vegna uppsafnaðs rekstrarvanda.

Varðveisla fjármuna

Stór þáttur í varðveislu fjármuna hjá embættunum er varðveisla eigna sem sjóðir, með staðfesta skipulagsskrá, eiga. Þessum sjóðum er skylt að skila árlega ársreikningum til Ríkisendurskoðunar. Auk þess hafa embættin með höndum tímabundna fjárvörslu vegna t.d. uppboða. Gerð var athugasemd við að í mörgum tilfellum voru áfallnir vextir ekki færðir upp um áramót. Embættin halda eignaskrá.

Virðisaukaskattskil

Embættin stunda ekki virðisaukaskattskylda starfsemi og skilar því ekki virðisaukaskatti. Þau kunna hins vegar að eiga rétt á endurgreiddum virðisaukaskatti af ákveðinni sérfræðiþjónustu. Flest þeirra sækja um endurgreiðslu virðisaukaskatts til viðkomandi skattstjóra en dæmi eru

Þess að embætti hafi ekki gert það. Mörg embætti sýslumanna þurfa að taka til sérstakrar athugunar hvernig staðið er að umsókn um endurgreiðslu virðisaukaskatts.

Skattkerfið

Endurskoðunin náði til embætta og stofnana sem heyra undir skattkerfið. Í þessari umfjöllun er þó ekki tekin með fjárlagaliðurinn kostnaður við rekstur tölvukerfa skattyfirvalda en hann er bókaður á sérstakan fjárlagalið ásamt öðrum skýrsluvélakostnaði. Við endurskoðun á bókhaldi embættanna voru eignir og skuldir kannaðar. Fjárheimildir og rekstur var borin saman og gerð grein fyrir helstu frávikum. Tekjur og gjöld voru borin saman á milli ára og helstu frávik greind. Þá voru fylgiskjöl skoðuð samkvæmt úrtaki.

Fjárheimildir og fjárhagsstaða

Fjárheimildir og afkoma embætta og stofnana skattkerfisins greinast sem hér segir.

Tafla 69 Fjárheimildir og fjárhagsstaða skattembætta

<i>Í m. kr.</i>	<i>Fjárlög</i>	<i>Launa- bætur</i>	<i>Milli- færslur</i>	<i>Fjárheimild ársins</i>	<i>Útkoma ársins</i>	<i>Mism</i>	<i>Fjárheim. í ársb.</i>	<i>Fjárheim. í árslok</i>
Ríkisskattstjóri	463,0	10,0	9,8	482,8	470,2	12,7	2,3	15,0
Skattstofan í Reykjavík	287,5	8,5	(3,1)	292,9	299,2	(6,3)	6,3	0,0
Skattstofa Vesturlands	38,6	1,4	2,9	42,9	46,2	(3,4)	0,2	(3,1)
Skattstofa Vestfjarða	26,4	0,9	1,2	28,5	27,9	0,6	(0,3)	0,3
Skattstofa Norðurlands vestra	27,9	0,9	(0,4)	28,4	30,8	(2,4)	0,3	(2,1)
Skattstofa Norðurlands eystra	64,6	2,4	1,2	68,2	68,9	(0,7)	0,9	0,3
Skattstofa Austurlands	32,3	1,1	1,0	34,4	35,5	(1,0)	2,5	1,4
Skattstofa Suðurlands	42,5	1,6	(0,3)	43,8	41,4	2,4	(1,0)	1,4
Skattstofa Vestmannaeyja	15,9	0,4	1,8	18,1	18,8	(0,6)	(0,1)	(0,7)
Skattstofa Reykjaness	167,0	6,5	(2,7)	170,8	164,2	6,7	5,5	12,1
Yfirsattanefnd	83,4	2,0	0,0	85,4	85,6	(0,2)	19,6	19,4
Skattrannsóknarstjóri ríkisins	91,2	2,6	2,2	96,0	97,0	(1,0)	(0,5)	(1,5)
Samtals	1.340,3	38,3	13,6	1.392,2	1.385,7	6,8	35,7	42,5

Fjárveitingar á fjárlögum ársins 2001 námu samtals 1.340,3 m.kr. Þá fengu stofnanir og embætti skattkerfisins viðbótarfjárheimildir á árinu 2001 vegna launabóta að fjárhæð 38,3 m.kr. Auk þess hækkuðu fjárheimildir um 13,6 m.kr. vegna millifærðra heimilda frá öðrum fjárlagaliðum. Samtals námu fjárheimildir ársins því 1.392,2 m.kr.

Rekstrargjöld að frádregnum sértekjum námu 1.385,7 milljónum króna og voru þau 6,8 m.kr. undir fjárheimildum ársins.

Útgjöld 8 embætta urðu samtals 15,6 m.kr. hærra en fjárheimildir gerðu ráð fyrir. Hins vegar urðu útgjöld hjá 4 embættum alls 22,4 m.kr. undir fjárheimildum.

Í upphafi árs 2001 var staða fjárheimilda hjá embættunum sú að fjárheimildir umfram útgjöld námu 35,7 m.kr. en í árslok námu fjárheimildir umfram útgjöld 42,5 m.kr. og stafar hækkunin af bættri afkomu ársins 2001 um 6,8 m.kr. Fjárhagsstaða einstakra embætta er mjög mismunandi. Þannig voru í árslok 2001 útgjöld umfram heimildir hjá 4 embættum samtals að fjárhæð 7,4 m.kr.. Hins vegar áttu 8 embætti ónotaðar fjárheimildir samtals að fjárhæð 49,9 m.kr.

Breytingar á fjárheimildum á árinu 2001 eru, eins og fram er komið, fyrst og fremst vegna launabóta. Aðrar millifærslur eru 14,0 m.kr. og eru þær af mjög mismunandi ástæðum. Þannig fluttust fjárheimildir frá skattstofum til embættis ríkisskattstjóra vegna dreifingar skattframtala. Þá er um að ræða framlög vegna kaupa á símstöð, vegna skatt-rannsóknna og annarra málefna sem snerta rekstur skattstofa.

Innra eftirlit

Almennt má segja að innra eftirlit sé í góðu lagi hjá þeim embættum sem til skoðunar voru. Styrkleiki innra eftirlitsins er eðlilega meiri hjá stærri stofnunum þar sem við verður komið eðlilegri aðgreiningu mikilvægra starfa. Hjá minni embættum er styrkleiki innra eftirlitsins meira háður verklagsreglum einstakra forstöðumanna. Þá styrkir það innra eftirlitið að vera í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins. Ekki komu þó fram neinir umtalsverðir vankantar á innra eftirlitinu hjá minni embættunum en nokkrum forstöðumönnum var bent á ýmsar leiðir til að styrkja það.

Tekjur

Sértekjur nema samtals 17,9 m.kr. og hafa þær hækkað um 4,4 milljónir frá árinu 2000. Embættin sjá sjálf um innheimtu sérteknanna og byggja hana á eigin tekjuskráningarkerfum. Sértekjur eru að mestu vegna sölu á ljósritum af skattframtölum og breytast þær tekjur lítið á

milli ára. Undantekning er skattstofan í Reykjavík sem skilar öllum tekjum í ríkissjóðs. Aukning sértekna er aðallega vegna aukningar á sölu bóka sem embætti ríkisskattstjóra gefur út og selur. Endurskoðun á innheimtu og skráningu tekna leiddi ekki til umtalsverðra athuga-semnda.

Launaákvarðanir vegna yfirmanna og launaafgreiðsla starfsmanna

Laun starfsmanna skattkerfisins eru greidd með milligöngu launaskrifstofu Fjársýslu ríkisins. Skattstjórar og aðrir forstöðumenn fá greidd laun samkvæmt ákvörðun kjaranefndar en aðrir starfsmenn samkvæmt kjarasamningum við ríkisstarfsmenn.

Tafla 70 Launakostnaður skattembætta

<i>í m.kr.</i>	2001	2000	Breyt.	%
Ríkisskattstjóri	326,4	300,9	25,5	8,5
Skattstofan í Reykjavík	239,8	219,3	20,5	9,4
Skattstofa Vesturlands	39,9	39,2	0,7	1,8
Skattstofa Vestfjarða	23,0	22,2	0,8	3,4
Skattstofa Norðurlands vestra	26,1	21,6	4,5	20,7
Skattstofa Norðurlands eystra	58,3	49,6	8,7	17,6
Skattstofa Austurlands	30,6	25,1	5,5	21,8
Skattstofa Suðurlands	35,3	35,0	0,3	0,9
Skattstofa Vestmannaeyja	15,2	14,9	0,3	2,0
Skattstofa Reykjaness	149,9	124,5	25,4	20,4
Yfirskattanefnd	65,3	62,1	3,3	5,3
Skattrannsóknarstjóri ríkisins	78,8	71,8	7,0	9,7
Samtals	1.089	986	103	10,4

Ársverk í dagvinnu voru samtals 309 á árinu 2001 og hafði þeim fjölgað um 5 ársverk frá fyrra ára. Mest fjölgar hjá skattstofu Reykjanesumdæmis. Yfirvinnustundum hefur á móti fækkað sem á m.a. rætur að rekja til samninga um breytt vinnuframlag. Hækkun launa stofnana og embætta skattkerfisins er svipuð og hækkun launavísitölu á milli ára en hún hækkaði um 8,9%.

Önnur gjöld, án eignakaupa

Önnur rekstrargjöld, að frádregnum sértekjum, námu 286,6 m.kr. og jukust um 7,7 m.kr. frá árinu á undan eða um 2,8%.

Tafla 71 Önnur rekstrargjöld skattembætta

<i>Í m.kr.</i>	<i>2001</i>	<i>2000</i>	<i>Breyt.</i>	<i>%</i>
Ríkisskattstjóri	142,2	131,5	10,7	8,1
Skattstofan í Reykjavík	46,7	42,2	4,4	10,5
Skattstofa Vesturlands	7,0	7,3	-0,3	(4,7)
Skattstofa Vestfjarða	5,0	4,9	0,1	1,5
Skattstofa Norðurlands vestra	5,5	5,4	0,1	2,0
Skattstofa Norðurlands eystra	11,6	12,5	-0,9	(7,0)
Skattstofa Austurlands	5,1	6,0	-0,9	(14,5)
Skattstofa Suðurlands	7,5	7,9	-0,4	(4,9)
Skattstofa Vestmannaeyja	3,7	3,8	-0,1	(1,6)
Skattstofa Reykjaness	17,4	17,7	-0,4	(2,0)
Yfirskattanefnd	20,2	26,3	-6,1	(23,0)
Skattrannsóknarstjóri ríkisins	14,7	13,4	1,4	10,2
Samtals	286,6	278,9	7,7	2,8

Sú breyting var á árinu 2001 að embætti ríkisskattstjóra tók að sér öll útgjöld vegna útsendinga á skattframtölum en útgjöldin voru áður hjá viðkomandi skattstofum. Tæplega 9 m.kr. voru millifærðar af fjárheimildum skattstofa til embættis ríkisskattstjóra. Lækkun kostnaðar hjá Yfirskattanefnd stafar fyrst og fremst af kostnaði við innréttingar á nýju húsnæði á árinu 2000.

Almennt nýta stærri stofnanir skattkerfisins sér rammamál en minni skattstofur síður. Almennt er áritun og samþykki reikninga í góðu lagi. Allir reikningar sem lentu í úrtaki Ríkisendurskoðunar uppfylltu þær kröfur sem til þeirra eru gerðar að lögum.

Eignakaup

Eignakaup námu alls 28,0 m.kr. og jukust frá fyrra ári um 4,6 m.kr. eða 19,8%. Mesta aukningin er hjá Ríkisskattstjóra og skattstofunni í Reykjavík en á móti vegur lækkun eignakaupa hjá Yfirskattanefnd en hún flutti í nýtt húsnæði á árinu 2000.

Tafla 72 Eignakaup skattebættu

<i>Í þús. kr.</i>	2001	2000	Breyt.	%
Ríkisskattstjóri	8.491	3.357	5.134	152,9
Skattstofan í Reykjavík	12.846	7.222	5.624	77,9
Skattstofa Vesturlands	63	133	(70)	(52,6)
Skattstofa Vestfjarða	605	338	267	79,0
Skattstofa Norðurlands vestra	38	446	(408)	(91,5)
Skattstofa Norðurlands eystra	273	714	(441)	(61,8)
Skattstofa Austurlands	306	941	(635)	(67,5)
Skattstofa Suðurlands	148	738	(590)	(79,9)
Skattstofa Vestmannaeyja	72	305	(233)	(76,4)
Skattstofa Reykjaness	775	1.979	(1.204)	(60,8)
Yfirskattanefnd	121	4.188	(4.067)	(97,1)
Skattranssóknarstjóri ríkisins	4.262	3.004	1.258	41,9
Samtals	28.000	23.365	4.635	19,8

Mest var keypt af tölvubúnaði, eða fyrir 13,1 m.kr. sem er 58% aukning frá árinu á undan. Kaup á húsbúnaði námu 6,8 m.kr. og kaup á síma- og fjarskiptabúnaði námu 3,4 m.kr. Eignaskrár eru færðar og viðhaldið og ekki gerðar athugasemdir við þau mál.

Handbært fé

Handbært fé nam 7,2 m.kr. í árslok 2001 samanborið við tæpar 2 m.kr. í ársbyrjun. Fimm skattstofur færa sjálfar sitt bókhald og annast greiðslu reikninga. Aðrir eru í bókhalds- og greiðsluþjónustu Fjársýslu ríkisins og hjá þeim er lítil fjárvarsla sem takmarkast við innheimtu sértekna. Almennt komu ekki fram athugasemdir við meðferð sjóðs og afstemmingu bankareikninga.

Viðskiptareikningar

Skammtímakröfur námu alls 68,6 m.kr. og hafa aukist um 16,2 m.kr. frá árinu 2000 eða um 30,9%. Að stærstum hluta er um að ræða inneign á viðskiptareikningi ríkissjóðs.

Tafla 73 Viðskiptareikningar skattembætta

<i>Í þús. kr.</i>	2001	2000	Breyt.	%
<u>Skammtímakröfur</u>				
Ríkissjóður	66.510	51.335	15.175	29,6
Aðrar skammt.kr.	2.114	1.091	1.023	93,8
	<u>68.624</u>	<u>52.426</u>	<u>16.198</u>	<u>30,9</u>
<u>Skammtímaskuldir</u>				
Ríkissjóður	6.186	1.162	5.024	432,4
Aðra skammt. sk.	27.036	17.461	9.575	54,8
	<u>33.222</u>	<u>18.623</u>	<u>14.599</u>	<u>78,4</u>
Kröfur umfram kuldir	<u>35.402</u>	<u>33.803</u>	<u>1.599</u>	<u>4,7</u>

Aðrar skammtímaskuldir eru aðallega tilkomnar vegna ógreiddra reikninga um áramót.

Viðskiptareikningur ríkissjóðs

Í árslok 2001 nam inneign hjá ríkissjóði 60,3 m.kr. og hafði hækkað um 10,2 m.kr. frá árinu áður.

Tafla 74 Greiðslustaða skattembætta við ríkissjóð

<i>Í þús. kr.</i>	Inneign	Skuld
Ríkisskattstjóri	26.426	
Skattstofan í Reykjavík	5.140	
Skattstofa Vesturlands		3.283
Skattstofa Vestfjarða	424	
Skattstofa Norðurlands vestra		2.067
Skattstofa Norðurlands eystra	726	
Skattstofa Austurlands	2.211	
Skattstofa Suðurlands	201	
Skattstofa Vestmannaeyja		715
Skattstofa Reykjaness	12.084	
Yfirskattanefnd	19.297	
Skattrannsóknarstjóri ríkisins		122
Samtals	<u>66.509</u>	<u>6.187</u>

Í átta tilfellum hafði greiðslustaða við ríkissjóðs versnað á árinu. Greiðslustaða Ríkisskattstjóra og skattstofu Reykjaness batnaði verulega.

Virðisaukaskattskil

Aðeins embætti ríkisskattstjóra er með virðisaukaskattskylda starfsemi vegna sölu á ýmsum sérritum sem varða skattamál. Skil og uppgjör eru í samræmi við reglur. Öll embætti eiga rétt á endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna kaupa á tiltekinni sérfræðipjónustu. Þeir aðilar, sem eru í bókhaldspjónustu fjársýslunnar þurfa ekki að sækja um endurgreiðslur heldur er virðisaukaskatturinn afreiknaður sjálfvirk á tilteknum bókhaldstegundum. Þau embætti, sem færa bókhald sitt sjálfar, þurfa að sækja sérstaklega um endurgreiðslur. Ekki voru gerðar athugasemdir við uppgjör á virðisaukaskatti.

Almennar athugasemdir og ábendingar

Við endurskoðun Ríkisendurskoðunar á bókhaldi og ársreikningum stofnana eru gerðar ýmsar athugasemdir og ábendingar. Hér á eftir eru nokkur dæmi um efni athugasemda og ábendinga sem stofnunin gerði vegna endurskoðunar ársins 2001.

Fjárheimildir og rekstur

Rekstur stofnana á að vera innan fjárheimilda, þ.e. fjárheimilda ársins að teknu tilliti til stöðu fjárheimilda frá fyrri árum. Nokkrar stofnanir fóru verulega fram úr fjárheimildum og var stjórnendum þeirra bent á að þeir bera ábyrgð á að rekstur sé innan fjárheimilda sbr. ákvæði 49. gr. fjárreiðulaganna og 2. mgr. 38. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Áætlanagerð

Almennt má segja að áætlanagerð stofnana hafi batnað talsvert á undanförunum árum. Helstu athugasemdir snúa að því að nýta betur áætlanir til stjórnunar og eftirlits með því að bera þær reglulega saman við niðurstöðu bókhalds stofnunarinnar.

Stjórnskipulag

Bent var á að stjórnskipulag á að vera skýrt með tilliti til valdsviðs og ábyrgðasviðs starfsmanna og að aðgreining starfa þarf að vera eðlileg út frá sjónarhóli innra eftirlits. Þá þarf stjórnskipulagið að vera skjalfest.

Samþykktar og áritunarkerfi

Helstu athugasemdir Ríkisendurskoðunar snúa að áritun reikninga fyrir greiðslu. Dæmi eru um að reikningar séu ekki áritaðir fyrir greiðslu og að aðilar samþykki reikninga vegna þeirra sjálfra. Bent er á að liggja þarf fyrir með skýrum hætti hverjir hafa heimild til að skuldbinda stofnunina og hver á að samþykkja reikninga með áritun sinni fyrir greiðslu og þá hvaða reikninga. Þá er talið æskilegt að samþykktar- og áritunarkerfið sé skjalfest. Margar stofnanir ríkisins eru fámennar og því erfitt að koma við eðlilegri starfaskiptingu út frá sjónarhóli innra eftirlits en í þeim tilvikum mælist Ríkisendurskoðun til þess að forstöðumaður eða staðgengill hans áriti reikninga.

Færsla og afstemming bókhalds

Bókhald þarf að færa reglulega, tímanlega og með samræmdum hætti. Ef um er að ræða fleiri en eitt bókhaldskerfi, t.d. sér launakerfi eða sérstakt tekjakerfi er bent á mikilvægi þess að kerfin séu afstemmd með reglulegum hætti en dæmi eru um talsverðan mismun milli fjárhagsbókhalds stofnana og þessara kerfa. Þá var stofnunum bent á að yfirfara bókhaldið reglulega og að bókhaldið sé á ábyrgð stjórnenda þeirra.

Bankareikningar

Athugasemdir voru gerðar sem lúta að því að færa eigi alla banka-reikninga í eigu stofnana í bókhaldi þeirra og að bankareikninga eigi að stemma af reglulega. Þá var nokkrum stofnunum bent á að óheimilt er að fjármagna rekstur þeirra með yfirdrætti á bankareikningi.

Viðskiptareikningar

Algengustu athugasemdir vegna viðskiptareikninga snúa að lotun gjalda og tekna en gjöld og tekjur á að færa í bókhaldi stofnana á því

ári sem þau tilheyra óháð því hvort þau eru greidd eða ekki. Þá var bent á að stemma þarf viðskiptareikninga af reglulega, að vinnureglur þurfi að vera til vegna innheimtu krafna, að viðskiptareikningar þurfi að vera rétt flokkaðir sem eigna- eða skuldareikningar og að sækja þurfi um afskrift viðskiptareikninga þegar það á við. Þar sem stofnanir sjá sjálfar um greiðslu launa er skoðað hvort stofnanir skili staðgreiðslu starfsmanna og lífeyrissjóðs- og félagsgjöldum með reglubundnum hætti og á gjalddaga og hvort skuldir vegna þessa eru rétt færðar um áramót. Dæmi var um stofnun sem hafði ekki skilað lífeyrissjóðsiðgjöldum svo mánuðum skipti á árinu 2001. Bent var á ábyrgð stjórnenda á að skila vörslufé á tilsettum tíma.

Birgðir

Gerðar voru athugasemdir við nokkrar stofnanir þar sem birgðir voru ekki taldar eða færðar upp í bókhaldi í árslok. Þá voru gerðar athugasemdir við að birgðir stofnana væru ekki rétt metnar í ársreikningi þeirra.

Tekjur

Þær athugasemdir sem komu fram við endurskoðun tekna lutu helst að lotun þeirra og formi reikninga. Þá voru gerðar athugasemdir hjá nokkrum stofnunum þar sem endurgreiddur virðisaukaskattur var færður til tekna en ekki til lækkunar á viðkomandi kostnaðarlið.

Launagjöld

Athugun á því hvort þeir starfsmenn sem taka laun samkvæmt úrskurði kjaranefndar fengju greidd laun hjá stofnuninni í samræmi við úrskurð nefndarinnar leiddi í ljós að nokkrir starfsmenn höfðu fengið launagreiðslur sem ekki höfðu verið bornar undir nefndina. Aðrar athugasemdir sem gerðar voru lutu að staðfestingu launaskráningar auk skráningar á viðveru og fjarveru.

Önnur rekstrargjöld

Ýmsar athugasemdir voru gerðar við skoðun annarra rekstrargjalda stofnana. Sem dæmi má nefna að flestar stofnanir eru áskrifendur að rammasamningum Ríkiskaupa en mjög mismunandi var hvernig

stofnanir nýttu þá til innkaupa. Þá voru kaup á vörum og þjónustu yfirleitt ekki gerð á grundvelli útboða eða skriflegir samningar gerðir. Einnig voru m.a. gerðar athugasemdir við að reikningar vegna risnu og gjafa væru ekki áritaðir í samræmi við reglur, að fylgiskjöl vantaði eða væru ekki fullnægjandi, að reikningar væru ekki nægilega sundurliðaðir og skýrir, að undirgögn fylgdu ekki alltaf reikningum og að reikningar væru ekki færðir til gjalda á réttu ári.

Eignaskrá

Samkvæmt reikningsskilavenjum ríkisins eru eignir gjaldfærðar á því ári sem þær eru keyptar og er því mikilvægt að stofnanir haldi nákvæma skrá yfir eignir sínar. Gerðar voru athugasemdir við eignaskrá nokkurra stofnana þar sem skoðun leiddi í ljós að ekki höfðu öll eignakaup ársins verið færð á skrána eða að skráin hafði ekki verið uppfærð í ákveðinn tíma. Þá voru gerðar athugasemdir ef eignir voru ekki merktar.

Annað

Við endurskoðun ársins 2001 hjá nokkrum stofnunum komu fram atriði sem ástæða þótti til að skoða nánar. Í framhaldi af því skilaði Ríkisendurskoðun sérstökum greinargerðum vegna þriggja slíkra mála. Tvö málin lutu að fjárhagslegum samskiptum forstöðumanna við stofnanir sínar og sín á milli en eitt málið laut að viðskiptum forstöðumanns stofnunarinnar við erlent fyrirtæki og er það mál nú til rannsóknar hjá embætti Ríkislögreglustjóra. Þá eru fjárhagsleg málefni einnar stofnunar á árabílinu 1999 til 2002 nú til skoðunar hjá Ríkisendurskoðun og er greinargerð um málið væntanleg á næstu vikum.

Fjármagnskostnaður

Heildarfjármagnskostnaður ríkissjóðs nam 17,9 ma.kr. árið 2001 í samanburði við 15,2 ma.kr. árið á undan. Hækkunin nam 2,7 ma.kr. eða tæplega 18%.

Tafla 75 Sundurliðun fjármagnskostnaðar ríkissjóðs

<i>í m.kr.</i>	<i>2001</i>	<i>2000</i>	<i>Breyt.</i>	<i>%</i>
Spariskírteini	3.787	4.423	(636)	(14,4)
Ríkisbréf	1.570	921	649	70,5
Ríkisvixlar	1.231	1.160	71	6,1
Erlend lán	9.425	7.563	1.862	24,6
Annað	1.909	1.178	731	62,0
Samtals	17.923	15.245	2.678	17,6

Í töflunni kemur fram að vaxtagjöld spariskírteina lækkuðu mest eða um 636 m.kr. sem er 14% lækkun. Lækkunin skýrist af því að skuldir ríkissjóðs í spariskírteinum lækkuðu um 6% milli ára 2001 og 2000. Vaxtagjöld spariskírteina sem hlutfall af meðalstöðu námu 5,3% sem er heldur lægra en á árinu á undan.

Vaxtagjöld vegna spariskírteina námu um 21% af heildarvaxtagjöldum ríkissjóðs árið 2001 en voru 29% árið á undan. Þetta hlutfall hefur farið lækkandi á undanförunum árum. Staða affalla spariskírteina var 13 ma.kr. í árslok 2001 sem er svipuð fjárhæð og árið á undan. Gjaldfærð afföll námu rúmlega einum milljarði króna árið 2001.

Vaxtagjöld af ríkisbréfum námu 1,6 ma.kr. Eingöngu er um að ræða skuldabréf til 5 ára og eru þau óverðtryggð. Vaxtagjöld þeirra hækkuðu verulega frá fyrra ári eins og fram kemur í töflunni eða um 70% sem skýrist af því að nettó skuldastaða ríkissjóðs í ríkisbréfum jókst um 71% milli ára. Hafa ber í huga að ríkisbréfin sjálf eru seld á verðbréfamarkaði nafnvaxtalaus en með afföllum. Afföllin af sölu ríkisbréfa árið 2001 voru um 4,7 ma.kr. en afföllin í árslok námu 6 ma.kr. Vaxtagjöld ríkisbréfa sem hlutfall af meðalstöðu námu 10% árið 2001 en 8% árið á undan.

Vaxtagjöld af ríkisvixlum námu ríflega 1,2 ma.kr. sem er 6% hækkun frá fyrra ári. Hækkun vaxtagjalda ríkisvixla skýrist m.a. af meiri sölu á árinu 2001. Ríkisvixlar geta verið til 3ja, 6 eða 12 mánaða. Greiddir forvextir við sölu eru gjaldfærðir miðað við líftíma víxlanna.

Vaxtagjöld erlendra lána í umsjá Seðlabanka Íslands námu 9,4 ma.kr. á árinu 2001 sem er um 25% hækkun frá fyrra ári. Hækkun vaxtagjalda erlendra lána skýrist af hækkun erlendra skulda ríkissjóðs

en þau hækkuðu um 42% milli ára. Lántökukostnaður að fjárhæð 132 m.kr. er meðtalin í vaxtagjöldunum. Erlend vaxtagjöld sem hlutfall af meðalstöðu erlendra lána námu 5,5% á árinu 2001. Yfir helmingur vaxtagjalda ríkissjóðs eru vaxtagjöld af erlendum lánum.

Áður hefur Ríkisendurskoðun bent á eftirfarandi atriði í fyrri endurskoðunarskýrslum með ríkisreikningi:

- Full þörf er á að endurmeta þá aðferð sem nú er notuð við dreifingu affalla ríkisbréfa og einnig þann hluta spariskírteina sem seldur hefur verið án nafnvaxta. Sú dreifing affalla sem nú er notuð hjá ríkissjóði gefur ekki nægjanlega nákvæma mynd af fjármagnskostnaði ríkissjóðs.
- Bent hefur verið á misræmi í meðferð vaxta og verðbóta varðandi einstök lánsform sem getur skekkt samanburð milli lánsforma.
- Við afnám verðbólgu-reikningsskila hér á landi þarf að taka ákvörðun um hvernig fara eigi með endurmat sem nú er fært á höfuðstól hjá A-hluta ríkissjóðs eins og bent var á framar í þessari skýrslu. Meðferð endurmats hefur mikil áhrif á gjaldfærðan fjármagnskostnað ríkissjóðs.

8 Endurskoðun fyrirtækja í B-, C-, D- og E- hluta

Endurskoðun B- hluta ríkisreiknings

Til B- hluta ríkisreiknings teljast 8 fyrirtæki í eigu ríkissjóðs. Eitt fyrirtæki, Sinfóníuhljómsveit Íslands, hefur verulegan hluta af tekjum sínum í formi rekstrarframlaga úr ríkissjóði og frá þremur öðrum rekstrar- aðilum. Í ársbyrjun 2001 var Þjóðleikhúsið fært úr B- hluta yfir í A- hluta. Sýnist eðlilegt að Sinfóníuhljómsveit Íslands verði einnig færð yfir í A- hluta eins og áður hefur verið bent á. Fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli og Flugstöð Leifs Eiríkssonar hafa verið sameinuð í hlutafélag í eigu ríkissjóðs. Sem fyrr eru Frjálsar slysatryggingar ekki með neina starfsemi.

Ríkisendurskoðun endurskoðar sjálf 4 fyrirtæki en endurskoðunarstofur annast endurskoðun hinna fyrirtækjanna í umboði Ríkisendurskoðunar samkvæmt samningum þar um.

Endurskoðun ríkisfyrirtækjanna hefur það að meginmarkmiði að gera endurskoðanda mögulegt að setja fram álit á því hvort ársreikningur gefi glögga mynd af afkomu á árinu, efnahag í árslok og fjárstreymi á árinu í samræmi við lög og reglur og góða reikningskilavenju. Við endurskoðunina er lögð áhersla á að kanna og meta innra effirlit hjá fyrirtækjunum. Þá er einnig litið til þess hvort forsendum fjárlaga hafi verið fylgt við rekstur þeirra á árinu og hvort gætt er þeirra sértæku rekstrarfyrirmæla og starfsreglna sem ríkisfyrirtækjum er skylt að fara eftir.

Afkoma ríkisfyrirtækja á árinu 2001, arðgreiðslur í ríkissjóð, framlög úr ríkissjóði og eigið fé í árslok voru sem hér greinir:

Tafla 76 Ríkisfyrirtæki í B- hluta ríkisreiknings

<i>Í m.kr.</i>	<i>Afkoma (Tap)</i>	<i>Arðgreiðsla í ríkissjóð</i>	<i>Framlag úr ríkissjóði</i>	<i>Eigið fé</i>
Happdrætti Háskóla Íslands	508	114	0 ¹⁾	463
Ríkisútvarpið	(337)	0	1.985 ²⁾	584
Sinfóníuhljómsveit Íslands	(434)	0	211	(71)
Ratsjárstofnun	209	0	0	438
Umsýslustofnun varnarmála	(14)	0	0	59
Tryggingastofnun ríkisins, frjálsar slysatrygg.	0	0	0	16
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	2.822	2.915 ³⁾	0	1.900
Rafmagnsveitur ríkisins	(380)	212	169	10.964

1) Til Háskóla Íslands var ráðstafað sem arði 356 m. kr.

2) Í ríkisreikningi eru afnotagjöld, 1.938 m. kr., taldar ríkistekjur og sama fjárhæð færð sem framlag úr ríkissjóði.

3) Í ríkisreikningi er framlagið fært með vörugjöldum.

Í endurskoðunarskýrslu um ÁTVR er bent á að taka þurfi til skoðunar hvort ákvæði í reglugerð nr. 205/1998 um aðgreiningu fyrirtækisins í smásölu- og heildsölustigi skili þeim markmiðum sem upphaflega lágu til grundvallar við setningu reglugerðarinnar. Þessi aðgreining skapar fleiri vandamál en hún leysir að mati Ríkisendurskoðunar.

Hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands var áréttað að ekki hefur enn tekist að innheimta ógreidd eldri framlög Seltjarnarneskaupstaðar. Menntamálaráðuneytið hefur verið beðið um að hafa forgöngu um úrlausn þessa máls. Þá hefur fjármálaráðuneytið komið að þessu máli. Þá er enn ófrágengið hvernig skipta á áfallinni lífeyrisskuldbindingu hljómsveitarinnar milli rekstraraðila hennar en hún nemur 1.269 m.kr. í árslok 2001.

Í endurskoðunarskýrslu um Rafmagnsveitur ríkisins er m.a. bent á að það vanti skipulagða verkferla um það hvernig fara skuli með niðurlagðar eignir og hvernig þær skuli teknar út úr eignagrunni fyrirtækisins. Lagt er til að athugað verði hvort fækka megi birgðastöðvum ásamt því að skilgreina hvaða birgðir skuli vera á hverjum stað fyrir sig.

Í endurskoðunarskýrslu um Umsýslustofnun varnarmála er bent á að viðvarandi taprekstur kalli á athugun á rekstrargrundvelli fyrirtækisins í óbreyttri mynd. Nú hefur verið ákveðið að leggja stofnunina niður.

Endurskoðun C- hluta ríkisreiknings

Til þessa hluta ríkisreiknings heyra 10 lánastofnanir sem eru í eigu ríkissjóðs og stofnaðar hafa verið með sérlögum.

Ríkisendurskoðun endurskoðar fimm lánasjóði en endurskoðunar- fyrirtæki annast endurskoðun hinna í umboði stofnunarinnar.

Afkoma lánastofnananna á árinu 2001, framlög úr ríkissjóði og eigið fé í árslok eru sýnd hér á eftir en þær greiddu engan arð í ríkissjóð á árinu.

Tafla 77 Lánastofnanir í C- hluta ríkisreiknings

<i>Í m.kr.</i>	<i>Afkoma (Tap)</i>	<i>Framlag úr ríkissjóði</i>	<i>Eigið fé</i>
Byggðastofnun	313	617	2.173
Ferðamálasjóður	(67)	0	16
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	(63)	214	291
Hafnabótasjóður	(96)	18	499
Íbúðalánasjóður	(373)	10	8.684
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.501	2.420	25.540
Lánasjóður landbúnaðarins	15	0	3.052
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	(772)	0	5.674
Orkusjóður	(15)	114	156
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	170	613	(1.503)

Auk hefðbundinnar endurskoðunar sem felst í því að kanna og leggja mat á það hvort ársreikningur viðkomandi lánastofnana gefi glögga mynd af afkomu, fjárhagsstöðu í árslok og fjárstreymi á árinu í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju var lögð sérstök áhersla á að kanna útlán og stöðu lána og fylgjast með hvernig innheimta gengur og hvort eðlilegum innheimtuaðgerðum er haldið uppi. Þá eru tillög í afskriftarsjóði vegna útlánaáhættu skoðuð og metin.

Hjá Íbúðalánasjóði kemur m.a. fram að tekið hafi verið í notkun nýtt fjárhagsbókhaldskerfi en fallið hafi verið frá því að innleiða nýtt skuldabréfakerfi. Unnið er að greiningu innra eftirlits hjá sjóðnum og skráningu verkferla í tengslum við það. Gert er ráð fyrir að sú vinna nái yfir árið 2002.

Í endurskoðunarskýrslu um Lánasjóð íslenskra námsmanna (LÍN) er m.a bent á að nokkuð skorti á að eðlileg aðgreining starfa sé fyrir hendi.

Ríkisendurskoðun hefur á árinu 2002 unnið að úttekt á innra eftirliti hjá LÍN og er skýrslu um þá vinnu að vænta á haustmánuðum.

Hjá Orkusjóði hefur verið gengið formlega frá afskriftum eldri lána sem tengdust borun eftir heitu vatni. Skilmálar bréfanna kváðu á um að þau ættu ekki að endurgreiða nema viðkomandi borhola væri virkjuð.

Endurskoðun D- hluta ríkisreiknings

Til þessa hluta ríkisreiknings heyra 3 fjármálastofnanir í eigu ríkissjóðs sem hvorki eru sameignar- eða hlutafélög.

Ríkisendurskoðun endurskoðar Seðlabanka Íslands en endurskoðunar- fyrirtæki sem ráðin eru af stjórnnum félaganna annast endurskoðun hinna.

Afkoma fjármálastofnananna á árinu 2001, arðgreiðslur í ríkissjóð og eigið fé í árslok 2001 eru sýnd hér á eftir en engin framlög voru úr ríkissjóði á árinu.

Tafla 78 Fjármálastofnanir í C- hluta ríkisreiknings

<i>Í m.kr.</i>	<i>Afkoma (Tap)</i>	<i>Arðgreiðsla í ríkissjóð</i>	<i>Eigið fé</i>
Seðlabanki Íslands	523	0 ¹⁾	34.327
Tryggingasjóður innistæðueigenda og fjárfesta	402	0	3.387
Viðlagatrygging Íslands	816	0	6.442

1) Arðgreiðsla bankans, 262 m.kr., er skilgreind sem ígildi tekjuskatts og er færð með þeim tekjum í ríkisreikningi.

Endurskoðun fjármálastofnana er unnin í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Ítarleg lög og reglur gilda um gerð ársreikninga, endurskoðun og innra eftirlit hjá fjármálastofnunum og tryggingafélögum. Mat á innra eftirliti er veigamikill þáttur í endurskoðunarstarfinu.

Í endurskoðunarskýrslu um Seðlabanka Íslands fyrir árið 2001 var m.a. mælt með að í sambandi við gerð sjóðstreymis endurbæti bankinn bókhaldskerfi sín þannig að hægt sé að lesa beint úr þeim efnahags- hreyfingar innan uppgjörstímabilsins. Einnig var mælt eindregið með því að sjóðstreymi verði unnið samkvæmt beinni aðferð.

Farið var yfir stöðu áhættumats. Niðurstaðan er sú að hjá bankanum eru ýmsir efnisþættir sem nýta má við áhættumat en heildstætt ferli er ekki enn til staðar.

Endurskoðun E- hluta ríkisreiknings

Til þessa flokks í ríkisreikningi heyra 16 hlutafélög og sameignarfélög sem eru að 50% eða meira í eigu ríkissjóðs og ríkisstofnana. Á árinu bættust við eftirtalin félög: Hæðarlönd ehf. sem stofnað var út úr Landssíma Íslands hf., Landskerfi bókasafna hf., aukinn var hlutur í Orkubúi Vestfjarða hf. sem breytt var í hlutafélag á árinu og Rannsókn- og háskólanet hf. Á árinu voru seld hlutabréf í Búnaðarbanka Íslands hf., Landsbanka Íslands hf., Landssíma Íslands hf., Kísiliðjunni hf. Félagsslit standa yfir hjá Breiðafjarðarferjunni Baldri hf. en rekstri félagsins var hætt á árinu 2001.

Afkoma félaganna á árinu 2001, eigið fé í árslok, eignarhlutur ríkissjóðs og arðgreiðslur í ríkissjóð voru sem hér greinir:

Tafla 79 Hluta- og sameignarfélög í E- hluta ríkisreiknings

<i>Í m.kr.</i>	<i>Hagnaður (Tap)</i>	<i>Eigið fé</i>	<i>Hlutur ríkissjóðs</i>	<i>Arður ríkissjóðs</i>
Hlutafélagabankar:				
Búnaðarbanki Íslands hf.	1.062	74.907	56,8%	119
Landsbanki Íslands hf.	1.749	99.747	68,3%	565
Önnur hlutafélög:				
Breiðafjarðarferjan Baldur hf.	11	0	80,0%	0
Flugkerfi hf.	5	42	100,0%	0
Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf.	(272)	3.404	100,0%	0
Hæðarlönd ehf.	(1)	31	100,0%	0
Íslandspóstur hf.	(181)	2.098	100,0%	0
Landskerfi bókasafna hf.	0	130	57,6%	0
Landssími Íslands hf.	1.039	14.812	98,7%	565
Orkubú vestfjarða hf.	(113)	4.299	91,4%	0
Rannsókn- og háskólanet hf.	(6)	48	100,0%	0
Sementsverksmiðjan hf.	(228)	952	100,0%	0
Sjúkrahúsapótekið ehf.	9	73	100,0%	0
Skráningarstofan hf.	3	337	98,4%	0
Sameignarfélög:				
Hitaveita Hjaltadals sf.	4	24	94,0%	0
Landsvirkjun	(1.839)	37696	50,0%	135

Af þessum 16 félögum endurskoðar Ríkisendurskoðun sjálf 7 félög. Endurskoðun ríkishlutafélagabankanna var á sínum tíma boðin út og eru þau endurskoðuð af endurskoðunarfyrirtækjum en meðárituð af ríkisendurskoðanda í samræmi við lagaákvæði þar um. Endurskoðunarfyrirtæki endurskoða 8 félög í umboði Ríkisendurskoðunar samkvæmt samningum þar um og hjá einu félagi er endurskoðunarfyrirtæki ráðið af stjórn þess.


Endurskoðunarskýrslur hlutafélaga eru lagðar fyrir stjórn og endurskoðendum er skylt að svara spurningum hluthafa um atriði sem varða ársreikning fyrirtækja á aðalfundi. Ríkisendurskoðun er þannig ekki heimilt að birta efnisleg atriði úr slíkum skýrslum í endurskoðunarskýrslu sinni um ríkisreikning viðkomandi árs.

9 Endurskoðun aðila sem eru að hluta í ríkisreikningi

Lífeyrissjóðir

Ríkisendurskoðun fer að lögum með endurskoðun Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga. Eignir þessara lífeyrissjóða hafa vaxið mjög mikið á síðustu árum eins og meðfylgjandi mynd sýnir. Samanlögð hrein eign sjóðanna tveggja nam 110 ma.kr. í árslok 2001 og hefur vaxið úr tæpum 39 ma.kr. í árslok 1997. Vöxtur eignanna er 2,9-faldur á þessu árabili miðað við verðlag hvers árs en 2,4-faldur miðað við fast verðlag³. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins er nú stærsti lífeyrissjóður landsins með hreina eign um 100,8 ma.kr. miðað við árslok 2001.

Mynd 3 Þróun hreinnar eignar LSR og LH 1997-2001



Í þessum kafla verður fyrst fjallað um fjárhagsstöðu og afkomu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) árið 2001 sem samanstendur af A-deild, B-deild, alþingismannadeild, ráðherradeild og séreignardeild.

³ Miðað við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.

Þá verður með svipuðum hætti fjallað um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga (LH).

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR)

Í árslok 2001 nam hrein eign til greiðslu lífeyris samtals hjá LSR 100,8 ma.kr. en var 76,1 ma.kr. árið á undan. Hækkunin er því 32% sem er gífurlegur vöxtur. Mest af eigin fé sjóðsins er í B-deild eða 81 ma.kr. sem er rúmlega 80% af hreinni eign hans.

Tafla 80 Yfirlit yfir helstu afkomutölur LSR 2001 og 2000

<i>Í m.kr.</i>	<i>2001</i>	<i>2000</i>	<i>Breyt.</i>	<i>%</i>
Iðgjöld	24.994	17.506	7.488	42,8
Lífeyrir	7.619	6.335	1.284	20,3
Fjárfestingartekjur	678	1.262	(584)	(46,3)
Fjárfestingargjöld	91	69	22	31,9
Rekstrarkostnaður	119	88	31	35,2
Fjárfestingar	26.934	18.194	8.740	48,0
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	100.781	76.088	24.693	32,5
Hrein raunávöxtun í %	0,01%	1,5%		
Meðaltal hreinnar ávöxtunar sl. 5 ára	4,2%	5,1%		

Iðgjöld námu tæplega 25 ma.kr. í árslok 2001. Þessi liður samanstendur af iðgjöldum sjóðfélaga og launagreiðenda, réttindaflutningi og endurgreiðslum, lífeyrishækkunum, uppgreiddum lífeyrisskuldbindingum og innborgunum ríkissjóðs og ríkisstofnana inn á skuldbindingar. Iðgjöldin hækkuðu á milli ára um 43% vegna þess að innborganir ríkissjóðs hækkuðu verulega á árinu 2001.

Innborganir ríkissjóðs námu tæplega 13 ma.kr. á árinu 2001 en 7,9 ma.kr. 2000. Á árinu 2001 greiddu 34.222 sjóðfélagar iðgjald til LSR og hafði þeim fjölgað um 2% milli ára. Þar af greiða sumir sjóðfélagar til fleiri en einnar deildar, t.d. til séreignardeildar. Í árslok 2001 áttu 25.757 sjóðfélagar skráð réttindi hjá A-deild, 38.784 sjóðfélagar hjá B-deild og 4.285 hjá S-deild.

Lífeyrir nam 7,6 ma.kr. árið 2001 en var 6,3 ma.kr. árið á undan. Hækkunin nam um 20% á milli ára. Af lífeyrisgreiðslunum voru um 97% greiddar úr B-deildinni.

Hrein raunávöxtun sjóða LSR, þ.e. raunávöxtun þegar rekstrar-kostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjárfestingartekjum, var 0,01% en 1,46% á árinu 2000. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðin 5 ár var 4,2% en var 5,1% miðað við 5 ár þar á undan.

Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga var 24.523 árið 2001 og hafði þeim fjölgað úr 24.000 á árinu 2000 eða um 2,2%. Sjóðfélagar í séreignardeild eru þá ekki taldir með. Meðalfjöldi lífeyrisþega var 7.929 á árinu 2001 og hafði fjölgað um 3,6%.

Umfjöllun um einstakar deildir LSR

Séreignardeild (S-deild)

Séreignardeildin eða S-deild var stofnuð í janúar 1999. Kaupþing sér um rekstur hennar samkvæmt samningi. Hrein eign hennar í árslok 2001 til greiðslu lífeyris nam um 955 m.kr. og hafði hækkað úr 442 m. kr. í árslok 2000 eða um 115,8%.

Samkvæmt útreikningsreglum Fjármálaeftirlitsins var hrein raunávöxtun deildarinnar á árinu 2001 neikvæð um 3% en var neikvæð á árinu 2000 um 15%. Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga á árinu 2001 var 3.558 en 3.250 á árinu 2000 og fjölgaði þeim því um 9,5%.

Lífeyrissjóðir alþingismanna og ráðherra

Hjá alþingismannadeild var hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok 2001 um 122 m.kr. en í árslok 2000 var hún um 76 m.kr., og hafði hún því hækkað um 61%. Hrein eign til greiðslu lífeyris hjá ráðherradeild í árslok 2001 var 21 m. kr. og hafði hækkað úr rúmum 13 m. kr. eða um 61%.

Tryggingafræðileg úttekt

Talnakönnun hefur gert ítarlegar tryggingafræðilegar úttektir á LSR miðað við árslok 2001. Úttektirnar eru unnar í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 391/1998 þar sem fjallað er um tryggingafræðilega athugun á fjárhag lífeyrissjóða.

Úttekt Talnakönnunar sýnir að A-deildin á fyrir sínum skuldbindingum, hins vegar versnar heildarstaða hennar á milli ára vegna neikvæðrar raunávöxtunar. Staða B-deildarinnar er enn slæm en hefur þó batnað aðeins. Staða Lífeyrissjóða alþingismanna og ráðherra er neikvæð.

Áfallin skuldbinding hjá Lífeyrissjóði alþingismanna í árslok 2001 var 4 ma.kr. en var 3,4 ma.kr. í árslok 2000. Heildarstaðan var neikvæð um tæpa 4,4 ma.kr. í árslok 2001 en var neikvæð um 3,9 ma.kr. í árslok 2000. Sem hlutfall af heildarskuldbindingu er staðan nánast sú sama eða neikvæð um 92%.

Áfallin skuldbinding hjá Lífeyrissjóði ráðherra í árslok 2001 var 876 m.kr. en í árslok 2000 var hún 727 m. kr. Heildarstaðan er aðeins verri en í fyrra því í árslok 2001 var hún neikvæð um 843 m. kr. en var neikvæð um 779 m. kr. í árslok 2000.

Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga (LH)

Í árslok 2001 nam hrein eign Lífeyrissjós hjúkrunarfræðinga til greiðslu lífeyris samtals 9,5 ma.kr. en var 7,5 ma.kr. árið á undan. Hækkunin er því 27%.

Tafla 81 Yfirlit yfir helstu afkomutölur LH 2001 og 2000

<i>Í m.kr.</i>	<i>2001</i>	<i>2000</i>	<i>Breyt.</i>	<i>%</i>
Iðgjöld	1.867	1.279	588	46,0
Lífeyrir	486	426	60	14,1
Fjárfestingartekjur	7	73	(66)	(90,4)
Fjárfestingargjöld	8	6	2	33,3
Rekstrarkostnaður	10	8	2	25,0
Fjárfestingar	2.328	1.605	723	45,0
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	9.530	7.505	2.025	27,0
Hrein raunávöxtun í %	(0,71%)	0,71%		
Meðaltal hreinnarávöxtunar sl. 5 ára	4,2%	5,5%		

Iðgjöld námu tæplega 1,9 ma.kr. í árslok 2001. Þessi liður samanstendur af iðgjöldum sjóðfélaga og launagreiðenda, réttindaflutningi og endurgreiðslum, lífeyrishækkunum og innborgunum ríkissjóðs og ríkisstofnana inn á skuldbindingar. Iðgjöldin hækkuðu á milli ára um 46% vegna þess að innborganir ríkissjóðs hækkuðu verulega á árinu 2001. Innborganir ríkissjóðs námu rúmlega 1,4 ma.kr. á árinu 2001 en 0,9 ma.kr. árið 2000.

Á árinu 2001 greiddu 959 sjóðfélagar iðgjald til LH og hafði þeim fækkað um 6,1% milli ára. Í árslok 2001 áttu 3.125 sjóðfélagar skráð réttindi hjá sjóðnum. Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga lækkaði úr 958 árið 2000 í 902 árið 2001.

Lífeyrir nam 486 m.kr. árið 2001 en var 426 m.kr. árið á undan. Hækkunin nam um 14% á milli ára.

Hrein raunávöxtun LH, þ.e. raunávöxtun þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjárfestingartekjum, var neikvæð um 0,7% en jákvæð um 0,7% á árinu 2000. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðin 5 ár var 4,2% en var 5,5% miðað við 5 ár þar á undan.

Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga var 902 árið 2001 og hafði þeim fækkað úr 958 á árinu 2000 eða um 5,8%. Meðalfjöldi lífeyrisþega var á árinu 2001 428 og hafði fjölgað úr 410 eða um 4,4%.

Tryggingafræðileg úttekt

Áfallnar skuldbindingar Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga voru rúmir 28 ma.kr. í árslok 2001 en rúmir 17 ma.kr. í árslok 2000. Hrein endurmetin eign til greiðslu lífeyris hækkaði úr tæpum 8,3 ma.kr. í árslok 2000 í tæpa 10,5 ma.kr. í árslok 2000 eða um 26%. Staða eigna umfram skuldbindingar var neikvæð um 17,6 ma.kr. í árslok 2001 eða 63%. Samsvarandi staða árið á undan var 16,9 ma.kr. eða 67%. Staða áfallinna skuldbindinga hefur því batnað nokkuð hjá deildinni. Heildarstaða deildarinnar er hins vegar neikvæð um 20,8 ma.kr. eða rúmlega 62% en var neikvæð í árslok 2000 um tæpar 19,5 m.kr. eða 65%.

Þjóðkirkjan

Samkvæmt 2. mgr. 23. greinar laga nr. 78/1997, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar ber kirkjubingi að sjá til þess að reikningshald kirkjulegra embætta, stofnana og sjóða hljóti fullnægjandi endurskoðun.

Í flestum tilvikum er það hlutverk Ríkisendurskoðunar að annast endurskoðun embætta, sjóða og stofnana kirkjunnar. Þessi endurskoðunarskylda er ýmist fólgin í lögum um Ríkisendurskoðun eða stofnuninni falin endurskoðun með sérlögum. Ríkisendurskoðun hefur sem fyrr endurskoðað embætti og sjóði kirkjunnar en endurskoðun stofnana á vegum kirkjunnar hefur verið framkvæmd af endurskoðendum sem ráðnir hafa verið til hvers verkefnis um sig. Það hefur orðið að

samkomulagi við kirkjuráð að sýna í þessari endurskoðunarskýrslu yfirlit um fjármál þessara stofnana og greina frá athugasemdum sem endurskoðendur þeirra hafa talið nauðsynlegt að fram komi í skýrslum til stjórnna stofnananna. Ríkisendurskoðun gerði í skýrslunni grein fyrir afkomu og fjárhagsstöðu einstakra kirkjustofnana á árinu 2001 og helstu athugasemdum sem gerðar voru við endurskoðun ársreikninga þeirra.

Fjárveitingar og fjárheimildir þjóðkirkjunnar og sjóða kirkjunnar voru sem hér greinir skv. ríkisreikningi árið 2001:

Tafla 82 Fjárheimildir vegna þjóðkirkjunnar

<i>Í þús. kr.</i>	<i>Fjárlög</i>	<i>Fjáraukalög</i>	<i>Millifærslur</i>	<i>Fjárheimild</i>
Þjóðkirkjan	817.600	78.300	8.650	904.550
Kirkjumálasjóður	140.900	2.400	0	143.300
Kristnisjóður	44.600	2.300	0	46.900
Kirkjugarðasjóður	46.000	1.300	0	47.300
Jöfnunarsjóður sókna	231.000	4.000	0	235.000
Samtals	1.280.100	88.300	8.650	1.377.050

Hér á eftir er tafla sem sýnir helstu reikningstölur skv. ársreikningum kirkjustofnana fyrir árið 2001:

Tafla 83 Ársreikningar Þjóðkirkjunnar árið 2001

Í þús. kr.	Tekjur	Gjöld	Fjárm.liðir	Afkoma	Eignir	Skuldir	Eigið fé
Stofnanir og sjóðir							
Þjóðkirkjan	955.813	950.483	319	5.649	41.316	15.246	26.070
Kristnisjóður	71.663	70.771	(2.998)	(2.106)	179.546	32.975	146.571
Jöfnunarsjóður sókna	234.718	222.218	(1.663)	10.837	47.427	7.314	40.113
Kirkjumálasjóður	143.368	138.939	(52)	4.377	60.069	8.340	51.729
Prestssetrasjóður	95.171	78.753	(10.189)	6.229	252.669	143.686	108.983
Kirkjubyggingasjóður	0	5.083	14.803	9.720	143.924	1.003	142.921
Kirkjugarðssjóður	50.797	69.550	475	(18.278)	18.069	15.310	2.759
Hinn almenni kirkjusjóður	500	2.648	2.651	503	26.726	17.363	9.363
Ýmsir sjóðir í vörslu kirkjunnar	52	2.212	10.205	8.045	85.179	0	85.179
Fjölskylduþjónusta kirkjunnar	16.390	16.207	619	802	9.979	520	9.459
Tónskóli þjóðkirkjunnar	25.122	26.978	94	(1.762)	755	1.837	(1.082)
Leikmannaskóli kirkjunnar	3.587	4.310	0	(723)	221	944	(723)
Skálholtsstaður	27.786	24.700	(1.487)	1.599	226.616	27.719	198.897
Skálholtsskóli	31.546	32.147	(221)	(822)	1.700	4.602	(2.902)
Skálholtsbúðir	1.901	1.976	(24)	(99)	1.443	56	1.387
Löngumýrarskóli	6.569	8.422	3.287	1.434	53.510	5.241	48.269
	1.664.983	1.655.397	15.819	25.405	1.149.149	282.156	866.993
Sjálfeignastofnanir							
Kirkjuhúsið - Skálholtsútgáfan	62.371	59.426	(3.300)	(355)	45.735	11.030	34.705
Hjálparstarf kirkjunnar	21.561	16.656	0	4.905	126.032	4.447	121.585
Kirkjumíðstöð Austurlands	11.358	10.876	(518)	(36)	61.079	5.049	56.030
	95.290	86.958	(3.818)	4.514	232.846	20.526	212.320
Samtals	1.760.273	1.742.355	12.001	29.919	1.381.995	302.682	1.079.313

Í heild er bókhald embættis og sjóða almennt vel fært og frágangur skjala í öllum meginatriðum í góðu lagi. Þó er rétt að geta þess að á þessu ári þurfti að gera fleiri leiðréttingar en áður og ennfremur var uppgjör seinna á ferðinni en venja er til.

Nokkrar nýjar stofnanir eru teknar inn í þessa skýrslu nú og eru það Leikmannaskóli kirkjunnar og Skálholtsbúðir. Þá tók Tónskóli þjóðkirkjunnar við verkefnum embættis Söngmálastjóra í ársbyrjun 2001.

Ríkisskattstjóri hefur úrskurðað um að starfsemi Fjölskylduþjónustu kirkjunnar teljist ekki virðisaukaskattskyld. Enn á eftir að ljúka gerð eignaskrár.

Hjá Jöfnunarsjóði sókna er vakin athygli á því að hann tekur yfir eignir, skuldir og skuldbindingar Kirkjubyggingasjóðs á árinu 2002 og mun þá vera betur í stakk búinn en nú til að veita ábyrgðir eins og samþykkt hefur verið.

Engar stórnægilegar breytingar hafa verið gerðar á rekstrarfyrirkomulagi og skipulagi Prestssetrasjóðs og er það enn álit Ríkisendurskoðunar að full ástæðu sé til að þessi mál verði tekin upp frá grunni.

Hjá Kirkjubýggingasjóði er bent á að ein kirkja er í árslok 2001 í verulegum vanskilum við sjóðinn. Á árinu 2002 verður sjóðurinn lagður til Jöfnunarsjóðs sókna.

Ýmsum sjóðum í vörslu kirkjunnar hefur fækkað verulega á árinu. Staðfestum sjóðum hefur fækkað um 1 og óstaðfestum um 15. 12 sjóðir hafa verið sameinaðir öðrum sjóðum innan kirkjunnar en 4 sjóðum ráðstafað til kirkjusókna og Skálholtsstaðar. Þessar breytingar eiga að leiða til markvissari stjórnunar og nýtingar þessara sjóða.

10 Úttektir á upplýsingakerfum

Tölvukerfi sýslumanna

Embætti sýslumanna annast innheimtu á sköttum og gjöldum ríkisins, fara með umboð almannatrygginga, löggæslu, önnur eftirlitsstörf auk þess að vera almennir umboðsmenn ríkisins í sínu heimahéraði. Mikilvægt er því að rekstur og öryggi tölvukerfa embættanna sé í góðu lagi. Á undanförnum árum hefur orðið veruleg breyting á tölvumálum embættanna með tilkomu nýrra upplýsingakerfa og breytinga á rekstrarfyrirkomulagi tölvukerfa. Í ljósi þessa ákvað Ríkisendurskoðun að skoða tölvumál sýslumannsembættanna sérstaklega.

Rekstraröryggi upplýsingakerfa sýslumanna þarf að vera tryggt þar sem sum kerfi lögreglunnar þurfa að vera nothæf þó svo að allt annað bregðist.

Áreiðanleiki gagna þarf einnig að vera í góðu lagi í embættum sýslumanna þar sem fjármálaumsýsla embættanna er veruleg enda eru þeir innheimtumenn ríkissjóðs.

Verndun persónuupplýsinga er mjög mikilvægur þáttur í upplýsingakerfum embætta sýslumanna. Þau vinna með viðkvæmar persónuupplýsingar t.d. sem umboðsmenn Tryggingastofnunar eða viðkvæm gögn um fyrirtæki og einstaklinga sem innheimtukerfi ríkisins geymir.

Þegar á heildina er litið má segja að sýslumannsembættin komi vel út í könnuninni varðandi öryggisþáttinn sem snýr að tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins sem rekin er af Umferðarstofu. Hins vegar eru ýmis atriði sem betur mætti fara í öryggismálum úti í embættunum sjálfum.

Í dag er nokkuð góð samvinna milli starfsmanna skattkerfisins og starfsmanna sýslumannsembætta. Upplýsingakerfi skattkerfisins eru hins vegar ekki jafnvel tengd við innheimtukerfi ríkissjóðs. Nokkuð vantar

upp á að nauðsynlegar upplýsingar skili sér frá álagningarkerfum skattsins yfir í innheimtakerfið. Þetta veldur óþarfa álagi á starfsmenn embættanna auk þess sem þetta veldur viðskiptavinum embættanna óþæginda. Þörf er á að laga samskipti milli innheimtakerfa og álagningarkerfa ríkissjóðs.

Ríkisendurskoðun telur hins vegar að ýmislegt megi bæta í nýtingu upplýsingatækninnar í þágu embættanna til þess að starf þeirra verði skilvirkara og hagkvæmara. Segja má að skipulag og uppbygging embætta sýslumanna hafi verið nær óbreytt í 50 ár. Á þessum tíma hefur hins vegar orðið alger bylting í vegasamgöngum og upplýsingatækni sem ætla mætti að hefðu einhver áhrif á það hvernig hægt sé að veita þá þjónustu sem embættin veita.

Í mörgum tilvikum bíður upplýsingatæknin upp á þann möguleika að úrlausn verkefna fari fram á öðrum stað heldur en afgreiðslan fer fram. Með þetta atriði í huga opnast ýmsir möguleikar til þess að endurskipuleggja það hvernig verkefni sýslumannsembætta eru unnin. Auk þess sem þetta getur gefið möguleika á því að ýmis verkefni séu flutt til embætta utan höfuðborgarsvæðisins. Í úttektinni voru teknir saman margir þeir möguleikar sem fyrir hendi eru í þessu sambandi.

Könnun þessari mun ljúka á næstu vikum og munu niðurstöður hennar verða kynntar í sérstakri skýrslu.

Nýtt fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins

Á miðju síðasta ári samdi fjármálaráðuneytið um kaup á nýju fjárhags- og mannauðskerfi fyrir A- hluta stofnanir ríkisins. Undirbúningur að innleiðingu kerfisins hefur staðið síðan. Ríkisendurskoðun hefur fylgst með framvindu málsins en hefur ekki tekið virkan þátt í innleiðingarferlinu.

Nokkrar tafir hafa orðið á því að kerfið hafi verið tekið í notkun. Útboðsgögn gerðu ráð fyrir að innleiðingarferlinu ætti að ljúka um næstu áramót. Samkvæmt áætlun Fjársýslu ríkisins mun innleiðingunni ljúka í apríl 2003.

Ekki er tímabært að fjalla um innleiðingu kerfisins nú þar sem henni er ekki lokið. Hins vegar er ljóst að verulegum fjármunum hefur verið varið í kerfið og innleiðingu þess. Viðbúið er að verulegur kostnaður falli til viðbótar á þær stofnanir sem taka kerfið upp á þessu eða næsta ári, ýmist vegna breytinga á tölvukerfum, þjálfunar starfsmanna og aðlögun og breytinga á verkferlum. Nýja kerfið er ólíkt því gamla að því leyti að það gerir kröfu um að mun fleiri starfsmenn þurfa að vinna í því heldur en núverandi kerfi. Notkun núverandi kerfis (BÁR) er bundin í flestum tilvikum við bókara og fjármálastjóra stofnana. Aðrir starfsmenn sem þurft hafa á upplýsingum að halda hafa fengið þær á pappír. Í nýja kerfinu er þörf á því að allir helstu stjórnendur stofnana séu daglegir notendur kerfisins. Í nýja kerfinu er gert ráð fyrir innbyggðum rafrænum samþykktarferlum sem taka við af samþykktarferlum sem nú felst í áritunum á fylgiskjöl eða önnur gögn.

11 Framkvæmd fjárlaga á árinu 2001

Í áritun Ríkisendurskoðunar með fyrri ríkisreikningum hafa verið gerðir fyrirvarar um réttmæti þeirra fjárheimilda sem tilgreindar voru í reikningnum. Að þessu sinni er slíkan fyrirvara ekki að finna enda framsetning fjárheimilda í reikningnum í meginatriðum í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins nr. 88/1997.

Skipta má fjárheimildum sem tilgreindar eru í ríkisreikningi fyrir árið 2001 í nokkra flokka. Í fyrsta lagi er þá um að ræða fjárlög vegna ársins 2001 sem voru samþykkt á Alþingi í desember 2000. Í 1. gr. þeirra kemur fram að árið 2001 sé áætlað að tekjur yrðu 253.063,1 m.kr. og gjöldin 219.164,4 m.kr. Báðar tölurnar eru á rekstrargrunni sem fyrst var notaður í fjárlögum vegna ársins 1998, m.a. til að hægt væri að bera fjárlög saman við ríkisreikning.

Í öðru lagi eru það fjáráukalög vegna ársins 2001, sem Alþingi afgreiddi 5. desember, en samkvæmt þeim var fjárlögum fyrir árið 2001 breytt á þá leið að tekjur voru hækkaðar um 1.150,4 m.kr. og gjöld um 14.957,1 m.kr.

Þessu til viðbótar fela fjárheimildir, sem tilgreindar eru í ríkisreikningi fyrir árið 2001, í sér tillögur fjármálaráðherra um breytingar á fjárheimildum ársins 2001 vegna inneignar eða halla stofnana frá árinu 2000. Í 2. mgr. 37. gr. áður nefndra laga um fjárreiður ríkisins er fjallað um þetta, en þar segir: „Að fengnu samþykki hlutaðeigandi ráðherra og fjármálaráðherra er heimilt að geyma ónýttar fjárveitingar í lok reikningsárs. Með sama hætti er heimilt að draga skuldir frá fyrra ári frá fjárveitingum ársins.“ Skrá yfir fluttar fjárheimildir er lögð fram með lokafjárlögum. Yfirfærðar fjárheimildir fyrra árs námu samtals 8.757 m.kr. og yfirfærðar skuldir samtals 4.650 m.kr.

Þær fjárheimildir, sem tilgreindar eru í ríkisreikningi, fela auk ofangreinds, í sér breytingar ýmist til hækkunar eða lækkunar vegna

uppgjörs markaðra tekna stofnana eða annarra rekstrartekna í þeim tilvikum sem þær urðu hærrí eða lægri en ráð var fyrir gert í áður samþykktum heimildum. Áhrif þessa á tekjur og gjöld ríkissjóðs námu samtals 2.690,0 m.kr. til hækkunar á fjárheimildum. Breyting fjárheimilda með þessu hætti byggir á því sjónarmiði að stofnunum eigi að vera heimilt að stofna til kostnaðar umfram fjárheimildir enda nái þær að standa undir slíkum viðbótarkostnaði með auknum rekstrartekjum, þ.e. öðrum tekjum en framlagi úr ríkissjóði. Þá hefur verið litið svo á að ef álagning markaðra tekna fer fram úr því sem áætlað var í fjárlögum, sé stofnunum og öðrum aðilum sem eiga tilkall til þeirra heimilt að ráðstafa viðbótinni án þess að Alþingi hafi samþykkt viðbótarfjárheimildir.

Ríkisendurskoðun hefur áður vakið athygli á að breytingar fjárheimilda til hækkunar og lækkunar vegna uppgjörs þeirra teknaliða sem hér um ræðir á sér ekki stoð í lögum um fjárreiður ríkisins. Að óbreyttum lögum er ekki heimilt að breyta fjárheimildum með þessum hætti í ríkisreikningi fyrr en lokafjárlög vegna ársins 2001 hafa verið samþykkt.

Tafla 84 Samsetning fjárheimilda vegna gjalda árið 2001

<i>Í m.kr.</i>	<i>Fjárheimildir skv. fjárreiðulögum</i>	<i>Fjárheimildir skv. ríkisreikningi</i>
Fjárlög 2001	219.164,4	219.164,4
Fjáraukalög	14.957,1	14.957,1
Yfirfærð heimild fyrra árs	8.756,9	8.756,9
Yfirfærð skuld fyrra árs	(4.650,4)	(4.650,4)
Leiðrétt frá fyrri ári	(25,0)	(25,0)
Millifært milli fjárlagaliða	(0,1)	(0,1)
Breyting vegna rekstrar- og markaðra tekna		2.690,0
Fjárheimildir samtals	238.202,9	240.892,9

Loks má nefna að fjárheimildir einstakra stofnana kunna að breytast vegna millifærslna fjárheimilda af öðrum fjárlagaliðum innan ársins. Ráð er fyrir því gert að fjárheimildir sem færðar eru á nokkra fjárlagaliði, oft nefndir safnliðir, séu fluttar yfir á aðra liði. Heildarfjárheimild vegna A- hlutans breytist ekki vegna slíkra millifærslna.

Reglugerð um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A- hluta

Fjármálaráðuneytið gaf í febrúar 2001 út reglugerð nr. 116/2001 um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A- hluta. Markmið hennar var að stuðla að skilvirkum rekstri ráðuneyta og stofnana þannig að hann verði innan heimilda fjárlaga og að stjórnendur beri ábyrgð á fjárreiðum í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Reglugerðin kom í stað verklagsreglna sem giltu fyrir árið 2000, en reglugerðin er að mestu samhljóða þeim.

Með reglugerðinni var mælt fyrir um ákveðið skipulag og verkaskiptingu milli fjármálaráðuneytis, annarra ráðuneyta og stofnana. Þannig hefur fjármálaráðuneytið almennt eftirlit með framkvæmd fjárlaga og veitir almennar leiðbeiningar þar um. Því er einnig ætlað að fylgjast með því að heildarútgjöld stofnana séu í samræmi við fjárheimildir. Fjármálaráðuneytinu ber að fylgjast með því hvernig eftirliti annarra ráðuneyta er háttað með fjárreiðum stofnana sem undir þau heyra og getur í því skyni kallað eftir upplýsingum frá einstökum ráðuneytum um fjárhagsafkomu stofnana og fyrirhugaðar aðgerðir til að framfylgja áformum fjárlaga. Einstök ráðuneyti fara með yfirstjórn þeirra mála sem undir þau heyra. Þau ákveða stefnumið sem hafa skal að leiðarljósi við framkvæmd einstakra mála og hafa eftirlit með fjárreiðum stofnana sem undir þau heyra. Forstöðumenn stofnana bera ábyrgð á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnana sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt.

Á síðari árum hefur aukin áhersla verið lögð á bættu áætlanagerð um rekstur stofnana, ekki síst að stofnanir semji rekstraráætlanir sem taka mið að fjárveitingum til þeirra. Tekið er fram í reglugerðinni að forstöðumenn beri ábyrgð á gerð langtímaáætlunar stofnunar, ársáætlunar og ársskýrslu. Langtímaáætlunin skal endurspegla stefnumörkun og megináherslur starfseminnar. Ráðuneytum er lögð sú skylda á herðar að taka afstöðu til stefnumörkunar stofnana sem undir þau heyra. Ársáætlun stofnana skal rúmast innan ramma fjárveitinga auk þess að tilgreina einstök markmið í starfi stofnunar. Í ársskýrslu á síðan að koma fram samanburður á útgjöldum og fjárheimildum, auk talnalegs samanburðar á markmiðum ársins og útkomu.

Í reglugerðinni er að finna ákvæði um gerð ársáætlana fyrir stofnanir. Þar segir að í janúar ár hvert skuli ráðuneytin kynna stofnunum þær fjárveitingar sem eru til ráðstöfunar á árinu skv. fjárlögum ársins. Forstöðumönnum beri að skila ársáætlun til ráðuneytis um miðjan febrúarmánuð ár hvert sem rúmast innan ramma fjárveitinga og tekur tillit til umframgjalda og ónýtttra fjárveitinga fyrra árs. Fyrir lok febrúar ár hvert eiga ráðuneytin að taka afstöðu til og staðfesta ársáætlun stofnunar með eða án breytinga. Eftir þann tíma er fjárheimildum dreift á mánuði innan ársins í upplýsingakerfi ríkisins.

Stjórnendum stofnana er óheimilt að stofna til annarra fjárskuldbindinga en þeirra sem gert er ráð fyrir í fjárlögum, nema að því leyti sem slíkt rúmast innan reglna fjármálaráðuneytis um láns- og reikningsviðskipti A- hluta ríkisstofnana. Þá kemur fram í reglugerðinni að telji stofnun að þær aðstæður hafi skapast að hún geti óskað eftir viðbótarheimild af safnlið fjárlaga sem ætlað er að mæta tilgreindum útgjöldum skuli hún gera ráðuneyti grein fyrir tilefninu og ráðuneytið svo fljótt sem auðið er taka afstöðu til beiðninnar og tilkynna stofnun niðurstöðu sína.

Ráðuneytum er ætlað að bera saman áætlun fjárlaga við útgjöld ekki sjaldnar en annan hvern mánuð. Komi í ljós eftir könnun ráðuneytis á útgjöldum stofnunar eða að fengnum upplýsingum forstöðumanns að heildarútgjöld stofnunar eru meira en 4% umfram áætlun hennar skal ráðuneyti hafa frumkvæði að því að leita skýringa og beita sér fyrir nauðsynlegum aðgerðum til að færa útgjöld að heimildum. Reglugerðin kveður á um að forstöðumanni stofnunar beri tafarlaust að skýra stjórn stofnunarinnar og ráðuneyti sem hún heyrir undir frá því hverjar séu ástæður umframútgjaldanna og hvernig hann hyggst bregðast við, en forstöðumanni beri skylda til þess að leita allra mögulegra úrræða til þess að bregðast við þeim vanda sem upp er kominn. Ef nauðsyn krefur skal það ráðuneytið sem hlut á að máli afla nauðsynlegra viðbótarskýringa hjá forstöðumanni og stjórn viðkomandi stofnunar og getur það sett þessum aðilum allt að fimm daga frest til þess að skila nauðsynlegum gögnum og upplýsingum. Ráðuneytið leggur síðan sjálfstætt mat á framkomnar skýringar. Í reglugerðinni er skýrt tekið fram að ráðuneytið beri ábyrgð á að gripið verði til nauðsynlegra úrræða til þess að ráða bót á rekstrarvandannum og getur það sett forstöðumanni og eftir atvikum stjórn stofnunar tímafrest til þess að bregðast við fyrirmælum sínum um úrbætur.

Flutningur fjárheimilda milli ára

Eins og kunnugt er hafa fjárheimildir stofnana almennt verið hækkaðar eða lækkaðar eftir því hvort útgjöld árið á undan voru undir eða yfir fjárheimild á því ári. Tilgangur með flutningi fjárheimilda er að auka sveigjanleika stofnana til ráðstöfunar fjármuna. Ríkisendurskoðun hefur talið að setja þyrfti þak á flutning fjárheimilda vegna rekstrar á milli ára. Í skýrslu stofnunarinnar um framkvæmd fjárlaga janúar - september 2001 kom fram það álit að setja þyrfti ákveðnar reglur um hversu stóran hluta fjárheimilda megi flytja milli ára og hversu lengi. Þess væru mörg dæmi að stofnanir búi við skertar fjárveitingar sem nema tugum milljóna króna vegna halla fyrri ára og sem þær hafa velt frá einu ári til þess næsta. Þær ættu enga möguleika á að haga rekstri sínum í samræmi við fjárheimildir ef þær ættu að veita þá þjónustu sem þeim væri ætlað. Hins vegar væru engin áform um hvort og þá hvernig þessar stofnanir skyldu draga saman þjónustu til að rekstur þeirra falli innan fjárheimilda.

Sjónarmið fjármálaráðuneytis hefur verið að ekki bæri að verðlauna stofnanir fyrir framúrkeyrslu með viðbótarfjárheimildum í lokafjárlögum. Skerðing fjárheimilda vegna hallarekstur veiti auk þess visst aðhald og knýi á um aðgerðir af hálfu stofnunar og ráðuneytis. Áður en orðið er við óskum ráðuneyta um fjárheimildir vegna nýrra verkefna sé bent á nauðsyn þess að taka á þeim fjárhagsvanda sem er til staðar.

Í reynd má segja að með fyrrnefndri reglugerð um framkvæmd fjárlaga hafi ákveðin mörk verið sett um flutning fjárheimilda vegna halla en þar kemur fram ef útgjöld stefna í að fara fram úr 4% á árinu eigi að grípa til ráðstafana, annað hvort að draga saman útgjöld það sem eftir er árs eða að tryggja stofnun auknar fjárheimildir. Með gildistöku reglugerðarinnar hefði mátt ætla að vandamál vegna óviðráðanlegs uppsafnaðs halla yrðu að mestu úr sögunni. Það liggur hins vegar fyrir að rekstur margra stofnana fór yfir 4% mörkin á árinu 2001 án þess að fyrir hafi legið að þeim yrðu tryggðar auknar heimildir eða þeim verið gert að draga saman kostnað og hefur ákvæðum reglugerðarinnar því ekki verið framfylgt að þessu leyti.

Samanburður útkomu árið 2001 við fjárheimildir

Heildarfjárheimildir á árinu 2001 námu 240.892 m.kr. að teknu tilliti til breytinga vegna rekstrar- og markaðra tekna. Útgjöld ríkisins á árinu námu hins vegar 228.713 m.kr. og voru þannig 12.178 m.kr. undir fjárheimildum eða 5,1%. Neðangreind taflan sýnir skiptingu fjárheimilda stofnana og fjárlagaliða vegna ársins 2001 og samanburð við gjöld þeirra á árinu. Í töflunni er sýndur mismunur fjárheimildar og gjalda þegar tekið er tillit til uppgjörs rekstrartekna með sama hætti og gert er í ríkisreikningi. Einnig má benda á séryfirlit 2 og 4 í ríkisreikningi 2001 en þar er núna að finna áþekkan samanburð og hér er sýndur.

Eins og taflan hér á eftir sýnir virtu flestar stofnanir þær fjárheimildir sem þeim eru ætlaðar og höguðu rekstri í samræmi við þær á árinu 2001. Það liggur engu að síður fyrir að 101 af 511 fjárlagaliðum, þ.e. um fimmtungur, fóru fram úr þeim 4% mörkum sem ákveðin eru í reglugerð um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A- hluta nr. 116/2001. Í sumum tilvikum var stofnað til útgjalda langt umfram þessi mörk.

Tafla 85 Fjárheimildir og útkoma árið 2001

<i>Í m.kr.</i>	<i>Fjárlög</i>	<i>Fjárlög- lög</i>	<i>Flutt frá fyrra ári</i>	<i>Millifært á árinu</i>	<i>Br. v. rek.- og mark. tekna</i>	<i>Fjárheimild samtals</i>	<i>Útkoma</i>	<i>Frávik yfir</i>	<i>Frávik undir</i>	<i>Frávik %</i>
Æðsta stjórn ríkisins										
00-101 Embætti forseta Íslands	114,4	7,0	(7,0)	2,3	0,0	116,7	121,6	4,9		4,2
00-201 Alþingi	1.308,1	46,0	(13,4)	23,9	0,0	1.364,6	1.396,3	31,7		2,3
00-205 Framkvæmdir á Alþingisreit	100,0	0,0	40,3	0,0	0,0	140,3	62,9		(77,4)	(55,2)
00-301 Ríkisstjórn	129,6	2,4	0,0	4,5	0,0	136,5	131,7		(4,8)	(3,59)
00-401 Hæstiréttur	73,5	0,0	0,0	2,0	0,0	75,5	77,9	2,4		3,2
00-610 Umboðsmaður Alþingis	71,0	0,0	1,2	1,1	0,0	73,3	71,2		(2,1)	(2,89)
00-620 Ríkisendurskoðun	261,0	0,0	26,0	9,2	0,0	296,2	249,5		(46,8)	(15,89)
Alls	2.057,6	55,4	47,1	43,0	0,0	2.203,1	2.111,1	39,0	(131,1)	(4,29)

Aðalskrifstofur ráðuneyta

01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	143,1	20,7	(11,6)	35,7	0,0	187,9	187,6		(0,2)	(0,19)
02-101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	345,4	0,0	(1,6)	13,2	0,0	357,0	352,1		(4,9)	(1,49)
03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	606,8	2,0	(30,5)	71,0	5,0	654,2	667,7	13,5		2,1
04-101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	133,8	0,0	(1,2)	9,2	0,0	141,8	141,3		(0,5)	(0,49)
05-101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa	126,0	8,0	5,9	3,8	0,0	143,7	134,4		(9,3)	(6,59)
06-101 Dóms-og kirkjumálaráðun., aðalskrifstofa	192,8	0,0	1,0	15,0	0,0	208,8	201,8		(7,1)	(3,49)
07-101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	132,9	0,0	2,7	18,6	0,0	154,2	149,5		(4,7)	(3,19)
08-101 Heilbr.og tryggingam.ráðun., aðalskrifst	253,5	4,1	(3,8)	16,5	0,0	270,3	271,8	1,5		0,6
09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	396,0	7,9	9,1	35,7	0,0	448,7	413,6		(35,1)	(7,89)
10-101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	178,2	1,8	(16,7)	22,3	1,0	186,6	187,9	1,4		0,7
11-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	80,7	0,0	(3,1)	1,9	0,0	79,5	80,7	1,3		1,6
12-101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	102,1	0,0	(4,0)	10,1	0,0	108,2	108,1		(0,1)	0,0
14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	167,5	9,0	3,0	20,5	0,0	200,0	203,2	3,2		1,6
Alls	2.858,8	53,5	(51,0)	273,5	6,0	3.140,8	3.099,8	20,8	(61,9)	(1,3)

Menntastofnanir

02-201 Háskóli Íslands	3.269,1	80,0	217,1	324,7	106,0	3.996,9	3.703,5		(293,4)	(7,3)
------------------------	---------	------	-------	-------	-------	---------	---------	--	---------	-------

<i>Í m.kr.</i>	<i>Fjárlög</i>	<i>Fjárlög</i>	<i>Flutt frá fyrra ári</i>	<i>Millifært á árinu</i>	<i>Br. v. rek.- og mark. tekna</i>	<i>Fjárheimild samtals</i>	<i>Útkoma</i>	<i>Frávik yfir</i>	<i>Frávik undir</i>	<i>Frávik %</i>
02-210 Háskólinn á Akureyri	408,3	0,0	52,6	50,3	7,0	518,1	475,6		(42,5)	(8,2)
02-211 Tækniskóli Íslands	298,2	0,0	(102,4)	20,0	7,0	222,8	400,0	177,2		79,5
02-215 Kennaraháskóli Íslands	714,8	0,0	2,8	113,0	9,0	839,6	872,1	32,5		3,9
02-225 Viðskiptaháskólinn á Bifröst	60,7	0,0	0,0	27,4	0,0	88,1	88,1		0,0	0,0
02-227 Háskólinn í Reykjavík	279,2	0,0	0,0	38,1	0,0	317,3	317,3		0,0	0,0
02-228 Listaháskóli Íslands	275,7	0,0	0,0	17,2	(51,0)	241,9	291,3	49,4		20,4
02-301 Menntaskólinn í Reykjavík	240,9	14,5	37,7	51,3	0,0	344,4	321,6		(22,8)	(6,6)
02-302 Menntaskólinn á Akureyri	201,6	16,0	(1,0)	47,9	0,0	264,4	284,2	19,7		7,5
02-303 Menntaskólinn að Laugarvatni	70,7	3,5	(4,0)	14,4	0,0	84,6	97,7	13,1		15,5
02-304 Menntaskólinn við Hamrahlíð	334,4	21,5	36,8	93,3	18,0	504,0	471,8		(32,1)	(6,4)
02-305 Menntaskólinn við Sund	226,3	13,5	(21,8)	54,5	0,0	272,5	276,1	3,6		1,3
02-306 Menntaskólinn á Ísafirði	109,1	5,4	(8,3)	29,3	1,0	136,5	130,0		(6,5)	(4,7)
02-307 Menntaskólinn á Egilsstöðum	100,1	5,5	3,6	27,7	3,0	139,9	150,5	10,7		7,6
02-308 Menntaskólinn í Kópavogi	332,7	20,0	(122,1)	94,9	15,0	340,5	503,2	162,7		47,8
02-309 Kvennaskólinn í Reykjavík	167,3	9,9	4,8	39,8	0,0	221,8	208,8		(13,0)	(5,9)
02-316 Fasteignir framhaldsskóla	28,0	0,0	(37,3)	65,8	0,0	56,5	39,9		(16,5)	(29,3)
02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður	494,0	0,0	192,6	(48,0)	0,0	638,6	326,6		(312,0)	(48,9)
02-319 Framhaldsskólar, almennt	966,6	0,3	157,8	(329,4)	(3,0)	792,4	545,8		(246,6)	(31,1)
02-350 Fjölbautaskólinn í Breiðholti	463,3	31,0	(98,3)	130,1	29,0	555,1	629,8	74,7		13,4
02-351 Fjölbautaskólinn Ármúla	223,6	13,3	(36,1)	59,7	0,0	260,6	329,8	69,2		26,6
02-352 Flensborgarskóli	191,9	11,4	(22,7)	44,6	0,0	225,2	237,3	12,1		5,4
02-353 Fjölbautaskóli Suðurnesja	227,2	13,6	22,7	51,7	6,0	321,1	311,1		(10,0)	(3,1)
02-354 Fjölbautaskóli Vesturlands	208,7	13,6	(37,6)	52,8	0,0	237,5	297,8	60,3		25,4
02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	87,7	5,5	12,6	26,8	0,0	132,6	114,9		(17,7)	(13,3)
02-356 Fjölbautaskóli Norðurlands vestra	149,0	10,5	(37,9)	48,2	1,0	170,7	191,4	20,6		12,1
02-357 Fjölbautaskóli Suðurlands	269,3	17,0	23,7	67,4	0,0	377,4	326,1		(51,3)	(13,6)
02-358 Verkmenntaskóli Austurlands	85,3	3,9	4,6	19,8	0,0	113,6	108,0		(5,7)	(5,0)
02-359 Verkmenntaskólinn á Akureyri	391,4	26,4	(28,5)	80,7	35,0	505,0	557,5	52,5		10,4
02-360 Fjölbautaskólinn í Garðabæ	182,1	13,2	(3,0)	54,9	6,0	253,2	259,4	6,2		2,5
02-361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	41,4	2,8	(1,9)	8,5	0,0	50,8	50,9	0,1		0,2
02-362 Framhaldsskólinn á Húsavík	58,0	3,9	0,1	11,4	0,0	73,4	74,7	1,2		1,7
